# Fornleifaskráning Skagabyggðar

## Tjörn, Hafnir og Kaldrani



Guðmundur St. Sigurðarson
Bryndís Zoëga
Guðný Zoëga

**2009/90**

**Ljósmynd á forsíðu er af Klittarétt og fleiri minjum við Laxárvatn í landi Tjarnar**

**© Byggðasafn Skagfirðinga**
**2009/90**

# Efnisyfirlit

Inngangur ........ 2

Tjörn í Vindhælishreppi ........ 2
- Tjarnarkot ........ 17
- Tjarnarbúðir ........ 20
- Skálavík/Ranaskálavík/Ranaskáli ........ 21
- Tjarnarland ........ 22
- Hjallar/ Hjallaland ........ 26
- Litli-Krókur ........ 29

Hafnir í Vindhælishreppi ........ 40
- Hafnakot ........ 50
- Innri-Þrándarvík ........ 73
- Rif/Rifsbúðir ........ 75

Kaldrani í Vindhælishreppi ........ 87
- Hvalgarður ........ 97
- Hafnasel ........ 108

Samantekt ........ 116

# Inngangur

Sumarið 2008 voru skráðar fornleifar á 7 jörðum í Skagabyggð að beiðni sveitarfélagsins vegna aðalskipulagsgerðar. Um heildarskráningu var að ræða þar sem farið var á alla minjastaði sem þekktir eru úr heimildum, að einum undanskildum, auk þess sem farið var á líklega minjastaði.

Kostir heildarskráningar af þessu tagi eru ótvíræðir þar sem skráðar eru allar fornminjar sem tengjast einni jörð og nýtingu hennar; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja o.s.frv. Með því má öðlast yfirsýn yfir þær minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru eða mannavöldum. Auk þess að gefa mikilvægar upplýsingar um landnýtingu og byggðaþróun fyrri alda, er fornleifaskráning mikilvægt tæki til minjaverndar og nauðsynlegur undanfari allrar skipulagsgerðar.

Skráning á vettvangi fór fram í júní, júlí og ágúst 2008 og var í höndum Guðmundar St. Sigurðarsonar og Bryndísar Zoëga, sem og öll skýrslu- og kortagerð. Yfirumsjón með verkinu hafði Guðný Zoëga deildarstjóri Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga.

Ábúendum færum við þakkir fyrir leyfi til skráningar og leiðsögn og upplýsingar um byggingar og búhætti á jörðunum.

## *Tilgangur fornleifaskráninga*

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né

aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til." Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

## *Aðferð við skráningu*

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamla bæjarstæðið á Tjörn númerið 1. Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins. Til dæmis er kennitala fyrir bæjarstæði Tjarnar (Tjörn – 1) 10575.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. bústaður, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hversu mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túns eða í nágrenni þess séu í einhverri hættu vegna ábúðar á jörðinni en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða er til að ætla að þær kunni að verða fyrir hnjaski. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vefslóðinni http://fornleifavernd.is/index.php?pid=161.

Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í töflu aftast í skýrslunni. Minjarnar eru einnig mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Staðsetning minja er sett inn á hnitaðar loftmyndir frá Loftmyndum

ehf. í eigu sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum er skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins.

Endurgerð upprunalegra túnakorta og yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, lengd og breidd, hættumat og hættuorsök, auk þess er aldur minjanna gróflega áætlaður. Er þó rétt að hafa fyrir vara á slíku aldursmati nema þar sem áreiðanlegar heimildir fyrirfinnast. Aldur sem gefinn er upp í hnitatöflu er einungis til leiðbeiningar. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

## *Helstu minjaflokkar*

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna.

### Minjar í túni

***Bæjarstæði***

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Bæjarhólar varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

***Kirkjur*** voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á ***alkirkjum***, höfuðkirkjum (beneficum) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á ***hálfkirkjum***, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á ***fjórðungs-*** og ***þriðjungskirkjum*** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

***Bænhús*** voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

***Grafreitir*** voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrndir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

### Aðrar minjar

Stærsti minjaflokkurinn teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

### Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

***Fjós***: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.
***Fjárhús***: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.
***Hrútakofar***: Smærri kofar oft yst í túni.
***Lambhús***: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.
***Hesthús***: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.
***Smiðjur***: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.
***Kofar***: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.
***Brunnar***: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.
***Myllur***: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.
***Kvíar***: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

### Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

***Kuml/haugur/dys/kumlateigar***:Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Oft eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.
**Réttir:** Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabrúks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhald einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.
**Stekkir,** sem eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró, voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.
**Nátthagar:** Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á

næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ánna á daginn. Nátthaganna voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni.

**Sel:** Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

**Stöðull:** Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

**Beitarhús:** Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

**Smalakofar:** Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

**Heytóftir:** Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

**Fjárborgir:** Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

**Garðlög:** Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkja-garðar.

**Heyvinnsla:** Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

### Við sjó

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kann þar að finna nokkuð fjölbreyttar minjar.

**Sjóhús/verbúðir:** sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

**Fiskbyrgi:** Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.
**Hjallar:** Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.
**Naust/hróf:** Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.
**Uppsátur:** Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.
**Fiskgarðar:** Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað

# Tjörn í Vindhælishreppi - Söguágrip

Tjörn kemur fyrst fyrir í reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs frá árinu 1285.[1] Jörðin er aftur talin upp í eignaskrá Þingeyrarklausturs árið 1525 og auk hennar jarðirnar Minni-Krókur og Fagrabrekka sem þá voru í eyði.[2] Árið 1705 var jörðin enn undir klaustrinu, Tjarnarbúðir voru þá tvær, önnur í eyði en hin í byggð, hjáleiga frá heimajörðinni. Minni-Krókur og Fagrabrekka voru þá orðnar tóftir einar.[3] Árið 1847 var jörðin komin úr eigu Þingeyrarklausturs en var þó áfram í leiguábúð.[4]

**Náttúrufar og jarðabætur**

Land Tjarnar er um 2800he, ræktunarlandið er mest vestast í landareigninni undir Tjarnarfjalli lágu klettabelti sem liggur norður/suður, austan við bæinn. Þar hefur áður verið víðáttumikið mýrlendi en er nú ræst fram að stórum hluta. Ofan við klettabeltið taka við melar og stórgrýtisurð. Austur við Láxárvatn eru ræktuð tún og vel gróið land er umhverfis vatnið og í smá dölum og drögum upp með ám og lækjum en stórgrýtisurð á milli. Eftir því sem austar dregur er landið blautara og meira gróið.

Árið 1705 var jörðin metin á 16 hdr. og landskuld 2 álnir sem borgast skyldi í fiski eða hákarli til Þingeyrarklausturs. Leigukúgildi voru 4 og skyldi leigandi borga í smjöri eða vinna leiguna af sér með formennsku á skipi landsdrottins. Kvaðir engar nema að „fleyta skipi landsdrottins og fá menn til, meðan aflavon er um árið." Kvikfjé á jörðinni var þá 3 kýr, 16 ær, 1 sauður gamall, 2 veturgamlir, 2 lömb, 1 hestur og 2 hross. En álitið var að jörðin gæti framfleitt 2 kúm, 16 ám, 10 lömbum og 1 hesti.[5]

Í jarðabókinni frá 1705 segir orðrétt um ítök jarðarinnar:

> „Torfrista og stúnga næg en erfið til að sækja. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast vera en brúkast ei. Lýngrif og hrísrif til eldiviðar hefur verið nægt og er enn bjarglegt. Silúngsveiðivon á vetur í vötnum á Skagaheiði; hefur áður að þessari veiði gott gagn orðið en er nú svipul mjög, Selveiðivon í meðallagi, hefur áður mikil verið en bregst nú mjög, brúkast þó árlega. Rekavon lítil og hepnast sjaldan, hefur leiguliði það af rekanum, sem lög leyfa, hins nýtur klausturhaldarinn. Munnmæli eru að þessi jörð eigi beit í Saurafjöru, en er óvíst hvað mikla; sömu munnmæli segja, að Saurar hafi átt þar á móti engjatak ofan til við Laxárvatn, það er nú orðinn óberjuflói; þessi ítök hafa ei jarðirnar brúkað í fimtíu ár eður lengur." [6]

[1] Íslenskt fornbréfasafn II, bls. 250.
[2] Ísl. fornbr.s. IX, bls. 314.
[3] Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók VIII*, bls. 473-76.
[4] J. Johnsen. *Jarðabók*, bls. 243.
[5] Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók VIII*, bls. 473-76.
[6] Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók VIII*, bls. 473-76.

Um ástand jarðarinnar segir enn fremur:

„Túninu grandar snjóvatns sem rennur á það úr snarbröttu fjalli undan stórfönnum, sem í því liggja oftlega fram á sumar, og jetur þetta kalda vatn mjög víða úr rótina til stórskaða. Engjar eru gjöreyddar fyrir vatnsgángi og eru orðnar að graslausum svarðleysuflóa. En annarstaðar upp á heiði lángt frá, þó í heimalandi, má hafa nokkurn heyskap, en ábúandi er sjaldan so efnaður, að hann kunni að nýta sjer þetta jarðarinnar gagn, sem so er óbærilega erfitt. Hætt er kvikfje fyrir dýjum og skriðum og snjóflóðum úr fjalli, hefur oft að þessu mein orðið.“[7]

Árið 1705 eru tvær svokallaðar Tjarnarbúðir á Tjörn eins og áður segir, önnur í leigu og hin í eyði. Um fyrrnefndu segir að hún hafi áður verið talin með heimajörðinni í jarðamati. Landskuld er 30 álnir og stundum 20 og skal borgast í landaurum til heimabóndans eða með vinnuframlagi í formennsku. Leigukúgildi var ekkert og engar kvaðir. Kvikfé á Tjarnarbúð voru 1 kýr, 7 ær, 3 veturgamlir sauðir og 1 hestur. Metið var að jörðinn gæti fóðrað 1 kýr og 7 ær. „Sömu kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina, nema ekki má hjáleigumaður hafa skip fyrir landi, heldur rær hann jafnlega á skipum heimabóndans.“ [8]

Hin Tjarnarbúðin sögð byggð fyrir manna minni. Landskuld mest 30 álnir, stundum 20. borgaðist í landaurum til heimabónda. Engar kvaðir voru á jörðinni og ekkert leigukúgildi. Talið var að jörðin gæti fóðrað 1 kú og 6 ær og sagt að vel mætti byggja þar upp aftur ef fólk fengist til, en á þessum tíma var jörðin nytjuð frá Tjörn.[9]

Jörðin Fagrabrekka öðru nafni Jörfi sem almennt var kölluð Tjarnargerði árið 1705 mátti samkvæmt matsmönnum ekki byggja upp aftur „því túnstæði er ei annað en mjög lítill melur með grasleysumýrum annarsvegar. Þetta land brúkast nú til beitar frá heimajörðunni.“ [10]

Um Litla Krók segir að enn sjáist þar „[…] ljós byggíngarmerki af tóftarústum og garðaleifum.“[11] en þar hafi ekki verið byggt í manna minni. Árið 1705 var þar stekkur og stundum slegið umhverfis rústirnar. Metið var að þar mætti byggja upp aftur „[…] en þó ekki nema heimajörðunni til meins og skaða, því það skerðir gagn heimajarðarinnar, sem til hjáleigunnar yrði lagt.“[12]

Í Jarðabók Johnsens frá árinu 1847 er jörðin metin á 16 hdr., landskuld er þá. 0,100 og kúgildi 3,5, en af hreppstjóra aðeins metið 1,5 kúg. Í jarðabókinni kemur fram að árið 1842 sé Tjarnarsel talið með jörðinni en ekki sé minnst á það árin 1844 og 1845.[13]

Í Sýslu- og Sóknarlýsingum segir:

> „Hið efra, beint norður frá áður umgetnum bergum og fyrir norðan Laxá, er hátt fjall, hræðilega stórgrýtt og graslítið með hamraklettum að vestan, sem til sjávar veit. Undir þessum fjallklettum stendur Tjörn, 16 hndr. Þegar hingað er komið, hefur sjórinn myndað eitt mikið nes úr undirlendi allra Nesjajarða, því úr þessu

[7] Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók VIII*, bls. 473-76.
[8] Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók VIII*, bls. 473-76.
[9] Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók VIII*, bls. 473-76.
[10] Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók VIII*, bls. 473-76.
[11] Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók VIII*, bls. 473-76.
[12] Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók VIII*, bls. 473-76.
[13] J. Johnsen. *Jarðabók*, bls. 243.

gengur hann til austurs, og [er] þá alls ekkert undirlendi framar við eyðikot, Litla-Krók, sem þar stendur. Allar þessar Nesjajarðir saman eiga land uppi í heiðinni, selstöður og slægjulönd. Eru selin lítt notuð á sumrum, bæði vegna peningsfæðar og hins, að þá eru sjóróðrar tíðkaðar, því fiskur aflast hér aldrei nema um sólstöður og heyannatíma. Heyskapur er mjög erfiður í Nesjum, því nálega allan má hann til heiða sækja í brokflár og stargresisflóa yfir langa, grýtta og blauta vegi, en töðuafli rýr.“[14]

Í Nýrri Jarðabók frá árinu 1861 hefur jörðin hækkað umtalsvert í mati og telur nú 21,7 hundruð.[15]

Í Föðurtúni segir:

„Tjörn mun vera mjög gömul jörð, jafnvel eldri en Hafnir, því að land hennar nær saman við Víknalönd og alla leið austur á sýslumörk. [...] Mörg eyðikot eru í Tjarnarlandi, byggð af mönnum, sem stunduðu þar sjó, og voru sum þeirra jafnvel byggð eftir síðustu aldamót. Þau voru Tjarnarkot, heima yzt á túnjaðri, Fagrabrekka eða Jörfi undir brekkunni fyrir sunnan tún, Litli-Krókur úti við Landsenda, Tjarnarland niður við sjó, beint undan bænum. Hjallar nokkru utar, en Ranaskáli nokkru sunnar. Þar var síðar byggt upp aftur og kallað Skálavík. Loks Tjarnarbúð, ein eða tvær. Sum af þessum kotum voru byggð eftir síðustu aldamót, en byggðin varaði stutt. Suður við Laxá var Gullkelda, sem er talin meðal eyðijarða Þingeyraklausturs og ekki mun hafa verið í byggð í margar aldir, en örnefnið lifir þó enn. Uppi í heiðinni voru nýbýlin Tjarnarsel og Klauf sem fóru í eyði milli 1880 og 90. Þau stóðu upp með Laxá, austur af Svíðingsborgum.“[16]

Í Húnaþingi eystra segir að jörðin Tjörn átti mestallt land milli Laxár og Kerlingabjargs og drjúga spildu inn til heiðarinnar. Bæjarhúsin standa í góðu skjóli, vestan undir Tjarnarfjalli.[17]

---

[14] *Sýslu- og sóknarlýsingar I*, bls. 170.
[15] *Ný Jarðabók*, bls. 90.
[16] P. V. G. Kolka. *Föðurtún*, bls. 23.
[17] Jón Torfason. *Húnaþing eystra frá jöklum til ystu stranda. Árbók Ferðafélags Íslands 2007*, bls. 203.

# Fornleifaskrá

## *Minjar í heimatúni*




*Teikning 1, túnakort frá fyrri hluta 20. aldar lagt yfir loftmynd af Tjörn.*

**Tjörn-1**
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er bærinn sýndur í norðvesturhluta gamla túnsins, u.þ.b. við vesturenda núverandi fjóss.
**Lýsing**
Gamlibærinn stóð þar sem nú er vesturhluti syðra fjóssins á Tjörn og hefur að líkindum náð aðeins vestur fyrir það og norður í mið norðari húsin og allt að miðju syðra hússins til austurs.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Næstum nyrst í túninu var gamli bærinn og stóð hann nær því á sama stað og bærinn sem var á undan honum. Hlaða og fjós var áfast austan við bæinn.“ (ÖKE: 4).

**Tjörn-2**
**Hlutverk:** Fjós
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er bærinn sýndur í norðvesturhluta gamla túnsins og fjósið fast austan við, u.þ.b. fyrir miðju núverandi fjósi.
**Lýsing**
Þarna stendur steinsteypt fjós í dag og engar fornleifar sýnilegar.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Næstum nyrst í túninu var gamli bærinn og stóð hann nær því á sama stað og bærinn sem var á undan honum. Hlaða og fjós var áfast austan við bæinn." (ÖKE: 4).

**Tjörn-3**
**Hlutverk:** Skemma
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Skemma stóð u.þ.b. 5 m norðvestan við gamla bæinn." (ÖKE: 4).
**Lýsing**
Skemman hefur af lýsingum að dæma staðið við vesturenda syðra fjóssins eða á malarplaninu þar vestan við.
**Aðrar upplýsingar**
Hnitpunktur (A 436450 N 616930) var tekinn við vesturenda syðra fjóssins, en gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju á honum.

**Tjörn-4**
**Hlutverk:** Brunnhús
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „U.þ.b. 10 m suðvestur af bæjardyrum var brunnhús, byggt yfiruppsprettu. " (ÖKE: 4).
**Lýsing**
Brunnhúsið var neðan við bæinn um það bil 15m norðvestur af íbúðarhúsi Péturs. Fyllt hefur verið upp í brunninn en þó sér enn móta fyrir honum, lág þúst, um 10-20sm hærri en umhverfið og 1,5x1,5m á kant.

**Tjörn-5**
**Sérheiti:** Klíningshóll
**Hlutverk:** Þurrkvöllur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „U. þ. b. 50 m í suðaustur frá gamla bænum var hóll nefndur Klíningshóll." (ÖKE: 5).
**Lýsing**
Þarna er í dag sléttað tún og gamli afleggjarinn heim að bænum og að útihúsunum. Miðað við lýsingar í örnefnaskránni gæti hóllinn hafa verið u.þ.b. þar sem vegurinn skiptist.

**Aðrar upplýsingar**
Í athugasemdum varðandi örnefnaskrá segir: „Klíningshóll er smáhóll. Gamall maður sagði Þorgeiri, að þar hafði verið þurrkuð mykja. Hóllinn má nú heita horfinn.“ (ÖAV: 3).

**Tjörn-6**
**Sérheiti:** Taðbali
**Hlutverk:** Þurrkvöllur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „U. þ. b. 50 m í suðaustur frá gamla bænum var hóll nefndur Klíningshóll. Austan við hann var Leyningur frá norðri til suðurs. Sunnan Klíningshóls og vestan Leynings var lítill, sléttur blettur nefndur Taðbali. “ (ÖKE: 5).
**Lýsing**
Þarna er í dag sléttað tún og gamli afleggjarinn heim að bænum og að útihúsunum. Miðað við lýsingar í örnefnaskránni hefur hóllinn verið u.þ.b. þar sem vegurinn skiptist.
Í athugasemdum varðandi örnefnaskrá segir: „Tað var þurrkað á Taðbala.“ (ÖAV: 3).

**Tjörn-7**
**Sérheiti:** Dráputóft
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „U. þ. b. 50 m í suðaustur frá gamla bænum var hóll nefndur Klíningshóll. Austan við hann var Leyningur frá norðri til suðurs. Sunnan Klíningshóls og vestan Leynings var lítill, sléttur blettur nefndur Taðbali. Beint austur frá honum, u.þ.b. 20-30m, var Dráputóft.[…] Í suður frá Dráputóft var byggt 30 kinda hús árið 1929.“ (ÖKE: 5).
**Lýsing**
Hóll er í túninu suðaustur frá bænum um 20-30sm hærri en umhverfið og tvær dældið í hann nokkuð djúpar eða um 20-30sm. Sú vestari er um 2x3m að innanmáli en sú austari 2,5x3m. Vestari dældin er nokkuð dýpri.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Þar áttu eitt sinn að hafa drukknað 40 fjár, er krapastífla myndaðist fyrir framan húsið. “ (ÖKE: 5).

**Tjörn-8**
**Sérheiti:** Lambhús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Í suður frá Dráputóft var byggt 30 kinda hús árið 1929. Það var nefnt Lambhús. Rétt suðvestur af Lambhúsi, nálægt 40-60m eru fjárhús. Þar voru einnig fjárhús áður.“ (ÖKE: 5).
**Lýsing**
Þarna stendur í dag um $60m^2$ skemma með bárujárnsþaki.

**Aðrar upplýsingar**
Ekki er um eiginlegar fornleifar að ræða þar sem húsin voru ekki byggð fyrr en 1929, þau hafa hins vegar verið úr torfi og grjóti og eru því tekin með í þessari skráningu eins og önnur mannvirki sem bera vott um gamalt verklag.

**Tjörn-9**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Rétt suðvestur af Lambhúsi, nálægt 40-60m eru fjárhús. Þar voru einnig fjárhús áður. Rétt vestan við þau var fjárhúskofi, þar sem nú standa aðalfjárhús jarðarinnar, 300 kinda hús úr steinsteypu." (ÖKE: 5).
**Lýsing**
Búið er að jafna út allar minjar á þessu svæði og slétta undir heyrúllustæði.
**Aðrar upplýsingar**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd stór fjárhús (tæpir $250m^2$ ef marka má teikninguna), þar sem nú er heyrúllustæði austan við núverandi fjárhús og önnur minni hús (tæpir $100m^2$) þar sem fjárhúsið stendur í dag.

**Tjörn-10**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Rétt suðvestur af Lambhúsi, nálægt 40-60m eru fjárhús. Þar voru einnig fjárhús áður. Rétt vestan við þau var fjárhúskofi, þar sem nú standa aðalfjárhús jarðarinnar, 300 kinda hús úr steinsteypu." (ÖKE: 5).
**Lýsing**
Þarna standa steinsteypt fjárhús í dag og engin ummerki um eldri byggingar sýnilegar.
**Aðrar upplýsingar**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er teiknað fjárhús (tæpir $100m^2$) þar sem núverandi fjárhús frá 1967 standa.

**Tjörn-11**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. Aldar er sýndur matjurtagarðurinn fast sunnan við stór fjárhús sunnan við heimatúnið.
**Lýsing**
Miðað við túnakortið virðist matjurtagarðurinn að hluta hafa verið innan sléttaðs heyrúllustæðis sem er austan við núverandi fjárhús og náð nokkra metra suður inná túnið. Engin garðlög sáust á vettvangi.

**Tjörn-12**
**Hlutverk:** Heimreið
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Heimreiðin lá suðaustur-norðvestur heim að bænum.
**Lýsing**
Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hefur heim-reiðin þá legið til suðaustur frá bænum, u.þ.b. frá suð-vesturenda fjóssins og eftir hlaðinu norðan við eldra íbúðarhúsið og þaðan með nokkuð beina stefnu í hlið á túngarðinum sem enn er uppistandandi við suðaustanvert gamla túnið.


Mynd 1, hliðið á gamla túngarðinum( nr. 14). Horft er til suðausturs.

**Tjörn-13**
**Hlutverk:** Beðasléttur
**Tegund:** Jarðræktarsvæði
**Staðhættir:**
Í suðvesturhluta gamla túnsins á Tjörn eru leifar gamalla beðasléttа.
**Lýsing**
Fjórar lægðir milli beðasléttа eru greinanlegar í túninu, slétturnar sjálfar virðast hafa verið um 8-9m breiðar og 40-45m langar.

**Tjörn-14**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Túngarðurinn sést á tveimur stöðum, annars vegar norðan við gamla túnið og hins vegar við hliðið á gömlu heimreiðinni að suðaustan.
**Lýsing**
Sunnan við bæinn er garðurinn vel greinilegur á kafla, alls um 55m langur og liggur frá norðaustri til suðvesturs. Hlið er enn á garðinum þar sem heimreiðin lá í gegnum hann og þar er hann hæstur um 80-90sm hár en lækkar frá hliðinu til beggja átta niður í um 45sm þar sem hann er lægstur. Hann er mest um 120sm breiður. Hliðið, úr timbri er um 2,4m á breidd. Girðing leggur eftir garðinum sem er algróinn. Norðan við bæinn liggur garðurinn frá suðaustri til norðvesturs og er alls um 70m langur. Einnig liggur girðing eftir honum. Garðurinn er gróinn, hæstur um 70-80sm en víða er hann um 45sm hár. Breidd er um 150sm í grunninn.
**Aðrar upplýsingar**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er útjaðar túnsins sýndur á þessu svæði, sem og heimreiðin sem passar við hliðið á garðinum sé kortið borið við loftmynd. Á þeim tíma hefur hins vegar verið girt umhverfis gamla túnið með girðingu, líklega ofan á garðinum að norðan, en skurður lokað af túnið að vestan, og önnur girðing að sunnan töluvert sunnan við gamla túnið. Að austan hefur klettabeltið varið túnið.

**Tjörn-15**
**Sérheiti:** Kúagata
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Upp af Hlíðinni heitir Háafjall, þar sem Tjarnarfjall er hæst í norðaustur frá bænum. Sunnan við það er Kúagata upp frá Tjarnartúni norðanverðu.“ (ÖKE: 4).
**Lýsing**
Gatan sést enn greinilega þar sem hún gengur í sveig frá norðurenda túnsins til norðausturs og svo austurs upp á Tjarnarfjall.


Mynd 2, horft til austurs eftir túngarðinum á Tjörn að norðan, handan við veginn sést svokölluð Kúagata sem liggur í sveig uppá Tjarnarfjall.

**Aðrar upplýsingar**
Í athugasemdum varðandi örnefnaskrá segir: „Kúagata var brött gata, sem kýr fóru yfirleitt ekki. Þorgeiri var sagt, að nafnið væri til komið, af því að kýr hefði einhverju sinni farið þar.“ (ÖAV: 3).

**Tjörn-16**
**Sérheiti:** Kvíaból
**Hlutverk:** Kvíar
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Kvíaból er utangarðs suðaustur af Dráputóft. Það er að mestu komið undir veginn. “ (ÖKE: 5).
**Lýsing**
Hnitpunktur var tekinn samkvæmt tilsögn heimildamanns (Sveins Sveinssonar á Tjörn) í austanverðum vegkantinum um 45m suðaustan við skemmuna með bárujárnsþakinu þar sem Lambhúsin stóðu áður.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Kvíar stóðu á Kvíabóli og telur Þorgeir, að þar hafi verið fært frá fram undir 1910.“ (ÖKE: 5).

**Tjörn-17**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Rúmlega 200m suðsuðvestur af bæjarhúsum á Tjörn og 80m norður af Íshústóftinni er grjóthlaðið garðlag
**Lýsing**
Garðlagið er um 5m langt og liggur austur/vestur. Garðurinn er um 60sm hár og 80sm breiður og í framhaldi af honum er lágt, grasi vaxið garðlag um 30sm hátt og 40sm breitt, sem virðist vera undan girðingu. Það er um 9m langt.
**Aðrar upplýsingar**

Þessi hleðsla passar vel við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar. Þar er sýnd girðing sem hefur verið sunnan við gamla túnið og náð milli klettanna og skurðar sem liggur norður suður vestan túnsins. Það bendir því flest til að hleðslan sé frá sama tíma og girðingin, eða frá fyrri hluta 20. aldar.

**Tjörn-18**
**Hlutverk:** Íshús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Í suðaustur frá Tjarnartúni er Íshúsgeiri. Tóftir af Íshúsi eru norðan við hann.“ (ÖKE: 5).
**Lýsing**
Íshústóft er undir brekkunni, austur af þjóðvegi rúmlega 300m suðsuðaustur af bæjarhúsum á Tjörn. Grjóturð er ofan tóftarinnar og er grjót úr henni umhverfis tóftina og nokkrir stórir, grónir steinar eru í tóftinni hugsanlega hrun úr urðinni. Tóftin er grjóthlaðin en torf virðist vera efst á veggjum. Hæð veggja er um 75sm en breidd um 80sm. Grjóthleðslur standa vel og eru greinilegar en gróið er yfir þær á köflum. Breidd dyraops er um 60sm og er það á norðvesturhorni tóftar.


*Mynd 3, tóftir af íshúsi eru í Íshúsgeira. Horft er ofan úr brekkunni til vesturs.*

**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Í því var geymdur klaki og beitusíld.“ (ÖKE: 5). Í athugasemdum varðandi örnefnaskrá segir: „Íshús var tóft, þegar Þorgeir kom að Tjörn.“ (ÖAV: 3).

## *Tjarnarkot*

**Tjörn-19**
**Sérheiti:** Tjarnarkot
**Hlutverk:** Býli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í Föðurtúni segir: „Mörg eyðikot eru í Tjarnarlandi, byggð af mönnum, sem stunduðu þar sjó, og voru sum þeirra jafnvel byggð eftir síðustu aldamót. Þau voru Tjarnarkot, heima yzt í túnjaðri […].“ (FT: 23).
**Lýsing**
Engar tóftir sáust norðan við túngarðinn þegar farið var á vettvang í lok ágúst 2008, en hluti af svæðinu norðan við garðinn er í dag slétt tún.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá er ekki talað um Tjarnarkot en segir frá tóftum sem gætu átt við sömu staðsetningu og gefin er upp í Föðurtúni fyrir Tjarnarkot: „Um túngarðinn að norðan voru tóftir og sést enn þá móta lítillega fyrir þeim.“ (ÖKE: 4).

## *Njörvi/ Jörvi/ Fagrabrekka/ Tjarnargerði*

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705 segir: „Fagrabrecka, af sumum kallað Jörfe, en nú almennilega kallað Tiarnargierde, heitir eitt örnefni hjer í heimalandi, sem menn ætla áður jörð verið, og sjást hjer enn tóftarústir og garðaleifar, en enginn veit annað til, að hjer hafi bygð verið. Engin von er að hjer megi aftur byggja, því túnstæði er ei annað en mjög lítill melur með grasleysumýrum annarsvegar. Þetta land brúkast nú til beitar frá heimajörðunni." (JÁM VIII: 475-76). Í Föðurtúni segir: „Mörg eyðikot eru í Tjarnarlandi, byggð af mönnum, sem stunduðu þar sjó, og voru sum þeirra jafnvel byggð eftir síðustu aldamót. Sum af þessum kotum voru byggð eftir síðustu aldamót, en byggðin varaði stutt." (FT: 23). Í Húnaþingi eystra segir: „Við sjóinn voru verbúðir með meira og minna fastri búsetu og báru ýmis nöfn, Ranaskáli, Ranaskálarvík, Fögrubrekku, Jörfi og Tjarnargerði." (HE: 203). Svonefnd Gamla Rétt var á svipuðum slóðum og bæjarstæði Njörva (ÖKE: 5) og síðar voru þar matjurtagarðar á vegum Kvenfélagsins Heklu, svonefndir Heklugarðar.



*Mynd 4, horft til norðurs heim að Tjörn yfir bæjarstæði Njörva sem sléttað hefur verið í tún.*

**Tjörn-20**
**Sérheiti:** Njörvi/ Jörvi/ Fagrabrekka/ Tjarnargerði
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Suður frá Tjarnartúni voru Móar suður að merkjum Óss. Móar eru nú allir komnir í tún. Í þeim var Njörvi, gamalt eyðibýli, og Gamlarétt beint upp af Njörva. Njörvi stóð á dálitlum hól, og ber það nú hæst suður á túninu, séð frá bæ. Hóll þessi var u. þ. b. 70m norðan við merki. " (ÖKE: 5). Í Föðurtúni segir: „Þau voru Tjarnarkot, heima yzt á túnjaðri, Fagrabrekka eða Jörfi undir brekkunni fyrir sunnan tún, Litli-Krókur úti við Landsenda, Tjarnarland niður við sjó, beint undan bænum. Hjallar nokkru utar, en Ranaskáli nokkru sunnar. Þar var síðar byggt upp aftur og kallað Skálavík. Loks Tjarnarbúð, ein eða tvær." (FT: 23).
**Lýsing**
Jörfi var í túninu um 550m í suður frá bæjarhúsum á Tjörn, vestan við þjóðveginn. Búið er að slétta yfir býlið og einungis sést móta fyrir lágum og ávölum hólum í túnunum.

**Tjörn-21**
**Sérheiti:** Njörvi/ Jörvi/ Fagrabrekka/ Tjarnargerði
**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Suður frá Tjarnartúni voru Móar suður að merkjum Óss. Móar eru nú allir komnir í tún. Í þeim var Njörvi, gamalt eyðibýli, og Gamlarétt beint upp af Njörva. Njörvi stóð á dálitlum hól, og ber það nú hæst suður á túninu, séð frá bæ. Hóll þessi var u. þ. b. 70m norðan við merki. " (ÖKE: 5).

**Lýsing**

Ekkert sér eftir af túngarðinum sem hermt er að hafi verið umhverfis „Tjarnargerði" eins og það er kallað í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, sennilega hefur hann horfið við túnsléttun.

**Aðrar upplýsingar**

Í Jarðabók Á. M. og P. V. segir: „Fagrabrecka, af sumum kallað Jörfe, en nú almennilega kallað Tiarnargierde, heitir eitt örnefni hjer í heimalandi, sem menn ætla áður jörð verið, og sjást hjer enn tóftarústir og garðaleifar, en enginn veit annað til, að hjer hafi bygð verið. Engin von er að hjer megi aftur byggja, því túnstæði er ei annað en mjög lítill melur með grasleysumýrum annarsvegar. Þetta land brúkast nú til beitar frá heimajörðunni." (JÁM: 475-76).

**Tjörn-73**

**Sérheiti:** Gamlarétt

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Hóll

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „ Gamlarétt beint upp af Njörva. Njörvi stóð á dálitlum hól, og ber það nú hæst suður á túninu, séð frá bæ. Hóll þessi var u. þ. b. 70m norðan við merki. " (ÖKE: 5).

**Lýsing**

Jörfi var í túninu um 550m í suður frá bæjarhúsum á Tjörn, vestan við þjóðveginn. Búið er að slétta yfir býlið og einungis sést móta fyrir ávölum hólum í túnunum.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Gamlarétt mun hafa verið lögð niður, þegar Ósrétt var byggð og þá hlotið nafn sitt. Áður hét hún Tjarnarrétt." (ÖKE: 5). Í athugasemdum varðandi örnefnaskrá segir: „Gamlarétt var öll úr torfi." (ÖAV: 3). Síðar voru matjurtagarðar á vegum Kvenfélagsins Heklu þar sem réttin stóð, kallaðir Heklugarðar samkvæmt heimildamanni Sveini Sveinssyni.

## *Tjarnarbúðir*

Árið 1705 eru tvær svokallaðar Tjarnarbúðir á Tjörn eins og áður segir, önnur í leigu og hin í eyði. Um fyrrnefndu segir að hún hafi áður verið talin með heimajörðinni í jarðamati. Landskuld er 30 álnir og stundum 20 og skal borgast í landaurum til heimabóndans eða með vinnuframlagi í formennsku. Leigukúgildi var ekkert og engar kvaðir. Kvikfé á Tjarnarbúð voru 1 kýr, 7 ær, 3 veturgamlir sauðir og 1 hestur. Metið var að jörðin gæti fóðrað 1 kýr og 7 ær. „Sömu kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina, nema ekki má hjáleigumaður hafa skip fyrir landi, heldur rær hann jafnlega á skipum heimabóndans.“ [18]

Hin Tjarnarbúðin sögð byggð fyrir manna minni. Landskuld mest 30 álnir, stundum 20. borgaðist í landaurum til heimabónda. Engar kvaðir voru á jörðinni og ekkert leigukúgildi. Talið var að jörðin gæti fóðrað 1 kú og 6 ær og sagt að vel mætti byggja þar upp aftur ef fólk fengist til, en á þessum tíma var jörðin nytjuð frá Tjörn.[19]

Í Föðurtúni segir er sagt að á Tjörn hafi verið Tjarnarbúðir „ein eða tvær“ (FT: 23) og virðist frekar átt við sjóbúðir en eiginleg býli eins og talað erum í jarðabókinni frá 1705.

**Tjörn-22**
**Sérheiti:** Tjarnarbúð
**Hlutverk:** Híbýli/verbúð
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Staðsetning Tjarnarbúða er óþekkt.
**Lýsing**
Ekki reyndist unnt að tengja Tjarnarbúð óyggjandi einum minjastað fremur en öðrum en allmargir staðir koma til greina.

**Tjörn-23**
**Sérheiti:** Tjarnarbúð
**Hlutverk:** Híbýli/sjóbúð
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Staðsetning Tjarnarbúða er óþekkt.
**Lýsing**
Ekki reyndist unnt að tengja Tjarnarbúð óyggjandi einum minjastað fremur en öðrum en allmargir staðir koma til greina.

---

[18] Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók VIII*, bls. 473-76.
[19] Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók VIII*, bls. 473-76.

*Skálavík/Ranaskálavík/Ranaskáli*

Í örnefnaskrá segir: „ […] Býli var við Skálavík og hét það Skálavík eftir víkinni. Ennþá sést fyrir bæjarrústunum. Á þeim tóftum var síðan byggt hesthús. […] Skálavík hefur líklega farið í eyði 1922.“ (ÖKE: 2). Í sömu örnefnaskrá kemur fram að annað þekkt nafn á Skálavík sé Ranaskálavík. Í athugasemdum varðandi örnefnaskrá segir: „Byggð stóð stutt yfir í Skálavík. Þar bjó Frímann Guðjónsson, faðir bóndans á Tjörn, frá því eftir 1910 fram til 1922. Frímann Lárusson, sem bjó á Hjallalandi, var tengdasonur Frímanns Guðjónssonar. Þeir stunduðu sjóróðra í Kálfhamarsvík og höfðu nokkrar skepnur.“ (ÖAV: 2).

**Tjörn-24**
**Sérheiti:** Skálavík (Ranaskálavík eða Ranaskáli)
**Hlutverk:** Híbýli/Hesthús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**




Í örnefnaskrá segir: „Merki milli Óss og Tjarnar eru úr norðvesturhorni Laxárvatns – í þúfu á sunnanverðum Brúnkolluhamri. – Þaðan í hamar við sjó norðanvert í svonefndri Skálavík. […] Skálavík nær að Skálavíkurtanga. […]Skálavík var byggð úr Tjarnarlandi og stóðu bæjarhúsin örskammt frá sjó við norðanverða víkina.“ (ÖKE: 2). Í Föðurtúni segir: „Þau voru Tjarnarkot, heima yzt á túnjaðri, Fagrabrekka eða Jörfi undir brekkunni fyrir sunnan tún, Litli-Krókur úti við Landsenda, Tjarnarland niður við sjó, beint undan bænum. Hjallar nokkru utar, en Ranaskáli nokkru sunnar. Þar var síðar byggt upp aftur og kallað Skálavík. Loks Tjarnarbúð, ein eða tvær.“ (FT: 23). Í Húnaþingi eystra segir að Skálavík sé nánast í fjöruborðinu utan við Kálhamarsvík og fór það í eyði árið 1916 (HE: 202).

**Lýsing**

Bæjartóftin er um 85m norðnorðaustur af fjárhústóftinni. Veggir eru að hluta uppistandandi og töluvert spýtnabrak er í tóftinni. Veggir eru mest um 100sm háir og breidd veggja er um 1-1,5m. Á köflum eru þeir nokkuð stæðilegir. Tóftin er á kafi í grasi en þó má greina grjót í veggjum á stöku stað, uppistaðan virðist þó vera torf. Tóftin skiptist í tvö allstór hús. Austari hlutinn er 3x4m að innanmáli og snýr norður/suður. Veggir eru mikið rofnir til norðurs. Dyr gætu hafa verið til suðurs. Vestari tóftin er verr farin, veggir aðeins um 15-30sm háir og mikið útflattir. Upp við austurvegginn sést glitta í það sem virðist vera steyptur skorsteinn undir spýtnabraki og torfi.

**Tjörn-25**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Merki milli Óss og Tjarnar eru úr norðvesturhorni Laxárvatns – í þúfu á sunnanverðum Brúnkolluhamri. – Þaðan í hamar við sjó norðanvert í svonefndri Skálavík. […] Skálavík nær að Skálavíkurtanga. […] Skálavík var byggð úr Tjarnarlandi og stóðu bæjarhúsin örskammt frá sjó við norðanverða víkina. Fjárhús Skálavíkur voru stutt suður af bænum, fast suður undir merkjum.“ (ÖKE: 2).

**Lýsing**

Skálavík er vestan við syðstu túnin, tæplega 900m suðvestur af bænum. Fjárhús með hlöðu stóðu sunnar, hæð veggja er um 30-40sm og breidd um 90-100sm. Tóftin snýr austur/vestur og er hlaða eða heytóft til austurs en hugsanlega einhölukró eða kofi norðan við. Syðst er mjög greinilegur veggur hlaðinn úr torfi og grjóti, 40sm hár og 90-100sm breiður. Þá kemur að því er virðist garði, einnig um 40sm hár og 1m breiður. Króin á milli er um 160sm breið og 3m löng en brotið er af vestur hluta tóftar og því óvíst hvort það er raunveruleg lengd. Töluvert grjót er í báðum þessum hleðslum en þó meira í garðanum sem er nær eingöngu úr grjóti. Veggjalög norðan hans eru ósljósari en svolítið aflöng upphækkun gæti bent til veggjar um 150m norðan við garðann um 1m á breidd. Um 150sm norðan hans er annar greinilegur veggur um 30-40sm hár og 100-120sm breiður, nokkuð rofinn og þýfður. Greinileg torf og grjóthleðsla sést í sniði að vestan. Heytóftin eða hlaðan er algróin og heilleg, hæð veggja um 40sm og breidd um 60-70sm.




## *Tjarnarland*

Í Föðurtúni segir um gömul býli í landi Tjarnar: „Þau voru Tjarnarkot, heima yzt á túnjaðri, Fagrabrekka eða Jörfi undir brekkunni fyrir sunnan tún, Litli-Krókur úti við Landsenda, Tjarnarland niður við sjó, beint undan bænum. Hjallar nokkru utar, en Ranaskáli nokkru sunnar. Þar var síðar byggt upp aftur og kallað Skálavík. Loks Tjarnarbúð, ein eða tvær.“ (FT: 23).

**Tjörn-26**
**Sérheiti:** Tjarnarland
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Lýsing**

Minjarnar virðast tilheyra a.m.k. tveimur byggingarskeiðum, efst er að því er virðist fjórskipt tóft hlaðin úr grjóti en strengur virðist hafa verið á milli og meira torf í austurhluta hennar. Dyr hafa verið inn að vestan og þar komið inn í það sem virðist tvískipt rými, 3x4m að innanmáli. Lágur milliveggur hólfar hana niður í miðju frá austri til vesturs og virðist hafa verið dyr til austurs af veggnum, hugsanlega er þetta garði. Útveggir eru 1-1,5m breiðir og um 70 til 90 sm háir og að mestu grjóthlaðnir. Austan við eru önnur tóft sem virðist einnig tvískipt, veggir eru lægri og óljósari og tóftin 5x2,5m að innanmáli. Enn fleiri tóftaleifar eru á og utan í hólnum sem virðast frá eldra byggingarskeiði.



**Tjörn-27**
**Sérheiti:** Tjarnarland
**Hlutverk:** Býli
**Tegund:** Tóft
**Lýsing**
Undir og umhverfis áðurnefndar tóftir (nr. 25) er fjöldi eldri tóftaleifa. Framan við að vestan er fremur óljós lág tóft, 3,5x2m að innanmáli með um 150sm breiða veggi og um20-30sm háa. Dyr gætu hafa verið til vesturs inní þessa tóft. Austan við tóftirnar (nr. 25) eru auk þess tvær óljósar tóftir, sú norðari er 3x4m að innanmáli, breidd veggja er um 110sm og er það jafnframt útveggur. Veggjahæð er mest um 20sm til norður og þar sér í grjót í vegg en aðrir veggir eru óverulegir. Þar sunnan við er tóft, 4x2m að innanmáli. Mesta hæð veggja er um 40sm á millivegg til vesturs. Aðrir veggur eru 15-20sm en veggur til suðurs nánast horfinn. Breidd er um 100sm og sér í grjót í veggjabrúnum. Í halla suður undir bæjarhólnum er tóft 1,5x2m að innanmáli. Hæð veggja er um 30sm, þeir eru grónir en víða sést í grjót í veggjum og eru nokkuð stórir steinar í útbrún til austurs. Tóftin er opin til suðurs. Austast í bæjarþyrpingunni virðast vera veggjalög en afar óljós en hugsanlegt er að þar hafi staðið einhver hús. Þessar tóftir virðast allar tilheyra eldra byggingarskeiðum en nr. 25 en þau gætu verið nokkur.




**Tjörn-28**
**Sérheiti:** Tjarnarland
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæpa 40m norðan við bæjarstæðið á Tjarnarlandi er grjóthlaðin tóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur nálega norður suður og er opin til suðurs og dyr eru norðarlega á vesturvegg og er dyraopið um 80sm breitt. Það sem eftir stendur af veggjum er mest úr grjóti, 1,5m breiður grunnur, mikið hruninn á köflum. Grjóthleðslur ná mest 130sm hæð en mesta vegghæð er um 160sm. Í norðausturhorni er einföld steinaröð sem myndar ferhyrning í horni tóftarinnar um 1x1m að ummáli. 1,5m sunnar er ferhyrnd steinlögn út frá austurvegg sem einnig er um 1x1m að ummáli.



*Mynd 5, tóft norðarlega innan túns á Tjarnarlandi. Horft er til norðausturs.*

**Tjörn-29**
**Sérheiti:** Tjarnarland
**Hlutverk:** Óþekkt/(grunnur undan fiskhjalla?)
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Tæpa 15m suðvestur af áberandi grjóthlaðinni tóft á Tjarnarlandi er hleðsla eða steinlögn fram á bakkanum.
**Lýsing**
Ekkert torf virðist hafa verið í hleðslunni, sem er óvönduð eða mikið hrunin. Sjórinn hefur brotið af vesturhluta mannvirkisins svo lögun þess verður ekki greind með vissu, en eftir stendur um13m langur veggur sem liggur NNA/SSV og beygir til suðvesturs neðst. Um 3ja metra þverveggur er við langvegginn að vestanverðu. Breidd veggja er 70sm og hæð um 15-20sm.



*Mynd 6, óþekkt hleðsla á leið í sjó fram, norðarlega á Tjarnarlandi. Horft er til NNA.*

**Tjörn-30**
**Sérheiti:** Tjarnarland
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
Um 12m austur af grjóthlaðinni tóft á Tjarnarlandi er óljós tóft eða þúst.
**Lýsing**
Lítil tóft er um 12m austur af áður skráðri tóft. Mjög illa farin og mikið hrunin. Mikið grjót er í veggjum. Tóftin er opin til norðurs en engar aðrar dyr greinanlegar. Þústin er um 30-40sm há og 5x6m að ummáli.

**Tjörn-31**
**Sérheiti:** Tjarnarland
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Skurður/garðlag
**Staðhættir**
Umhverfis tóftirnar á Tjarnarlandi er skurður eða garðlag
**Lýsing**
Skurður eða garðlag undan girðingu liggur umhverfis kotið, alls um 250m að lengd. Skurðurinn er um 10sm djúpur og 1m breiður en garðlagið um 10-50sm hátt og 50sm breidd.
**Aðrar upplýsingar**
Garðlagið virðist of veigalítið til að geta verið gripheldur túngarður öðruvísi en girt hafi verið með vír ofan á. Skurðurinn gæti verið tilkominn vegna efnistöku í garðinn en einnig er hugsanlegt skurður hafi verið grafinn til að þurrka upp túnið í kringum Tjarnarkot og „garðlagið“ sé aðeins uppmokstur.

**Tjörn-32**
**Hlutverk:** Mógröf
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Tæplega 500m norðvestur af bæjarhúsum á Tjörn eru mógrafir út við sjó.
**Lýsing**
Grafirnar eru um hálfur hektari að ummáli. Mógrafarsvæðið nær frá fjörunni og um 70m til austurs. Þær eru um 150sm þar sem þær eru dýpstar og hefur töluverður mór verið tekinn þarna.




**Tjörn-33**
**Hlutverk:** Mótóft
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir og lýsing**
Um 50m norðan við mógrafirnar er lítil tóft, aflöng um 5,5x3m að utanmáli. Veggir eru um 25sm háir, þýfðir en að mestu slétt inn í tóftinni. Tóftin er gróin.

**Tjörn-34**
**Hlutverk:** Mótóft
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir og lýsing**
Vestan106 við norðurhluta grafanna er önnur tóft. Tóftin er vel græn og sker sig úr umhverfi, stendur á smá hól er um 30-40sm hátt. Veggir eru þýfðir og alveg horfnir mót norðri og einnig

hluti af vesturvegg. Tóftin liggur austur af fjörunni og nær fjörugrjót alveg upp að tóftinni að vestan.

**Tjörn-35**
**Hlutverk:** Mótóft
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir og lýsing**
Vestan við suðurhluta mógrafanna tóft á smá hóli, vel grænum sem sker sig úr umhverfinu. Tóftin er 9x8m að utanmáli, veggir greinilegir til austurs og vesturs, um 80sm breiðir og 20-30sm háir en óljósar veggjaleifar eru til norðurs og suðurs. Dyr virðast hafa verið til suðurs.

**Tjörn-36**
**Hlutverk:** Mótóft
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir og lýsing**
Skammt vestan við áðurnefnda tóft virðist móta fyrir annarri tvískiptri niðurgrafinni tóft. Veggir eru ekki greinanlegir lægðirnar eru um 20sm djúpar, óreglulegar með ávölum brúnum, saman um 5x3m að ummáli.

**Tjörn-37**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir og lýsing**
Norðan við vesturenda mógrafanna **(nr. 32)** er smá hóll, grænn og sker sig úr umhverfi og að líkindum hefur verið mótóft þar en aðeins eru nokkrar þúfur eftir um 15sm háar.

**Tjörn-38**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir og lýsing**
Skammt frá norðaustur horni mógrafanna **(nr. 32)** er grænn hóll sem sker sig úr umhverfinu og gæti hafa staðið þar mókofi eða mó verið staflað þar til þerris. Hóllinn er um 20sm hærri en umhverfið og 7,5m í þvermál.

**Tjörn-39**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir og lýsing**
Sunnan við mógrafirnar **(nr. 32)** er sporöskjulaga hóll um 20sm hár og töluvert grænni en umhverfið. Hóllinn er um 5x3m að ummáli.

## *Hjallar/ Hjallaland*

Í Föðurtúni segir um býli í landi Tjarnar: „Mörg eyðikot eru í Tjarnarlandi, byggð af mönnum, sem stunduðu þar sjó, og voru sum þeirra jafnvel byggð eftir síðustu aldamót. Sum af þessum kotum voru byggð eftir síðustu aldamót, en byggðin varaði stutt. Þau voru Tjarnarkot, heima

yzt á túnjaðri, Fagrabrekka eða Jörfi undir brekkunni fyrir sunnan tún, Litli-Krókur úti við Landsenda, Tjarnarland niður við sjó, beint undan bænum. Hjallar nokkru utar, en Ranaskáli nokkru sunnar. Þar var síðar byggt upp aftur og kallað Skálavík. Loks Tjarnarbúð, ein eða tvær." (FT: 23). Í Húnaþingi eystra segir: „Þar sem brekkan [Brekknabrekka] og bjargið [Kerlingarbjarg] rís var stekkur en Hjallar hétu niður við sjóinn." (HE: 203). Á sjávarbakkanum, um 230m suðsuðvestur af stekknum og um 1,3km norður af bænum eru tóftir. Tóftir eru þar sem bærinn stóð og er svæði þetta alltaf nefnt Hjallar." (ÖKE: 2).






*Mynd 7, tóftir á Hjalla, horft til suðurs.*

**Tjörn-40**
**Sérheiti:** Hjallar/Hjallaland
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóftir
**Lýsing**
Tóftasamstæðan er tví- eða þrískipt og snýr norðvestur/suðaustur. Tóftirnar eru algrónar og hvergi sér í grjót. Veggir eru þýfðir, grasi grónir og tóftirnar eru þýfðar að innan og því erfitt að greina innveggi. Syðsta tóftin er 3x2,5m að innanmáli. Hæð veggja að innan um 30sm en að utan um 50sm. Breidd er um 100sm, dyr snúa mót suðvestri. Þar norðan við er tóft eða sund, aflokað af veggjum í báðar áttir og virðist hugsanlega vera veggur inn í því. Það stendur nokkuð lægra en tóftirnar sem eru sunnan og norðan við, en syðsta tóftin stendur hæst allra tóftanna. Hæð veggja er um 20sm og breidd þeirra um 80sm, innanmál er 1,3x2,6m. Nyrst er tóft sem er 3x2,5m að innanmáli, hæð veggja er um 20sm og breidd þeirra um 80sm.

**Tjörn-41**
**Sérheiti:** Hjallar
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir og Lýsing**
Um 3m norðvestur af tóftasamstæðunni á Hjalla/Hjallalandi, alveg fram á sjávarbakkanum er tóft. Tóftin snýr norðaustur/suðvestur, 3x4m að utanmáli og eru dyr mót suðvestri. Hugsanlega lítill kofi. Hæð veggja er um 20-40sm og breidd um 60-80sm, breiðastur til suðurs þar sem hann er nokkuð hruninn. Tóftin er algróin.

**Tjörn-42**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í Húnaþingi eystra segir: „Þar sem brekkan [Brekknabrekka] og bjargið [Kerlingarbjarg] rís var stekkur en Hjallar hétu niður við sjóinn.“ (HE: 203). Grjóthlaðinn stekkjartóft er rúmlega 1,5km norður af bæjarhúsum á Tjörn, þar sem heitir Landsendi.




**Lýsing**
Tóftin virðist þrískipt, liggur norður/suður og snúa dyr mót suðri. Grjót hefur fallið úr urðinni ofan við tóftina og einnig austan hennar, vegghleðslur standa þó ágætlega nema á parti suðaustast í stærstu tóftinni sem er töluvert hruninn. Veggir eru 80sm breiðir en breiðastir um 100-120sm. Tóftirnar eru þrjár og liggja frá vestri til austurs. Stærsta króin er lengst til austurs, að líkindum rétt, 7x2-3m að innanmáli. Veggir hæstir 75sm en annars um 30-60sm. Króin næst til vesturs er 5-1,5m að innanmáli, veggir 30-50sm háir nema til norðurs þar 75sm. Vestan við króna er lítil niðurgrafin tóft 1,4x0,8m að innanmáli, og um25sm djúpt niður í hana og virðast vera steinhleðslur í köntum.

**Tjörn-43**
**Sérheiti:** Torfdalur
**Hlutverk:** Torfrista
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Nokkru austan við Kerlingarbjarg er Torfdalur frá norðri til suðurs.“ (ÖKE: 3).
**Lýsing**
Engin merki um torftöku sáust á vettvangi.

**Tjörn-44**
**Sérheiti:** Grafarbrekka
**Hlutverk:** Mógröf
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Þar sem Vestur – Núpur myndast á Kerlingarbjarginu að sunnan heitir Grafarbrekka.“ (ÖKE: 3).
**Lýsing**
Mógrafir allt að 50sm djúpar eru á sléttum bala fremst á brún neðan við Grafarbrekkuna. Mógrafirnar eru um það bil 90m$^2$ að flatarmáli.



*Mynd 8, mógrafir undir Grafarbrekku sunnan undir Kerlingarbjargi. Horft til suðurs.*

## *Litli-Krókur*



*Mynd 9, horft suðvestur yfir bæjarstæði Litla-Króks, norðan við Tjörn. Bæjarhóllinn er þar sem símastaurinn stendur í túninu og þar norðan við.*

Sagt er frá eyðibýlinu Litla-Krók í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1705, þar segir: „Litle Krokur, forn eyðijörð í heimalandi, sjást hjer enn ljós byggíngarmerki af tóftarústum og garðaleifum. Hjer er nú stekkur frá heimajörðunni, og er því stundum slegið nokkuð í gömlu rústunum og þar í kríng; enginn minnist að hjer hafi bygð verið. Aftur má hjer byggja, en þó ekki nema heimajörðunni til meins og skaða, því það skerðir gagn heimajarðarinnar, sem til hjáleigunnar yrði lagt.“ (JÁM VIII: 476). Ekki virðist hafa verið byggt aftur á þessum stað þótt mörg smábýli í landi Tjarnar hafi verið í byggð fram á 20.öld (FT: 23). Í Húnaþingi eystra kemur hins vegar fram að við sléttun á þessum stað hafi komið í ljós „[…] hleðslugrjót og ýmsar byggingaleifar.“ (HE: 203).

**Tjörn-45**
**Sérheiti:** Litli - Krókur
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Bæjarhóll
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við Landsenda er Litli – Krókur, eyðibýli rétt fyrir neðan þjóðveginn." (ÖKE: 4). Í Föðurtúni segir: „Þau voru Tjarnarkot, heima yzt á túnjaðri, Fagrabrekka eða Jörfi undir brekkunni fyrir sunnan tún, Litli-Krókur úti við Landsenda, Tjarnarland niður við sjó, beint undan bænum. Hjallar nokkru utar, en Ranaskáli nokkru sunnar. Þar var síðar byggt upp aftur og kallað Skálavík. Loks Tjarnarbúð, ein eða tvær." (FT: 23). Í Húnaþingi eystra segir: „Litli-Krókur, sem rímar við Landsenda og Krók undir Brekknabrekku, var rétt vestan núverandi þjóðvegar þar sem túnið rís hæst." (HE: 203).
**Lýsing**
Bæjarhóll Litla-Króks er í túni tæplega 1km norður af Tjarnarbænum. Norðan við Tjörn og skammt neðan við þjóðveginn þar sem hann byrjar að fara upp Tjarnarbrekku. Hóllinn hefur verið sléttaður út. hann er ögn aflangur frá norðri til suðurs um 29x30m. Landið hækkar nokkuð til austurs og er hólinn á brún þessarar hækkunar um 1m hærri en umhverfið til norðurs en á að giska 3m hærri en landið til vesturs og suðurs. Ekki er hægt að greina byggingaleifar á hólnum en þó er hann ekki rennisléttur. Fast austan í hólnum hefur verið grafinn lítill skurður meðfram veginum upp brekkuna og sker hann örlítið af austur hlið hólsins.

**Tjörn-46**
**Sérheiti:** Litli - Krókur
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir og lýsing:**
Túngarður liggur austur-vestur norðan við bæjarhól Litla-Króks og sést vel á um 90m kafla. Garðurinn er allt að 80sm hár að norðanverðu en meira aflíðandi og lægri frá umhverfinu sunnan við, mest um 40sm hár. Þar sem garðurinn er allur vel gróinn, þar sem hann virðist hvað minnst hruninn er hann um 150sm breiður annarstaðar yfir 2m á breidd.


*Mynd 10, horft til vesturs yfir túngarðinn á Litla-Krók norðan við Tjörn.*

**Tjörn-47**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við Landsenda er Litli – Krókur, eyðibýli rétt fyrir neðan þjóðveginn." (ÖKE: 4).
**Lýsing**
Bæjarhóll Litla-Króks er enn sýnilegur þótt hann hafi að hluta verið sléttaður út, engin byggingamerki eru greinanleg.
**Aðrar upplýsingar**
Í Jarðabók Árna Magnússonar segir: „Litle Krokur, forn eyðijörð í heimalandi, sjást hjer enn ljós byggíngarmerki af tóftarústum og garðaleifum. Hjer er nú stekkur frá heimajörðunni, og

er því stundum slegið nokkuð í gömlu rústunum og þar í kríng; enginn minnist að hjer hafi bygð verið.“ (JÁM VIII: 476).

**Tjörn-48**
**Sérheiti:** Tjarnarbrú
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „[...] norður af túninu, er Tjarnarurð, gamalt hrun úr fjalli. [...] Þjóðvegurinn liggur neðst í Tjarnaurð. Þar var feiknalegt stórgrýti og vegagerð erfið. Var vegurinn því hlaðinn þarna upp um 1880 og hét þar Tjarnarbrú. “ (ÖKE: 4).
**Lýsing**
Núverandi vegur liggur á sama stað.

**Tjörn-49**
**Sérheiti:** Brunndý
**Hlutverk:** Vatnsból
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Ofan við malir milli Hjalla og Skálavíkur heita Versli, dýjaveitur í Tjarnarflóa. Þar upp af hækkar flóinn og heita Enni. Þaðan í norðaustur er Drápudý og Brunndý.“ (ÖKE: 4).
**Lýsing**
Búið er að grafa skurði og þurrka upp allt þetta svæði.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Nú hefur skurður verið grafinn ofan við Drápudý og er því vatn að mestu horfið úr því. Brunndý hefur nú verið ræst fram.“ (ÖKE: 4). Í athugasemdum varðandi örnefnaskrá segir: „Fé var brynnt í Brunndýi. Það er með möl í botni og ekki hættulegt skepnum. (ÖAV: 2).

**Tjörn-50**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Ekki er ljóst nákvæmlega hvar þessi lending kunni að hafa verið.
**Aðrar upplýsingar**
Í Jarðabók Á. M. og P. V. segir: „Heimræði er hjer um voru, sumar og haust og ein lendíng fyrir landi, grýtt og erfið […].“ (JÁM VIII: 475).




**Tjörn-51**
**Sérheiti:** Tjarnarrétt eða Klittarétt
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Norðaustur af Laxárvatni er torfhlaðin rétt undir Klittabrekku.
**Lýsing**
Veggir eru hlaðnir úr klömbru með streng á milli. Réttin er átthyrnd 35x35m að utanmáli en almenningurinn um 17m að þvermáli. Hæsti veggur er 170sm að hæð til norðvesturs. Breidd veggja er um 120sm. Rekið hefur verið inn í réttina að sunnan og þar er um 11m langt garðlag til aðhalds að vestanverðu.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Hún er einnig stundum nefnd Klittarétt.“ (ÖKE: 6). Í athugasemdum varðandi örnefnaskrá segir: „Seinni Tjarnarrétt var öll úr torfi eins og eldri réttin nema milligerðir milli dilka, sem voru úr timbri. Nú hefur hún verið lögð niður.“ (ÖAV: 3). Í Húnaþingi eystra segir: „Ný rétt var reist innar í landinu árið 1926 hjá Laxárvatni og nefnist Tjarnarrétt (eða Klittarétt) enda í landi þess bæjar. Var réttað þar um áratuga skeið uns réttin upp með Fossá var byggð.“ (HE: 202).

**Tjörn-52**
**Hlutverk:** Óþekkt/ Nautarétt?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæpa 20m austur af Klittarétt er aflöng tvískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur NNA-SSV upp í brekku og er minni tóft áföst við hana að sunnan. Munnmæli er um að þetta sé gömul nautarétt og er hún mjög forn að sjá. Veggir eru töluvert sokknir, um 150-200sm breiðir og 50-70sm háir, grjót sést á einum stað þar sem rof er í vegg, en annars eru veggirnir heillegir og lyngi grónir. Innanmál réttar er um 6x17m. Hlið hefur verið mót

suðri og vestan við það hlið inn í minni tóftina sem er 2,5x3m að innanmáli með um 30sm háa veggi.

**Tjörn-53**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 30m suðaustur af „nautaréttinni“ er tvískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur eins og hinar NNA-SSV og er gömul að sjá, veggir hlaupnir í þúfur og tóftin alveg fallinn inní umhverfi sitt og því illgreinanleg. Ummál tóftarinnar er 10x7m, og innanmál nyrðri hluta er 3x2m en syðri 1,4x1m. Hæð veggja er um 30-45sm. Tóftin er algróin en þó sér í grjótkant í rofi á einum stað. Innangengt virðist milli „hólfa“ en dyr ekki greinanlegar. Mesta breidd veggja er um 2m.

**Tjörn-54**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Suðaustan við tvískiptu tóftina er hóll og á honum tóft, tví- eða jafnvel þrískipt.
**Lýsing**
Hóllinn er alveg hlaupinn í þúfur og tóftin fallinn í umhverfi sitt. Ein tóft er greinileg 3x2,5m að innanmáli og í henni tvö stór hellugrjót reist uppá rönd eins og báshellur og bendir það til að þarna kunni að hafa verið fjós. Annað minna hólf er norðan við u.þ.b. 2x1m að innanmáli og hugsanlega það þriðja vestar en ómögulegt var að meta innanmál þess. Hæð veggja er mest um 40sm. Hóllinn liggur nálega norður/suður, hann er lyngi vaxin og virðist tóftin mjög gömul.

**Tjörn-55**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæplega 20m suðaustar er annar hóll og tóft á honum.
**Lýsing**
Tóftin er alveg hlaupin í þúfur og erfitt að greina innra skipulag. Þó er smá dæld, hugsanlega tvískipt, í tóftina og í henni samskonar hella og fannst í áður skráðri tóft. Syðst á hólnum er stakur greinilegur veggur 1-1,5m að breidd og 60-100sm á hæð. Tóftin liggur norðaustur/suðvestur, hún er lyngi vaxin og virðist mjög gömul.

**Tjörn-56**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæplega 10m austar er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er hlaupin í þúfur, um það bil 9,5x5,5m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur og. Innanmál er 4,5x2,5m og dyr mót suðvestri. Hæð veggja er um 45sm og breidd um 1-2m en

erfitt er að meta það sökum þess hve veggir eru þýfðir. Tóftin er lyngi vaxin og virðist mjög gömul.

**Tjörn-57**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæplega 10m norðar (ofar í brekkunni) virðist vera lítil kofatóft.
**Lýsing**
Lítil tóft með dyr til suðurs. Erfitt er að greina hvort veggir séu inní tóftinni sem er lyngi vaxin, þýfð og hvergi sér í grjót í veggjum. Breidd veggja er mest um 100sm og utanmál tóftar er 2,5x2,5m.

**Tjörn-58**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Á brekkubrúninni norðaustur af réttinni og tóftunum er varða.
**Lýsing**
Hleðslan er 1,6x2,2m að ummáli, og myndar hornréttan vinkil og er í tveimur stöllum, suðvesturhliðin hærri um 170sm en suðaustur hliðin um 50sm há.
**Aðrar upplýsingar**
Hugsanlega hefur þetta verið hlaðið upp sem skjól af einhverju tagi.

**Tjörn-59**
**Hlutverk:** Smalabyrgi
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Rúmlega 200m norður af Laxárvatni eru tvö smalabyrgi.
**Lýsing**
Það nyrðra er 2,5x2,5m að ummáli og 70sm á hæð en veggir 50sm breiðir.




**Tjörn-60**
**Hlutverk:** Smalabyrgi
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Rúmlega 200m norður af Laxárvatni eru tvö smalabyrgi.
**Lýsing**
Það syðra er 2x1,5m að ummáli, veggir eru 60sm á hæð og um 60sm breiðir.



## *Tjarnarsel*

Um 8km frá bæ á Tjörn, upp með Laxá, er Tjarnarsel. Tjarnarsel er nánar til tekið vestan við Þríhólmavatnsurðir en austur af Sviðníngsborgum (ÖAV: 3; FT: 23). Í Húnaþingi eystra segir: „Tjarnarsel […] mun eitthvað hafa verið í byggð á 19. öld en stundum var landið nýtt til slægna frá heimajörðinni. Heimaflutningur heybjargarinnar var þó ærið langur en fór mest fram að vetrarlagi." (HE: 203). Í Föðurtúni kemur fram að Tjarnarsel hafi farið í eyði milli 1880 og 90 (FT: 23).




*Mynd 11, horft til vesturs yfir Tjarnarsel. Tóftasamstæður eru á fjórum stöðum, lengst til vinstri undir brekkunni, uppá stallinum þar fyrir ofan þar sem beygjan er á ánni, fyrir miðri mynd milli tveggja aflangra lægða og að lokum ofarlega til hægri. Fleiri tóftir eru handan við ánna sem ekki sjást á þessari mynd, sem og smalabyrgi þaðan sem myndin er tekin.*




**Tjörn-61**
**Sérheiti:** Tjarnarsel
**Hlutverk:** Sel/híbýli
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Staðhættir og lýsing**

Nyrst og austast eru sambyggðar sex tóftir og liggur samstæðan frá norðnorðaustri til suðsuðvesturs. Alls um 20m langt og 9m breitt. Tóftirnar eru að mestu algrónar og veggir víðast hlaupnir í þúfur. Nyrsta tóftin er 4,5x3m að innanmáli, breidd veggja er um 80sm og hæð þeirra um 40sm. Þó eru veggir til norðurs og vesturs að hluta lægri. Tóftin er gróin en grjóthleðslur sjást mjög vel í millivegg til suðurs. Dyr snúa mót austri. Sunnan hennar eru tvær tóftir, sú vestari er 2,3x2m að innanmáli. Norður veggur er mikið hruninn. Grjóthleðslur sjást í veggjum en tóftin er að öðru leyti grasi gróin. Hæð veggja er um 40sm og breidd 90sm. Dyr eru út til vesturs og aðrar til austurs yfir í næstu tóft, dyraopin bæði um 60sm breið og hrun í þeim. Austari tóftin er 2,4x2m að innanmáli. Hæð veggja er um 40-50sm. Útveggir eru rofnir, fremur illa farnir en þó grónir. Austurveggur er um 10-15sm. Dyr virðast vera til norðurs eða rof á vegg en dyr eru til suðurs, um 40sm breitt, yfir í næstu tóft sem er að

innanmáli 2x2,4m. Hæð mest um 70sm en annars eru veggir um 35-45sm háir. Tóftin er gróin en sér í hleðslur í vestur vegg. Suðurveggur er nánast allur fallinn inn. Næsta tóft vestan við er 2x3m að innanmáli. Veggir grónir og engar greinanlegar dyr. Syðst er tóft, hugsanlega rétt um 4,5x2m að innanmáli. Breidd veggja er um 75sm og hæð þeirra um 30sm. Tóftin er algróin og ekki sér í grjóthleðslur en einn stór steinn er í tóftinni. Milliveggur til norðurs er alveg fallinn og aðrir veggir að hlaupa í þúfur. Vestan við tóftina er veggur, grjóthlaðinn um 80sm breiður og 20-25sm hár. Það er gróið en sér í grjóthleðslur í því.




**Tjörn-62**
**Sérheiti:** Tjarnarsel
**Hlutverk:** Sel/Híbýli/fjárhús
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Staðhættir og lýsing**
Þriðja og vestasta tóftasamstæðan liggur nálega austur/vestur og samanstendur af sex tóftum. Austasta tóftin er að innanmáli 3x2m og hæð veggja er um 60sm. Veggir standa sæmilega en mikið er hrunið úr norður og vestur vegg. Grjóthleðslur eru greinilegar en veggir grónir að ofan. Dyr eru til suðurs en hrun er í þeim. Næst til vesturs er tóft, tvískipt og innangengt á milli. Innanmál er 2x3m og breidd milliveggjar um 70sm og hæð 20sm, hann er töluvert lægri en útveggir tóftar. Hæð veggja annars 40-50sm og eru veggir nokkuð hrundir. Dyr eru til norðurs. Næsta tóft til vesturs er 2,8x2,5m að innanmáli og breidd veggja er 75sm. Stallur virðist vera við suðurvegg en það gæti líka verið hrun. Hæð veggja er um 45sm en lægri til suðurs og austurs um 30-35sm. Nokkuð hrun er meðfram veggjum. Sér í grjóthleðslur en tóftin er að öðru leyti vel gróin. Dyr eru til norðurs. Næst til vesturs er tóft 3,5x2,5m að innanmáli. Veggir eru grónir og hæð þeirra um 40-50sm. norður veggur er að helmingi hruninn og þar er opið út. Þar vestan við er fjárhústóft með grjóthlöðnum garða. Hann er nokkuð hruninn. Það sér í grjóthleðslur í garða og veggjum en tóft annars gróin. Innanmál er 6x3m. Breidd milli garða og veggja er um 1m og er breidd garðans um 80-100sm en erfitt er að meta það vegna þess hve hrunið er úr honum. Hann er um 40sm á hæð og veggir tóftar um 30-40sm. Næsta tóft er suðaustan við fjárhústóftina, 2,5x2m að innanmáli. Veggir standa vel 45-50sm háir. Grjóthleðslur sjást til suðurs og austurs en aðrir veggir eru grónir. Vestur veggur er að mestu hruninn og leifar hans eru u.þ.b. 25sm háar. Þar austan við er hlaðinn kantur, um 20sm á hæð en mest um 45sm. Liggur samsíða tóftunum og er innanmál frá kantinum að útveggjum til norðurs 9x2m.

**Tjörn-63**
**Sérheiti:** Tjarnarsel
**Hlutverk:** Óþekkt/öskuhóll/taðhóll
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir og lýsing**
Lítill hóll er tæpa 3m vestan við dyrnar inní fjárhúsin vestast í norðari tóftasamstæðunni á Tjarnarseli. Hóllinn er grænni en umhverfið, ávalur, um 40sm hár og um 4x4m í ummál.




**Tjörn-64**
**Sérheiti:** Tjarnarsel
**Hlutverk:** Híbýli/Sel
**Tegund:** Tóftasamstæða
**Staðhættir og lýsing**
Sunnar er önnur tóftasamstæða með níu tóftum og liggur hún norðnorðaustur/suðsuðvestur. Tóftin sem liggur lengst til norðausturs er 4x1,8m að innanmáli. Hæð veggja er um 50-60sm, þeir eru grónir en sér í grjót í hleðslum einkum á norður- og austurvegg. Hrun úr vegg er fyrir miðri tóft. Dyr eru til suðurs og er hrunið inn í það. Næsta tóft vestan við er þrískipt, austast er tóft 2x1,2m að innanmáli, gróin en sér þó í grjót einkum efst í veggjum. Hæð veggja er um 30-55sm en fer hæst í 90sm til norðurs. hrunið er í dyraop til suðurs og einnig dyraop sem snýr til vesturs. Einnig er hrunið úr norður og austurvegg. Næsta tóft til vesturs er 2,5x2m að innanmáli og er mikið hrun úr veggjum í tóftinni. Tóftin er gróin en sér í grjóthleðslur efst í veggjum. Hæð þeirra er um 40-50sm en 60sm til suðurs þar sem þeir eru hæstir. Dyr eru til vesturs en hrunið er í þær. Næsta tóft vestan við virðist vera fjárhús með garða en mikið hrun úr veggjum er í kringum garðann. Innanmál tóftar er 3,5x2,5m. Hæð veggja er 60sm og hæð garðans er um 45sm. Breidd hans gæti verið um 80sm en erfitt er að greina það vegna veggja hruns umhverfis hann. Tóftin er gróin en sér í grjót úr vegghruni á nokkrum stöðum. Hugsanlega hefur verið innangengt yfir í næstu tóft til suðurs þar sem smá rof virðist vera á millivegg, það er þó óljóst. Næsta tóft þar sunnan við er 3x2m að innanmáli. Hæð veggja er 45sm og breidd er 90sm. Veggir standa nokkuð vel, síst þó til suðurs þar sem hrunið er úr veggjum. Tóftin er vel gróin, nokkuð þýft er í henni og aðeins sést í grjót í hleðslum í norðurvegg. Dyr eru til vesturs, við suðvesturhorn tóftar um 70sm breitt en hrunið er í opið.

Sund er austan við tóftina um 100sm breitt og tóft þar austan við, 1,3x1,7m að innanmáli. Veggir eru lágir um 20-30sm nema milliveggur til norðurs en hann er um 100sm hár. Hrunið er úr honum og er þar eina grjótið sem sést í tóftinni sem er að öðru leyti gróin. Þar austar er önnur tóft, nokkuð stærri, um 4,3x2m að innanmáli. Hæð er um 40sm mest um 50sm, veggir eru grónir en einn stór steinn er í tóftinni og tóftin er þýfð að innan. Veggur til vesturs er mikið hruninn. Útveggir virðast um 100-120sm breiðir en erfitt er að átta sig á breidd sökum þess hve veggir eru mikið hrundir.

**Tjörn-65**
**Sérheiti:** Tjarnarsel
**Hlutverk:** Óþekkt/öskuhóll/taðhóll
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir og lýsing**
Lítill hóll er um 5m vestan við það sem virðist vera inngangur inní syðri tóftasamstæðuna. Hóllinn er grænni en umhverfið, um 7x8m að utanmáli og um 1m hæð, hugsanlega öskuhóll.




**Tjörn-66**
**Sérheiti:** Tjarnarsel
**Hlutverk:** Óþekkt/smalabyrgi
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir og lýsing**
Um 40m norðvestur af seltóftunum eru leifar grjóthlaðins kofa. Veggir eru mikið hrundir og ekkert torf sýnilegt, þótt það kunni að hafa verið í hleðslunni. Tóftin er um 2,2x3m opin til austurs. Veggir um 20sm háir og 60-110sm breiðir.

**Tjörn-67**
**Sérheiti:** Tjarnarsel
**Hlutverk:** Mógröf
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir og lýsing**
Lítil mógröf er um 40m suðvestur af vestustu tóftasamstæðunni á Tjarnarseli. Gröfin er um 1m djúp, 7x5m í ummál.




**Tjörn-68**
**Sérheiti:** Tjarnarsel
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóftir
**Staðhættir og lýsing**
Um 120m austar, ofar en áðurnefndar tóftir upp með Laxá eru tóftir, hugsanlega eldra sel.Tóftin er þrískipt og er garður sitthvoru megin við dyr eða hlið tóftarinnar. Tóftirnar liggja norðvestur/suðaustur eru tvær til vesturs en ein stór, að líkindum rétt til austurs. Grjóthleðslur í

veggjum standa vel en tóftir er þó ágætlega gróin. Réttin er að innanmáli 3,7x5m að innanmáli. Hæð veggja er 70sm. Breidd veggja er 75-80sm og dyr eru til suðurs. Dyr eru til vesturs yfir í minni tóft sem er 2x1,4m að innanmáli, hæð veggja þar er 75sm, hæstir til norðurs en 40-50m annarsstaðar, nokkuð er hrunið úr suður og vestur vegg. Minnsta tóftin er þar sunnan við, 1,1x2m að innanmáli og hæð veggja er um 45sm. Veggir eru grónir en sér í grjóthleðslur í veggjum. Dyr eru ekki greinanlegar. Tvö garðlög liggja til suðurs frá tóftinni, sá austari um 45sm hár og 75sm breiður en sá vestari er 75sm breiður en um 20-30sm hár. Vestari veggurinn er lengri um 12m en hinn alls 8m.

## *Minjar sem fundust ekki eða voru ekki skráðar á vettvangi*

**Tjörn-69**
**Sérheiti:** Smalaskálaholt
**Hlutverk:** Smalakofi
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Í örnefnaskrá segir: „Í suður frá Svínafelli eru Langalækjarbreiðar. Um þær fellur Langilækur í Laxá. Suðaustan við Langalækjarbreiðar er Langalækjarhóll, stór einstakur hóll. Þaðan í suðaustur eru Smalaskálaholt, mishæðótt holt. Vestan í þeim eru merkin, en þar austan við er almenningur. “ (ÖKE: 8). Ekki var farið á þennan stað sumarið 2008.

**Tjörn-70**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Heimild / Landamerkjasteinn
**Staðhættir og lýsing**
Í örnefnaskrá segir: „Að norðan við sjó eru merki milli Hafna og Tjarnar úr Kerlingu, kletti í sjó. – Þaðan bein lína í Hest, hamar á austanverðum Vestur- Núp. Þaðan í Landamerkjastein-á sunnanverðum Austur- Núp, merktum.“ (ÖKE: 1). Ekki var farið á þennan stað sumarið 2008.

**Tjörn-71**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Heimild / Varða
**Staðhættir og lýsing**
Í örnefnaskrá segir: „Að norðan við sjó eru merki milli Hafna og Tjarnar úr Kerlingu, kletti í sjó. – Þaðan bein lína í Hest, hamar á austanverðum Vestur- Núp. Þaðan í Landamerkjastein á sunnanverðum Austur- Núp, merktum. Þaðan í vörðu á Löngubrekkuhorni.“ (ÖKE: 1). Ekki var farið á þennan stað sumarið 2008.

**Tjörn-72**
**Sérheiti:** Draughylur
**Hlutverk:** Draugur
**Tegund:** Þjóðsagnastaður
**Staðhættir og lýsing**
Í örnefnaskrá segir: „Suðaustur af Þorkelssundum eru Enni en þaðan í vestur eru Stórutjarnarsund. Þaðan í suður er Draughylsflói suður að Draugahyl í Laxá.“ (ÖKE: 7). Ekki var farið á þennan stað sumarið 2008.

## Hafnir í Vindhælishreppi - Söguágrip

Hafna er fyrst getið í reka- og landamerkjaskrá Þingeyrarklausturs frá því um 1285. Þar er einnig fyrst getið um býlið Rif, í Hafnalandi, þar sem segir af skiptum í hvalreka.[20] Í skrá um hvalskipti í Víkum á Skaga frá um 1320 segir að Hafnarlönd og Kaldrani skipti með sér hlut í hvalreka í Víkum.[21]

Árið 1360 þjónaði Hofskirkjuprestur bænhúsinu að Höfnum 8 sinnum á ári og tók smjör fyrir hverja messugjörð.[22] Árið 1461 stóð bænhúsið[23] og enn árið 1705, en þá átti það „engin ornamenta, en prestur á Hofi syngur þó oft messu eftir sem hann fær við komið árið um kríng".[24] Kirkjuna sótti fólk af öllum bæjum fyrir utan Skagaheiði, sem áttu sókn að Hofs-kirkju. Messuklæði áttu þeir sem sóttu Hafnakirkju, en kaleik og patínu fengu menn að láni. Prestur tók ekkert í kaup fyrir að þjónustuna „heldur gjörið það fólksins vegna, sem annars ætti óbærilega lángan kirkjuveg inn að Hofi".[25] Hafði þessi tilhögun verið „síðan fyrir elstu manna minni". Sagt var að herra Guðbrandur biskup hefði fyrstur vígt Hafnakirkju, en það stenst ekki ef bænhús var þar þegar Þorbjörn kólka bjó þar. Guðbrandur biskup gæti hins vegar vel hafa vígt þar nýtt guðshús á sinni tíð.

Jörðin var eign Þingeyraklausturs, og konungs eftir siðskiptin. Landskuldina átti að greiða í fiski en leigukúgildi í smjöri eða peningum. Hafnabændur áttu einnig að greiða klaustrinu toll, eitt hundrað af æðarfuglseggjum.[26] Hlunnindi jarðarinnar voru þokkaleg torfrista og – stunga, móskurður, silungsveiði í Rekavatni, eggver og dúntekja, selaveiði, beitifjara, rekaviður eins og ábúandi þurfti til húsbygginga en það sem umfram fékkst tók klaustrið. Heimræði var gott og lending góð. Klausturhaldarinn átti skip sem bónda átti að manna og láta ganga til fiskjar meðan væri aflavon. Árið 1705 átti bóndi og klausturhaldari saman skip til hálfs, en bóndinn mátti halda úti eins mörgum skipum og hann gat mannað og voru þau eitt til sex.[27] Átti hver áhöfn eina búð fyrir sig, sem byggð var úr rekavið sem þeir öfluðu sjálfir, og sama gilti um eldivið, en hver maður átti að greiða fjórðung hver til klaustursins. Önnur lending var á Rifi þar sem var jafn góð verstöð eins og heima. Háleiga frá Höfnum var Hafnakot, sem hafði verið i eyði langan tíma.[28]

Um Hafnir segir Páll V. Kolka:

> „Sunnan við vatnið [Rekavatn] er mýri með aflíðandi halla upp að stóru túni, en hinum megin við það taka við melar heiðarinnar. Þarna er höfuðbólið Hafnir á Skaga, mesta hlunnindajörð Húnavatnssýslu. Þar var útræði mikið í gamla daga frá Hafnabúðum á nesinu vestan við víkina, og sóttu menn þangað sjóróða víðs vegar að framan úr innsveitum héraðsins. Nesið er allt grænt og grasi vaxið. Út af því, norðvestur frá Höfnum, eru allmargar grænar varpeyjar, og heitir sú stærsta Landey. Ein ... Reki er þarna mikill, einkum á eiðinu milli Rekavatns og sjávar, og seltekja góð, 80-100 kópar á ári.[29]

---

[20] *DI II,* 1893. Bls. 249.
[21] *DI II,* 1893. Bls. 492.
[22] J. Johnsen, 1847. Bls. 253.
[23] *DI* V, 1899-1902. Bls. 354.
[24] *Jarðabók* VIII, 1926. Bls. 476.
[25] *Jarðabók* VIII, 1926. Bls. 476.
[26] *Jarðabók* VIII, 1926. Bls. 477.
[27] *Jarðabók* VIII, 1926. Bls. 477-8.
[28] *Jarðabók* VIII, 1926. Bls. 478.
[29] P. V. G. Kolka, 1950. Bls. 16-18.

Árið 1868 reisti Árni Sigurðsson bæ þann sem enn stóð að hluta árið 1950. Baðstofan var portbyggð og norðan við hana allmikið hús úr timbri. Húsaröðin var um 25 m löng og að var skemma fyrir enda hlaðsins. Yfir karldyrum hússins er æðarkolla og bliki, skorin úr tré af Guðmundi Pálssyni bíldhöggvara.[30] Hafnir voru „þjóðjörð“ þar til Sigurður Árnason keypti jörðina. Hann seldi Jóni Benediktssyni jörðina.[31]

**Hjáleigur og verbúðir**

Um Þorbjörn kólku sem „nam Kolkumýrar og bjó þar meðan hann lifði" eru til ýmsar sagnir. Meðal annars þær að haust og vor lá hann við sjó í verstöð þeirri sem Hafnabúðir heita og draga nafn af bænum Höfnum „sem þar á allt land undir verbúðunum; en frá Höfnum er löng sjávargata ofan á Hafnabúðir. Þorbjörn kólka fékk sér búðarstæði hjá Hafnarbónda á nesi einu háu og er þaðan víðsýnt; síðan er það kallað Kólkunes; búð Þorbjarnar var og kölluð Kólka og svo heitir húsmannsbýli það sem enn er á Kólkunesi og liggur undir Hafnir. Tjörn ein er og á Hafnabúðum hjá nesinu og er hún kölluð Kólkutjörn; þangað sækja sjómenn allt neysluvatn. Austan- og norðanvert við nesið skerst inn vík; fyrir botninum á henni er sléttur sandur og gott á land að leggja. Í þeirri vík er lendingin á Hafnabúðum. Rauf ein er milli klettanna á Kólkunesi vestanhallt við víkina og kölluð Kólkuker; þar er sagt að Þorbjörn hafi kastað af afla sínum“.[32]

> Alltítt var að menn úr sveitum gerðu sig út til sjóróðra á Hafnabúðum haust og vor því þar var jafnan aflasælt þá sem nú; enda má sjá þar mörg búðastæði forn. Þangað fór og Þorbjörn kólka sem fyrr segir. Ekki átti hann við aðra vermenn svo getið sé; en vel féll á með Hafnabónda og honum. Þorbjörn var hinn mesti sjósóknari og reri einn áttæringi, aðrir segja steinnökkva, lengra í haf en flestir hafa farið þá eða síðan. ... Olbogi heitir dýpsta fiskimið sem róið er á úr veiðistöðu þessari og er það fullar þrjár vikur undan landi. ... Þegar Þorbjörn kólka gerðist gamall og ekki fær til sjóróðra lengur fór hann með skip sitt (nökkvann) vestur fyrir Kólkunes og hvolfdi því þar hér um bil tuttugu faðma frá landi og óð síðan sjálfur til lands og er þar þó fimm faðma djúp í sundinu milli skers og lands. Það er síðan kallað Kólkusker; það er á að geta tuttugu faðma langt og tíu faðma breitt, en dregst nokkuð að sér til beggja enda, hæst og breiðast er það um miðjuna og ekki með öllu ólíkt því sem skip væri á hvolfi. Þegar Þorbjörn hafði hvolft skipi sínu er sagt hann hafi sagt það fyrir að þegar bænahúsið í Höfnum væri fellt af fyrir fullt og allt mundi sá maður búa á Kólkunesi sem bæri gæfu til að hvolfa upp skipinu og mundi það verða honum eins happasælt eins og það hefði verið sér. ... segja menn að hann hafi kveðið vísu til að vísa mönnum á fiskimið það sem hann var vanur að róa á og Sporðagrunn heitir; vísan er þannig:
> Mið veit ég mörg:
> Matklett á Björg,
> beri neðri nöf
> í naglfara röf,
> hirði ég ei, þó Kaldbak kali,
> Kyrpingsfjall í Leynidali.
> Komi þar enginn kolmúlugur úr kafi,
> þá mun ördeyða á öllu norðurhafi.[33]

---

[30] P. V. G. Kolka, 1950. Bls. 16-18.
[31] P. V. G. Kolka, 1950. Bls. 16-18.
[32] *Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar*, www.snerpa.is
[33] *Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar*, www.snerpa.is

Björn Ólsen útskýrði efni vísunnar þannig: „Matklettur er örnefni á heiðinni [Skagaheiði] upp undan Selnesi sem er innsti bær á Skaga austan til. Björg eru Ketubjörg; þar þau eru hæst er há þúfa á þeim og þar yfir á Matklettur að bera. Kyrpingsfjall kallast fjallbungan fyrir ofan bæinn Tjörn í Nesjum; heitir fjallið líka Tjarnarfjall; á það að bera í Leynidali er liggja upp undir klettum þeim sem eru ofan til norðan í Spákonufellsborg. Kaldbak er fjallið sem liggur fyrir ofan bæinn Síðu og Vatnahverfi í Refasveit. Á það aðeins að vaka vestan til við taglið á Spákonufellsborg. Á þessu miði fann ég tólf faðma djúp, en hafði þó heyrt að þar ætti að finnast sex faðma djúp. Enginn veit ég til róið hafi á þetta mið síðan ég fór af Skaga“.[34]

Önnur þjóðsaga er til um Kólku nafnið og er hún um tröllkonu að nafni Kólka. Mun hún hafa búið í helli suður undir Skjaldbreið en færi til vers í Hafnabúðum á Skaga. Sagan er að mörgu leyti lík hin fyrri.[35]

Í manntali 1835 kemur fram að systkinin Sigurður Jónsson og Sigríður Jónsdóttir hafi búið í **Hafnabúðum** og hafi lifað af sínu.[36] Býlið **Rif** eða **Rifsbúðir** eru norðvestur af bænum á Höfnum. Þess er fyrst getið um 1285 eins og getið er hér að framan. Um tíma bjó á Rifi Hreggviður Eiríksson skáld á Kaldrana og segir Magnús Björnsson frá því í Svipum og Sögnum II:

> „Eftir 16 ára búskap á Kaldrana varð Hreggviður að hrökklast þaðan (1813). Var hann þá á nokkrum hrakningum fyrst, hokraði á Saurum og Kálfshamri, en flutti síðan á Rif, gamla hjáleigu frá Höfnum og þar hélzt hann við nokkur ár. Síðast var hann með konu sína í Kolkubúð á Hafnarbúðum, en það var húsmennskubýli og sagt byggt á búð Þorbjarnar Kolku, hins forna sjóvíkings og þjóðsagnahetju. Hjáleigur þessar Rif og Kolkubúð voru stundum í byggð en eins oft í eyði. Gransnyt fygldi þeim nokkurn, en fátt hafði Hreggviður þar af skepnum. [...].“[37]

Og síðar segir:

> „Gunnvör hét kona, er hafðist við í Kolkubúð, er Hreggviður var í Rifi. Hún bjó það vel, að hún átti kú og nokkrar kindur og seldi útróðrarmönnum mjólk fyrir sjófang. Orð lék á því, að mjólk hennar væri nokkuð þunn, og gizkuðu menn á að hún væri drýgð með vatni. Vatnsból það, er hún notaði og þeir búðasetumennirnir, var brunnur. Kenndu sjómenn brunninn við kerlingu og kölluðu Gunnvararbrunn því nafni heitir hann enn.“[38]

Hreggviður lést í febrúar 1830 en eiginkona hans Guðrún lifði lengur og bjó áfram í kotinu, hún dó 1837.[39]

## Náttúrufar og jarðabætur

Um Hafnir segir í skýrslu frá 1881 um ábúð og ásigkomulag: „Byggingarbréf hans frá 1858 ákveður engar sérstakar jarðabætur. En ábúandi þessi hefir þó gjört mikið við jörðina hvað ræktun á túni snertir og stækkað það, einnig aukið æðarvarp um helming frá því sem það var þegar hann kom þangað. Öll hús á jörðunni hefir hann og byggt upp frá grundvelli og er bygging sú bæði mikil og ágætlega vönduð. Neysluvatnsbrunn hefir hann og grafið og hlaðið

[34] *Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar*, www.snerpa.is
[35] *Þjóðsögur Jóns Árnasonar II.* Bls. 128-130.
[36] Manntöl 1703, 1835 og 1870 á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands. Skoðað þann 11.11.08.
[37] Magnús Björnsson, 1950. Bls. 67.
[38] Magnús Björnsson, 1950. Bls. 75.
[39] Magnús Björnsson, 1950. Bls. 84.

hann allan upp innan úr grjóti og er innangengt til hans úr bænum.“ Ábúandi er þá Árni Sigurðsson.[40]

Hafnir voru 20 hundruð forn og 38 ný árið 1848.[41]

Í jarðamati frá 1916 segir: tún ógirt, um 3/5 hlutar þess sléttaðir, það er talið 24 dagsláttur og gefur af sér um 300 heybagga á ári. Túnið er í sæmilegri rækt en snöggslægt þar sem það liggur á malarkömbum sem snúa mót norðri. Engjar eru sagðar gefa af sér um 300 heybagga árlega af fremur lélegu heyi, engjavegur eru lélegur og engjar á dreif um bithaga, sumar langt í burtu. Beitiland er bæði víðlent og gott fyrir allan búpening. Vetrarbeit góð þegar snjólétt er þá er vetrarbeit góð í varpeyju skammt undan landi þegar hún er ekki slegin og fjörubeit er en talin óholl.[42]

[40] ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.
[41] *Ný jarðabók*, 1861. Bls. 90.
[42] Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 270. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.




*Mynd 12, túnakort af Höfnum frá fyrri hluta 20. aldar lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Hlutverk útihúsa er ekki tilgreint á kortinu utan við fjós og hlöðu norðvestan við bæinn. Túnið er sagt 7,7ha að stærð.*

**Hafnir-1**
**Hlutverk:** Híbýli/fjós og hlaða/skemma
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Gamli bærinn stóð um 50m neðan (NNA) núverandi íbúðarhúss.
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni, Vigni Sveinssyni bónda á Höfnum var bæjarhóllinn sléttaður út árið 2007 og voru þá leifar bæjarins í því ásigkomulagi að þær voru farnar að fjúka um allt. Ekkert sér eftir af sjálfum bænum á yfirborði. Fjós og hlaða voru áföst bænum að vestan og aðskilið hús við norðausturhornið (skemma/smiðja?).
**Aðrar upplýsingar**
Í úttekt frá 1789 eru þessi hús: Baðstofa, búrhús, eldhús, skáli, stofa, göng, bæjardyr, fjós fyrir 8 naut og innangengt í hesthús fyrir 3 hesta, fjárhús og smiðja. Næsta úttekt er gerð 1840 þegar að Sigurður Árnason tekur við búi af Jóni Klemenssyni, þá eru þessi hús: Baðstofa, búrhús, eldhús, stofa, skáli, bæjargöng, bæjardyr, fjós fyrir 6 nautgripi og hesthús fyrir 4 hesta. Innangengt var frá eldhúsi í gripahús. Úthýsi eru nefnd: smiðja, skemma, fjárhús fyrir 30 fjár og brunnhúskofi. Árið 1843 er gerð önnur úttekt og eru þá sömu hús nema fjós er sagt fyrir fjóra nautgripi. Í Föðurtúni segir Páll Kolka í lýsingu sinni á bænum sem reistur var á jörðinni 1869 og stóð enn að hluta 1950 að baðstofan hafi verið portbyggð og norðan við hana allmikið hús úr timbri. Bæjarröðin var þá um 25m löng og skemma við enda hlaðsins (P. V. G. Kolka, 1950: 16-18).



*Mynd 13, svokallaður Bænhúshóll, um 50m NNA af íbúðarhúsinu á Höfnum, gamla bæjarstæðið er vestan við hólinn, til hægri á myndinni.*

**Hafnir-2**
**Sérheiti:** Bænhúsreitur
**Hlutverk:** Bænhús
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir**
Bænhúshóll stendur um 5-6m austur af gamla bæjarstæðinu og um 50m NNA af íbúðarhúsinu.
**Lýsing**
Hann er um 50sm hár að ofan til í hallanum en hátt í 2m að austan og liggur á milli malarhryggja sem ganga samsíða til austurs eftir túninu. Hóllinn er um 120-130sm hár til norðurs. Stór steinhella er upp á hólnum 90x120sm og liggur austur/vestur, mjókkar til austurs. Einhverjar lægðir eru sunnan vert á hólnum en erfitt er að átta sig á því hvort um veggjalög er að ræða vegna mikils gróðurs.
**Aðrar upplýsingar**
Um bænhús segir í örnefnaskrá: „Fyrir austan skemmuna, næst mýrinni, er þúfnareitur, Bænhúsreitur.“ (ÖS: 6). Í Jarðabók Á. M. og P. V. Frá 1705 segir: „Hjer er eitt bænhús eður hálfkirkja, sem á engin ornamenta, en prestur á Hofi sýngur hjer þó oft messu eftir sem hann fær við komið árið um kring, so sem þetta væri annectia, og sækja þessa kirkju allir bæir fyrir utan Skagaheiði, og gjalda þó allar skyldur presti og kirkju (bæði af þessari jörðu og öðrum) að Hofi. Messuklæðin eiga þeir sem sækja þessa kirkju, kalekur og patína er til láns. Ekkert kaup, fyrir utan almennar prestlega skyldur, hefur presturinn fyrir þetta sitt ómak, heldur gjörir hann það fólksins vegna, sem annars ætti óbærilega langan kirkjuveg inn að Hofi. Þetta hefur so staðið síðan fyrir elstu manna minni. Herra Guðbrandur vígði fyrstur þessa kirkju að sögn gamallra trúverðra manna.“ (JÁM VIII: 476).

**Hafnir-3**
**Hlutverk:** Brunnur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni var Brunnur vestan við bæinn, búið er að fylla upp í hann og sést hann ekki á yfirborði en punktur var tekinn samkvæmt ábendingu ábúanda. Fyllt var upp í brunninn 2006 eða 2007 en þá voru í honum fjöldi glerbrota og fleira rusl.
**Aðrar upplýsingar**

Um Hafnir segir í skýrslu frá 1881 um ábúð og ásigkomulag er getið um brunn: „Neysluvatnsbrunn hefir hann og grafið og hlaðið hann allan upp innan úr grjóti og er innangengt til hans úr bænum.“ (Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1).

**Hafnir-4**
**Hlutverk:** Heimreið
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti liggur heimreiðin til SSA frá bæjarhlaðinu sem var austan við gamla bæinn.
**Lýsing**
Heimreiðin var nálega á sama stað og hún er í dag og er því komin undir veg.

**Hafnir-5**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti er sýnt hús fast vestan heimreiðar um 40m suður af bænum, þ.e. rúma 20 austur af núverandi íbúðarhús.
**Lýsing**
Ekki þekkti heimildamaður til þessa húss og það sér ekkert eftir af því. Hnit voru tekin af loftmynd sem túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hafði verið lögð yfir. Sést þá að húsið mun hafa verið rúmlega 20m austur af íbúðarhúsinu og hefur hluti þess að líkindum verið þar sem matjurtagarður er nú. Hafa ber í huga að hnitum getur skeikað um einhverja metra.



*Mynd 14, garðlag austan við íbúðarhúsið á Höfnum. Samkvæmt túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar stóð áður hús á þessum stað.*

**Hafnir- 83**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Austan við núverandi íbúðarhús.
**Lýsing**
Garðlag er norðan og austan við matjurtagarð austan við íbúðarhúsið, um 1m á breidd neðst en um 40sm breiður efst. Garðurinn er um 80-100sm hár og 40m langur.

**Hafnir-6**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Óljósar hleðsluleifar
**Staðhættir**
Á túnakorti er sýnt útihús syðst í túninu, austan heimreiðar, um 130m ssa af bæjarstæðinu.
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni var útihús á þessum slóðum, um 95m suðaustur af íbúðarhúsinu, og sjást þar í túni óljósar hleðsluleifar en ekki er hægt að greina útlínur húss.

**Hafnir-7**
**Hlutverk:** Hús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti eru tvenn hús vestarlega í túni, nyrðra þeirra um 90m vestur af bæjarhólnum.
**Lýsing**
Ekki kannaðist heimildamaður við þessi hús og þarna er nú slétt tún. Húsin voru teiknuð inn eftir túnakorti sem lagt var yfir loftmynd og getur því verið nokkurra metra skekkja á hnitum.

**Hafnir-8**
**Hlutverk:** Hús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti eru tvenn hús vestarlega í túni, syðra þeirra um 90m vestur af bæjarhólnum
**Lýsing**
Ekki kannaðist heimildamaður við þessi hús og þarna er nú slétt tún. Húsin voru teiknuð inn eftir túnakorti sem lagt var yfir loftmynd og getur því verið nokkurra metra skekkja á hnitum.

**Hafnir-9**
**Sérheiti:** Rústin
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
Á túnakorti eru tvenn útihús við túnjaðarinn vestast í túni. Það vestara er um 180m vestur af bæjarhólnum.
**Lýsing**
Húsin stóðu á einum af malarhryggjunum sem liggja austur/vestur eftir túninu og er brekka niður frá þeim að sunnan. Rústin er aðeins smá hólbunga um 8x5m að ummáli og mest um 40sm há, hún liggur norðaustur/suðvestur.
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt heimildamanni voru tvenn hús vestast í túni og var hið vestara kallað Rústin.

**Hafnir-10**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Dæld
**Staðhættir**
Á túnakorti eru tvenn útihús við túnjaðarinn vestast í túni. Það austara er um 170m vestur af bæjarhólnum.
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni voru tvenn hús vestast í túni og var hið austara nefnt Rústin en ekki þekkti hann nafn á því austara. Húsið er nánast horfið og aðeins sést dæld í túni um 4x5m að ummáli.

**Hafnir-11**
**Sérheiti:** Ullarlaut
**Hlutverk:** Þvottastaður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „[…] Lindin kemur undan hólbarði vestast við Fjósbalann, er henni nú veitt í Stóralæk. Nyrst milli lækjar og Lindar heita Sléttur, þá er Gvendarvöllur fyrir austan Sléttur, nær hann austur á móts við bæinn. Næst fyrir sunnan Sléttur er Taðbali og Ullarlaut þar fyrir sunnan á mörkum túnsins, var hún oft slegin.“ (ÖS: 5-6).
**Lýsing**
Ullarlaut er vestast í túni tæplega 240m vnv af íbúðarhúsinu, á melhrygg sem liggur austur/vestur eftir túninu, þar var ullin þvegin og þurrkuð. Punktur var tekinn samkvæmt heimildamanni en engar leifar þvottastaðarins eru sýnilegar.

**Hafnir-12**
**Sérheiti:** Lindin
**Hlutverk:** Þvottastaður, kælir
**Tegund:**
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „[…] Lindin kemur undan hólbarði vestast við Fjósbalann, er henni nú veitt í Stóralæk.“ (ÖS: 5-6).
**Lýsing**
Lindin er tæpa 130m norðvestur frá gamla bæjarstæðinu, hún er 180x70sm að innanmáli og liggur nálega norðvestur/suðaustur. Grjóthlaðnir kantar eru umhverfis hana um 10sm háir að utan en um 50sm innan frá. Vatnsborðið er um 15sm frá botni. Þarna sprettur vatn fram undan grónum sjávarkambi eða malarhrygg. Lítill lækur liðast svo frá lindinni niður í nærliggjandi skurð.
**Nánari lýsing**
Samkvæmt heimildamanni voru húðir látnar liggja í lindinni áður en fitan var skröpuð innan úr þeim og skinnin verkuð frekar. Gott var að láta húðirnar liggja í vatni með litlu vatnsrennsli nokkurn tíma áður en þau eru verkuð, þá hreinsast þau vel af blóði og óhreinindum. Þar var einnig kælir og var vatnið kalt og heppilegt til kælingar.

**Hafnir-13**
**Hlutverk:** Mylla
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Hér á eftir verða talin örnefni í Hafnalandi fyrir vestan Stóralæk (Myllulæk), en hann kemur úr Torfdalsvatni, sem er í Torfdal, er liggur á milli Austurnúps og Vesturnúps, og rennur norður í Rekavatn." (ÖS: 4).


*Mynd 15, myllutóft í Myllulæk um 240m norðvestan við íbúðarhúsið á Höfnum.*

Stórilækur eða Myllulækur liggur vestan við túnið og er tóft við hann þar sem beygja er á honum tæplega 230m norðvestur af íbúðarhúsinu. Tóftin er á norðurbakka lækjarins.
**Lýsing**
Lækurinn er stíflaður á tveimur stöðum, annarsvegar nokkru ofan við tóftina og þar myndast smá lón en lækurinn nær þó að renna í gegn og áfram niður smá foss suður með tóftinni, hin stíflan er rétt við sjálfa myllutóftina og virðist læknum hafa verið veitt inní tóftina en þar liggur rás innanvert meðfram austurvegg og út til austurs þar sem sprænan sameinast aftur læknum. Grjóthleðslur sjást neðst í rásinni á austurvegg og er hún um 30sm breið og 30-40sm djúp. Tóftin er að innanmáli 4,5x2m, hæð veggja er um 60-70sm. Veggir eru nokkuð hrundir og eru um 130sm breiðir í grunninn. Garðlag liggur meðfram læknum austur/vestur ofan við myllutóftina, um 12m langt, 150sm breitt neðst og um 70sm hátt.
**Nánari lýsing**
Að sögn Vignis Sveinssonar fór fram vinnsla á sellýsi á þessum stað á 20. öld. Lýsið var brætt og blandað saman við hey til að fóðra skepnur. Til merkis um það er íhvolft tréborð þar sem gert hefur verið að selnum, u.þ.b. fyrir miðju áðurnefndu garðlagi og hola við vesturenda garðlagsins með miklu magni af brenndum beinaleifum. Að sögn Vignis sátu menn svo og verkuðu skinn á þúfunum í kring.

**Hafnir-14**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Dæld
**Staðhættir**
Á túnakorti eru útihús austast í túni um 200m austur af bænum.
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni voru fjárhús austast í túninu um 25m norður af fjárhúsunum sem nú eru í notkun. Búið er að rífa húsin og þau komin undir tún en þó sést móta fyrir þeim um 10x13m að ummáli og grjót stendur upp úr túni á nokkrum stöðum.

**Hafnir-15**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Suður undan Belsibub eru fjórir balar frá austri til vesturs. Sá nyrsti heitir Neðstibali, Bænhúsbali, Skemmubali og Efstibali er syðst. Sunnan við hann liggur gata austur úr túninu og er það þjóðleiðin." (ÖS: 6).

**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni lá gamli vegurinn ofan við túnið og austur að Hafnaá. Enn sér fyrir veginum á kafla efst í túninu sem liggur neðan við núverandi þjóðveg, á alls um 124m kafla. Eldri akvegur lá á milli gömlu leiðarinnar og núverandi þjóðvegar.

## *Hafnakot*

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705 er sagt frá eyðihjáleigu innan túns sem hafi verið í byggð um 20 ár en farið í eyði fyrir manna minni (JÁM VIII: 478). Ekki er nákvæmlega ljóst hvar þetta býli hefur staðið en talið líklegt að það hafi verið þar sem nú stendur sumarbústaður um 360m ANA af íbúðarhúsinu (heimildam. Sveinn Sveinsson). Það virðist þó líklegt að sá staður hafi verið utan túns og má vera að bærinn hafi staðið vestar, nær því sem fjárhúsin (nr. 14) stóðu áður.

**Hafnir-124**
**Sérheiti:** Hafnakot
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Fyrir austan skemmuna, næst mýrinni, er þúfnareitur, Bænhúsreitur. Þar fyrir austan alla leið á enda túnsins, næst mýrinni, var Belsibub, þýft, afar grýtt stykki og illt að slá áður fyrr, en því var bylt af Sig. Á. Við austurenda þessa stykkis af túninu eru tóftabrot, Hafnakot. “ (ÖS: 6).
**Lýsing**
Samkvæmt Sveini Sveinssyni mun Hafnakot hafa verið á svipuðum stað og sumarhúsið sem er tæplega 370m austur af íbúðarhúsinu, austan túnsins. Vignir Sveinsson sagði að ekki hefði hann séð tóftir á þessum stað þegar hann hóf framkvæmdir á svæðinu, en þegar grafið var fyrir undirstöðum sumarhússins fundust hnífapör í holunni. Engar minjar fundust þar við vettvangsskráningu 2008.
**Aðrar upplýsingar**
Í Jarðabók Á. M. og P. V. Frá 1705 segir: „Hafnakot, eyðihjáleiga innan garða bygð fyrir manna minni, og varaði bygðin inn til næstu tuttugu ára, síðan verið í auðn. Landsskuld xxx álnir í fiski til heimabóndans. Leigukúgildi ekkert. Fóðrast kunni ein kýr naumlega. Ekki má hjer aftur byggja nema jörðunni til meins og skaða.“ (JÁM: 478).

## Minjar utan túns

**Hafnir-16**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Hrunin varða og steinlögn eða hugsanlega leikstaður barna er á ógrónum hól tæplega 300m SSV af íbúðarhúsinu.
**Lýsing**
Nyrst er hrúga af grjóti eða leifar hruninnar vörðu sem er um 80sm há en til suðurs frá því er steinlögn um 40sm breið og 15-20sm há. Hlutverk er óþekkt en hugsanlega gæti verið um leikstað barna að ræða.



*Mynd 16, varða á klapparholti um 300m sunnan við íbúðarhúsið á Höfnum. Suðaustan við hana, er lág grjóthrúga og einföld hleðsluröð suðvestan hennar. Horft í norðvestur.*



*Mynd 17, óþekkt hleðsla nr. 17.*

**Hafnir-17**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Steinlögn
**Staðhættir**
Hrunin varða og steinlögn eða hugsanlega leikstaður barna er á ógrónum hól tæplega 300m suður af íbúðarhúsinu.
**Lýsing**
Um 4m suðaustur af vörðu sem skráð er **nr. 16** er steinlögn um 10sm á hæð og breidd um 30-40sm. Norðaustan við er lág grjóthrúga 20-30sm há og um 1x1,5m að utanmáli. Hlutverk er óvíst en hugsanlega hefur einhvern tímann verið þarna leikstaður barna.

**Hafnir-18**
**Hlutverk:** Torfrista
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Um 1km norður af bænum á Höfnum vestan Rekavatns eru torfgrafir skammt frá gömlum vegslóða niður að sjó.
**Lýsing**
Grafarsvæðið er um hálfur hektari. Hugsanlega hefur þarna verið tekið efni í garðlagið umhverfis nátthagan (nr. 19) sem er undir klapparhæðinni um 30m austar.



*Mynd 18, stæðilegur garður er umhverfs nátthaga norðvestan við Rekavatn. Horft til suðurs heim að Höfnum.*

**Hafnir-19**
**Hlutverk:** Nátthagi
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning**
Um 1km norður af bænum á Höfnum er nátthagi suðvestan í stórri klapparhæð.
**Lýsing**
Garðurinn er torfhlaðinn á öllum hliðum nema að norðaustan efst á klapparhæðinni þar sem hann er grjóthlaðinn. Torfveggirnir eru um 1-1,4m breiðir og á bilinu 20-80sm háir, heillegastir efst undir brekkunni en óljósari neðst einkum að suðaustan. Grjótgarðurinn er á köflum vel standandi en þó hefur hrunið verulega úr honum á einum stað fyrir miðju, hann er um 120sm í grunninn og um 90sm hár, þar sem hann stendur.
**Aðrar upplýsingar**
Í jarðamati frá 1916 segir: „Nátthagi við sjóinn, nýlega afgirtur og gefur af sér um 40hb árl. af góðu heyi.“ (Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 270). Gróið svæði innan nátthagans er í dag rúmlega 0,4 hektarar

**Hafnir-20**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rúma 190m norðaustan við nátthagann (nr. 19) er lítil tóft norðan undir sama klapparhrygg.
**Lýsing**
Tóftin er byggð upp við klöppina að sunnan, veggir um 2m langir og 15sm háir að austan og vestan en dyr til norðurs. Veggjabreidd, 120-150sm.

**Hafnir-21**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Tæpa 100m SSV af syðstu tóftinni á Stekkjarhóli (nr. 22) er niðurgröftur.
**Lýsing**
Um er að ræða 70sm djúpa sporöskjulaga niðurgröft sem er 3x2m ummáli.




**Hafnir-22**
**Sérheiti:** Stekkjarhóll
**Hlutverk:** Stekkur?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Stekkjarhóll er á nesinu milli Sandvíkur og Kaldranavíkur og á honum og umhverfis hann eru tóftir.
**Lýsing**
Stekkjarhóll er um 16x16m að ummáli og á honum er tóft og snýr hún austur/vestur. Tóftin er hálfgrafin inn í hólinn að austan og alveg opin til vesturs. Hún 2x5m að innanmáli. Veggir eru hæstir til austurs um 60-70sm frá gólfi en langveggir lækka með hólnum til norðurs. Útbrúnir illgreinanlegar en vottar fyrir þeim að norðar og austan, um 10sm háar frá hólnum. Breidd veggja er um 1-1,2m. Óljós veggjalög eru greinanlega austan við tóftina efst á hólnum um 2x2m að innanmáli, hugsanlega leifar af lambakró. Veggjabreidd um 40sm og hæð 5-10sm.

**Hafnir-23**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Suðvestan við Stekkjarhól er annar hóll, 15x16m að ummáli og á honum sokkin og illgreinanleg tvískipt tóft.
**Lýsing**
Nyrðra hólfið er 2x5m að innanmáli og liggur norðvestur/suðaustur. Brúnir veggja eru ógreinilegar um 10-15sm háir veggir og virðast um 60sm breiðir. Syðra hólfið er nokkuð

minna um 180x230sm að innanmáli. Ekki er hægt að greina dyr á milli tófta. Tóftin er gróin en grjót sést í vegg mót suðaustri hún fellur vel inn í umhverfi sitt.

**Hafnir-24**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Austur undir Stekkjarhól er um 10sm djúpur niðurgröftur 1,5x2m að ummáli. Hlutverk óvíst.
**Lýsing**
Um 7m austur af Stekkjarhól er nokkuð stór aflöng, hálf niðurgrafin tóft, 12x3m að innanmáli á milli innri brúna en þá tekur við 1m breiður stallur meðfram langhliðunum og hugsanlega hefur verið einhver kofi við suðurendann, 3x2m að innanmáli. Frá botni tóftar og upp á stallinn eru um 40sm og frá honum eru útveggirnir um 50-60sm háir. Útbrúnir að vestan eru illgreinanlegar og ekki meira en svona 5sm háar. Aflíðandi halli er að sunnan og austan um 60sm hár. Grjót sést á nokkrum stöðum þar sem rofið er úr innanverðum veggjum. Tóftin er að öðru leyti gróin og sker sig ekki gróðurfarslega úr umhverfi sínu. Hún liggur nálega norður/suður.

**Hafnir-25**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 7m austur af Stekkjarhól er nokkuð stór aflöng, hálf niðurgrafin tóft.
**Lýsing**
Hún er 12x3m að innanmáli á milli innri brúna en þá tekur við 1m breiður stallur meðfram langhliðunum og hugsanlega hefur verið einhver kofi við suðurendann, 3x2m að innanmáli. Frá botni tóftar og upp á stallinn eru um 40sm og frá honum eru útveggirnir um 50-60sm háir. Útbrúnir að vestan eru illgreinanlegar og ekki meira en svona 5sm háar. Aflíðandi halli er að sunnan og austan um 60sm hár. Grjót sést á nokkrum stöðum þar sem rofið er úr innanverðum veggjum. Tóftin er að öðru leyti gróin og sker sig ekki gróðurfarslega úr umhverfi sínu. Hún liggur nálega norður/suður.


*Mynd 19, tóft nr. 25 horft SSA.*

**Hafnir-26**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Suðaustan við Stekkjarhólinn er fremur óljós tóft sem liggur norðaustur/suðvestur.
**Lýsing**
Tóftin er 3,5x2m að innanmáli og er um 10-15sm djúp lægð ofan í tóftina en greinilegir veggir eru til suðurs og austurs 1,5m breiðir og um 20sm háir. Engar greinilegar dyr eru á tóftinni. Gata liggur eftir suðurveggnum á milli fyrrnefndra hóla.

**Hafnir-27**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Norðaustan við Stekkjarhól er tvískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðvestur/suðaustur með dyr mót norðvestri en ekki er að sjá að innangengt hafi verið á milli tófta. Veggir eru mjög sokknir og ógreinilegir, einkum til norðvesturs. Þar sem þeir eru greinilegastir eru þeir um 60sm breiðir og 5-10sm háir. Tóftin er öll um 3,5x2m að innanmáli. Óglöggur lítill veggur skiptir tóftinni í tvennt. Tóftin sker sig ekki úr umhverfis sínu gróðurlega.

**Hafnir-28**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 30m suðaustur af Stekkjarhól er ógreinileg tóft.
**Lýsing**
Tóftin er mjög óljós hugsanlega tvískipt, hún er 5x9m að utanmáli og stendur á um 70sm hárri upphækkun sem bent gæti til þess að hún væri byggð á einhverju eldra. Tóftin er jarðsokkin og um 10sm djúpar dældir eru í hólinn, breidd veggja er mest um 1,5m.




**Hafnir-29**
**Sérheiti:** Sandvík
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Víkin vestur af Stekkjarhóli heitir Sandvík. Fyrir miðri fjörunni í henni eru tvær tóftaþyrpingar sú austari hugsanlega fjórir sambyggðir kofar, 10x15m að ummáli. Tóftirnar standa á nokkurri upphækkun, sléttri en þýft er umhverfis.

**Lýsing**
Syðst er tóft sem liggur norður/suður með dyr mót suðri. Hún er 2,3x2m að innanmáli. Veggir eru um 90sm breiðir og 10-15sm háir. Lágar þúfur eru í tóftinni. Þar norðaustan við er smærri tóft 120x120sm að innanmáli með dyr til vesturs. Hvassar brúnir eru á veggjum að innanverðu um 15sm háar. Veggurinn milli tóftanna er um 2m breiður en aðrir veggir um 60sm breiðir og 5-10sm háir að utan. Norðar og nokkuð lægra er tóft eða niðurgröftur eins og fjórðungur úr hring sem er um 2,2m í radíus um 10sm djúpur. Veggir eru ekki greinanlegir til norðurs. En veggir sambyggðra tófta eru til suðvesturs og suðausturs. Þar suðaustan við er tóft, 6x4m að utanmáli en 2,5x1,8m að innanmáli og snýr norðaustur/suðvesturs. Ávalar brúnir eru á veggjum sem eru að innan um 10-20sm og breidd frá 90-200sm. Vegghæð að utan 5-30sm. Sunnan við tóftina er smá lægð 3x1,5m að innanmáli. Tóftirnar skera sig ekki úr umhverfi gróðurfarslega.

**Hafnir-30**
**Sérheiti:** Sandvík
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Víkin vestur af Stekkjarhóli heitir Sandvík. Fyrir miðri fjörunni í henni eru tvær tóftaþyrpingar, sú vestari í heild um 20x29m að utanmáli og skiptist hún í tvennt og er hér lýst nyrðri þyrpingunni.
**Lýsing**
Nyrst á hólrananum er lítil kofatóft vel greinanleg. Veggjabreidd um 160sm og hæð frá gólfi 10sm kantar og svo aflíðandi upp veggina í um 40sm til suðvesturs og norðausturs en um 70sm að suðaustan. Hugsanlega hefur sá veggur að hluta til lagst inní tóftina en gólfflötur hennar er aðeins 80x90sm. Dyr virðast hafa verið til norðvesturs. Norðaustan við er hugsanlega önnur tóft en ekki eins greinileg. Þó virðist veggur ganga til norðausturs út frá hólrananum suðaustur í kofatóftinni. Veggir rofnir af fjárgötum að austan en þýfðir veggir og fremur óljósir að norðaustan. Dyr eða stafn til norðvesturs.

**Hafnir-31**
**Sérheiti:** Sandvík
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Fyrir miðri fjörunni í Sandvík eru tvær tóftaþyrpingar, sú vestari um 20x29m að utanmáli og skiptist hún í tvennt og er hér lýst syðri þyrpingunni.
**Lýsing**
Suðaustan við tóftirnar sem áður er lýst eru fjórar tóftir og nokkrar dældir suðvestan við þær. Tóftirnar liggja frá norðaustri til suðvesturs. Nyrst er tvískipt tóft og er nyrðri tóftin 2x2m að innanmáli með dyr mót norðvestri. Vegghæð að innan um 50sm, breidd veggja 2,5m að norðaustan en annars um 1m. Syðri tóftin er 2x2m að innanmáli og eru dyr úr henni til vesturs yfir í næstu tóft. Breidd veggja er 1-1,5m og hæð 20-40sm. Vestan við er stærri tóft, 2,5x3m að innanmáli og snýr hún nnv/ssa, með dyr til nnv. Austan í þyrpingunni er lítil hola um 1m í þvermál, brúnir að innan nokkuð skarpar um 15sm háar. Útbrúnir veggja eru óljósar en veggir virðast um 60sm breiðir og 0-5sm háir að utan. Suðvestan við tóftirnar eru þrjár dældir 5-10sm djúpar og hugsanlega hafa staðið þar mannvirki nú horfin.

**Hafnir-32**
**Hlutverk:** Uppsátur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Vestan við Sandvík er nes sem heitir Hjallanes. Töluvert er af minjum á nesinu og suður og suðvestur af því.
**Lýsing**
Efst á hól beint suður af Hjallanesi eru samsíða grjóthlaðnir veggir. Þeir snúa nálega norður/suður, eru 75sm breiðir og mest um 45sm háir. Norðurhluti tóftar liggur ofar á hólnum og eru veggir þar hærri en til suðurs eru þeir um 25sm háir en til suðurs eru þeir um 45sm háir. Innanmál tóftar er 7x1,3m. Hóllinn er grasi gróinn en grjót sést ofan á öllum veggjum. Suðvestan við tóftina eru tveir niðurgreftir um 3x3m að ummáli og um 10sm djúpir. Hugsanlega hefur þar verið tekið efni.



**Hafnir-33**
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af tóftum sunnan og suðvestan við Hjallanes.
**Lýsing**
Um 40m suðvestur af tóftinni á hólnum sem skráð er nr. 32 er önnur tóft, nálega ferhyrnd, hugsanlega með litlum kofa til vesturs, hún liggur nálega nna/ssv. Tóftin er grasi gróin 2,5x2,5m að innanmáli, veggir eru 80sm breiðir og 30sm háir og eru dyr til vesturs. Innanmál minni tóftar er um 75x120sm. Um 20sm djúpur niðurgröftur er vestan tóftarinnar. Þar hefur hugsanlega verið tekið torf.

**Hafnir-34**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af tóftum sunnan og suðvestan við Hjallanes.
**Lýsing**
Rúmlega 100m suðvestur af hólnum (sjá **nr. 32**) er grjóthlaðin tóft sem snýr norður/suður og snúa dyr mót norðri. Grjóthleðslur sjást í veggjum en tóftin að öðru leyti gróin grasi. Suðurveggur er nálega horfinn og aðeins er smá kantur eftir af honum. Hæð veggja er um 50sm, breidd 90sm og tóftin er að innanmáli 1,5x3,3m.

**Hafnir-35**
**Hlutverk:** Óþekkt/Kofi
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðhættir**
Töluvert er af tóftum sunnan og suðvestan við Hjallanes.
**Lýsing**
Rúmlega 40m suðvestur af tóft **nr. 34** er ferhyrnd grjóthleðsla 3,5x4m að utanmáli með nokkuð stóru grjóti, hugsanlega leifar af hrundum kofa.

**Hafnir-36**
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Hættumat:** Minjunum stafar hætta af landbroti
**Staðhættir**
Töluvert er af tóftum sunnan og suðvestan við Hjallanes.
**Lýsing**
Tvískipt tóft er um 50m vestur af hólnum (sjá **nr. 32**). Tóftin snýr norðvestur/suðaustur er vel gróin en sér í grjót í útbrún veggja. Suðausturhluti tóftar er mun greinilegri og er 2x1,2m að innanmáli. Veggjahæð er mest um 30sm og breidd veggja mest um 70sm. Dyr á norðari tóft eru mót norðaustri. Syðri tóftin er 2x1m að innanmáli og dyr snúa mót suðvestri. Ógreinilegt veggjalag um 2,5m á lengd virðist liggja til norðurs frá tóftinni.

**Hafnir-37**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af tóftum sunnan og suðvestan við Hjallanes.
**Lýsing**
Önnur tóft minni tóft er 2m sunnan tóftarinnar sem skráð er **nr. 36**, 1,2x1,2m að innanmáli, hugsanlega með dyr til norðurs. Tóftin snýr nna/ssv. Mesta breidd veggja er um 60sm og hæð um 20sm. Hún er algróin.

**Hafnir-38**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af tóftum sunnan og suðvestan við Hjallanes.
**Lýsing**
Vestur undir hólnum (sjá **nr. 32**) er tóft, grasi gróin um 2,5x4m að innanmáli. Tóftin er full af heyi og því óvíst hvort einhver veggjalög sé inní henni. Veggir að utan er um 20-30sm háir og mesta breidd veggja er um 1,2m. Tóftin liggur austur/vestur og snúa dyr mót vestri.

**Hafnir-39**
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af tóftum sunnan og suðvestan við Hjallanes.
**Lýsing**
Um 8m norðan við hólinn (sjá **nr. 32**) er tvískipt tóft sem liggur norður/suður og virðast dyr vera til norðvesturs. Syðra hólfið er 1,4x0,5m að innanmáli, mesta hæð veggja er um 60sm og breidd mest um 80sm. Innangengt er inn í nyrðra hólfið sem er um 2x2m að innanmáli og hæð veggja er 15-25sm. Tóftin er gróin en sér í grjót á nokkrum stöðum.

**Hafnir-40**
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af tóftum sunnan og suðvestan við Hjallanes.
**Lýsing**
Þrískipt tóft er á hól um 80m vestnorðvestur af hólnum (sjá **nr. 32**). Hóllinn er grasi gróinn, nokkuð hár og liggur beint suður af fjörunni. Tóftin eru austarlega á honum og snýr austur/vestur. Vestasta hólfið er 2x4m að innanmáli, hæð veggja 30-50sm, dyr snúa mót vestri og er veggur þar fremur lágur. Hólfið í miðjunni er 3x3m að innanmáli. Óvíst er hvort innangengt hafi verið á milli tófta. Dyr gætu hafa snúið mót norðri þar sem rof er á vegg. Innangengt er í austasta hólfið sem er 2x3m að innanmáli og nær það alveg austur á hólbrúnina. Veggir eru lágir um 10-30sm mest. Tóftin er vel gróin en sér í grjót á veggjum á stöku stað, sem mest eru um 1,5m á breidd en víða á milli 80-100sm.

**Hafnir-41**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Töluvert er af tóftum sunnan og suðvestan við Hjallanes.
**Lýsing**
Vestan við áður skráða tóft (sjá **nr. 40**) er önnur aflöng grjóthlaðin tóft 2x10m að innanmáli. Hún liggur norður/suður, tveir samsíða veggir en opin til beggja enda. Veggir standa ágætlega eru um 40sm háir til austurs og um 80sm til suðurs, breidd þeirra er um 110sm.

**Hafnir-42**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af tóftum sunnan og suðvestan við Hjallanes.
**Lýsing**
Um 13m norður af tóft (sjá **nr. 34**) er aflöng tóft sem liggur nálega austur/vestur, 3x8m að innanmáli, breidd er 130sm og hæð veggja 25-45sm Tóftin er algróin og veggir að hluta komnir í þúfur. Dyr eru ekki greinanlegar á tóftinni.

**Hafnir-43**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af tóftum sunnan og suðvestan við Hjallanes.
**Lýsing**
Þrír samsíða veggir sem liggja frá austri til vesturs eru sunnan við vegslóðann sem liggur eftir Kolkuvík. Austasti veggurinn er hæstur og greinilegastur 4,5m á lengd, hæð 30sm og breidd er 120sm. Veggurinn fyrir miðið er 4m langur, 10-20sm á hæð og um 1m á breidd. Vestasti garðurinn er 5m langur, 10-20sm á hæð og 1m á breidd. Garðlögin eru gróin en sér í grjót í þeim.

**Hafnir-44**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á þurrum rinda í mýri suðvestur af Æðartjörn er tóft.
**Lýsing**
Tóftin opin til norðausturs en dyr gætu þó einnig hafa verið til suðvesturs. Suðurveggur er stæðilegur, 50sm hár, 1m breiður torfveggur. Norður veggurinn er mikið rofinn um 30sm hár og 1,5m breiður. Tóftin er gróin.

**Hafnir-45**
**Hlutverk:** Stekkur?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tvær tóftir eru norðvestan við Æðartjörn, nyrðri tóftin er þrískipt og liggur suður undir hól, hugsanlega stekkur.
**Lýsing**
Tóftin er algróin grasi og mosa er í veggjum. Innangengt er á milli tveggja stærri tóftanna sem liggja austur/vestur en ekki sjást dyr yfir í minni tóft sem er norðan við vestari tóftina. Vestari tóftina, hugsanlega lambakró er 2x2m að innanmáli, hæð veggja er 30-50sm og breidd um 60sm. Réttin að austan er 3,x2m að innanmáli, gróin en sést í grjóthleðslur í veggjum. Dyr eru upp í brekkuna mót norðri. Hugsanlega er lítil tóft, norðan við krónna 1x1m að innanmáli. Hæð veggja er frá 5-20sm.




**Hafnir-46**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tvær tóftir eru norðvestan við Æðartjörn, syðri tóftin er gömul að sjá og liggur á vestanverðum vatnsbakkanum.
**Lýsing**
Tóftin virðist gömul, er um 25sm djúp dæld ofan í hól, alls um 2,5x2m að innanmáli og breidd veggja um 150sm. Tóftin liggur austur/vestur og er algróin, grasi, mosa og lyngi í veggjum.

**Hafnir-47**
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 30m norður af kofa sem stendur sunnan við Hjallanes.
**Lýsing**
Óljós tóft, tvískipt 8x5m að innanmáli, hálfhringlaga og skiptist í tvennt. Útbrúnir eru greinilegar 15sm háar og fremur ávalar. Norðan við er önnur aflöng þrískipt tóft (nr. 48), sem hugsanlega hefur verið sambyggð þessari.

**Hafnir-48**
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 1,5m norðan við áðurnefnda tóft nr. 47 er hugsanlega þrískipt tóft utan í garðlagi.
**Lýsing**
Garðlagið gengur til norðvesturs frá tóft nr. 47. Það er 1m á breidd og um 20sm hátt grasið gróið með ávalar brúnir. Í framhaldi norðarlega á garðinum er hugsanleg tóft 5x3m að innanmáli. Austur veggur er mjög óljós og norður veggur einnig. Vestur veggur er 1m á

breidd og 20sm hár en suður veggur er 2m á breidd og 30sm hár. Grjót sést í veggjum en ekki er hægt að tala um greinilegar hleðslur. Áfast sunnan við er smærri tóft 2x2m að innanmáli, líklega opið til norðurs en það er fremur óljóst og einnig austur og suður veggur. Þar sunnan við virðist vera tóft eða að minnsta kosti veggur sem gengur til norðausturs, mjög óljós.

**Hafnir-49**
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Syðst á Hjallanesi er all mikill hóll og á honum fjöldi tófta. Norðan hólsins í lægðinni áður en fer að hækka út eftir nesinu eru garðlög og hugsanlega tóftir, grónar og jarðsokknar minjar.
**Lýsing**
Tæplega 10m norðan við garðlagið er óljós sokkin og mikið gróin tóft, hugsanlega tvískipt. Tóftin er hálf hrunin í sjó. Grjót sést í veggjum á stöku stað. Tóftin er ásamt tóftinni að neðan á svolitlum hólrana sem er mest um 2m á hæð og nokkuð norðar endar hóllinn og þar tekur nesið að hækka og hækkar því meir sem utar dregur.

**Hafnir-50**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Syðst á Hjallanesi er all mikill hóll og á honum fjöldi tófta. Norðan hólsins í lægðinni áður en fer að hækka út eftir nesinu eru garðlög og hugsanlega tóftir, grónar og jarðsokknar minjar.
**Lýsing**
Norðaustan við tóft sem skráð er **nr. 35** er mjög greinileg tóft með miklu grjóti, einnig að hluta komin í sjó. Hæð veggja er 10-20sm. Tóftin er ásamt tóftinni að neðan á svolitlum hólrana sem er mest um 2m á hæð og nokkuð norðar endar hóllinn og þar tekur nesið að hækka og hækkar því meir sem utar dregur.

**Hafnir-51**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Á Hjallanesi þar sem sveigja er á nesinu (sjá yfirlitskort hér að framan) eru sex litlar holur.
**Lýsing**
Nyrsta og vestasta holan er tæplega 1x1m að utanmáli smá bakka umhverfis 0,5m breiðum. Holan er algróin og hlutverk ekki þekkt en henni svipar um margt til kolagrafa sem finnast víða um land.

**Hafnir-52**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Á Hjallanesi þar sem sveigja er á nesinu (sjá kort) eru sex litlar holur.

**Lýsing**
Nyrsta holan er tæplega 1x1m að innanmáli og er um 70sm breiður bakki utan um hana. Hún er um 10sm djúp.

**Hafnir-53**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Á Hjallanesi þar sem sveigja er á nesinu (sjá kort) eru sex litlar holur.
**Lýsing**
Minnsta holan er um 0,5x0,5m að innanmáli, hún er um 10sm djúp en enginn kantur er utan um hana eins og tóftir nr. 36 og 37. Holan er algróin og hlutverk ekki þekkt en henni svipar um margt til kolagrafa sem finnast víða um land.

**Hafnir-54**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Á Hjallanesi þar sem sveigja er á nesinu (sjá kort) eru sex litlar holur.
**Lýsing**
Holan sem er lengst til austurs er um 1,2m að þvermáli, hún er 15sm djúp en ekki er kantur utan um hana eins og hjá minjum sem skráðar eru **nr. 36 og 37**. Holan er algróin og hlutverk ekki þekkt en henni svipar um margt til kolagrafa sem finnast víða um land.

**Hafnir-55**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Á Hjallanesi þar sem sveigja er á nesinu (sjá kort) eru sex litlar holur.
**Lýsing**
Holurnar liggja í hálfhring og eru tvær syðstar og eru hlið við hlið. Austari holan er minni um 60sm að þvermáli og um 20sm djúp. 5sm hár kantur og 50sm breiður er utan um holuna. Holan er algróin og hlutverk ekki þekkt en henni svipar um margt til kolagrafa sem finnast víða um land.

**Hafnir-56**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Á Hjallanesi þar sem sveigja er á nesinu (sjá kort) eru sex litlar holur.
**Lýsing**
Holurnar liggja í hálfhring og eru tvær syðstar og eru hlið við hlið. Vestari holan er stærri um 1m að þvermáli og um 20sm djúp. 5sm hár kantur og 60sm breiður er utan um holuna. Holan er algróin og hlutverk ekki þekkt en henni svipar um margt til kolagrafa sem finnast víða um land.

**Hafnir-57**
**Hlutverk:** Uppsátur
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Um það bil fyrir miðju Hjallanesi eru leifar uppsáturs eða nausts.
**Lýsing**
Þegar norðar dregur á nesinu er smá hæð og eru þar leifar nausts eða uppsáturs. Það eru tveir grjóthlaðnir veggir samsíða og liggja norðaustur/suðvestur. Veggirnir eru um 60sm háir og 1m breiðir að mestu úr grjóti.

**Hafnir-58**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á milli Sandvíkur og Kolkuvíkur er Hjallanes en þar er fjöldi tófta sem tengjast útgerð á nesinu.
**Lýsing**
Framarlega á nesinu er lítil niðurgrafin tóft. Um 2x2m að innanmáli. Hún gengur inn í brekku að norðaustan og þar er grjóthlaðinn bakki en annars er torf í veggjum. Útbrúnir óljósar nema til suðvesturs. Tóftin er 15-50sm djúp.

**Hafnir-59**
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á milli Sandvíkur og Kolkuvíkur er Hjallanes er fjöldi tófta sem tengjast útgerð á nesinu. .
**Lýsing**
Ofan við niðurgröfnu tóftina eru tvær grunnar lægðir um 5-10sm djúpar og að því er virðist veggjalög umhverfis, hugsanlega tvískipt tóft. Veggir eru þó fremur óljósir nema veggurinn að norðvestan sem er að vísu mjög sokkinn, 10sm hár en grjóthleðslur greinilegar, veggurinn er mun lengri en tóftin. Grjót sést ekki annarsstaðar. Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 6x8,5m að utanmáli.

**Hafnir-60**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á milli Sandvíkur og Kolkuvíkur er Hjallanes en þar er fjöldi tófta sem tengjast útgerð á nesinu. .
**Lýsing**
Norðan við áðurnefnda óljósa tóft **nr. 59** er mjög sokkin en greinileg tóft sem liggur nna/ssv, opin til suðsuðvesturs. Veggir eru 50sm breiðir og 5-10sm háir, grjóthlaðnir. Utanmál tóftar er 2,5x4,5m.

**Hafnir-61**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag/Veggjalag
**Staðhættir**
Á milli Sandvíkur og Kolkuvíkur er Hjallanes en þar er fjöldi tófta sem tengjast útgerð á nesinu. .
**Lýsing**
Samsíða vestan við tóft **nr. 60**, er nokkuð hár og greinilegur torf- og grjóthlaðinn veggur. Um 50sm hár og 1m breiður og um 4m á lengd. Vestan við vegginn gæti verið tóftargólf 1,3x4m að ummáli og liggur nálega norður/suður. Vestan við vegginn gæti verið tóftargólf og önnur tóft þar vestan við opin til vesturs, um 4x4,5m að utanmáli. Tóftin snýr norðvestur/suðaustur.

**Hafnir-62**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á milli Sandvíkur og Kolkuvíkur er Hjallanes en þar er fjöldi tófta sem tengjast útgerð á nesinu. .
**Lýsing**
6m suðvestan við tóft **nr. 61** er önnur nokkuð stæðileg tóft með um 50sm háa grjót- og torfhlaðna veggi um 1m breiða. Tóftin liggur nálega nna/ssv og er opin til suðsuðvesturs.

**Hafnir-63**
**Hlutverk:** Uppsátur/Naust
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á milli Sandvíkur og Kolkuvíkur er Hjallanes en þar er fjöldi tófta sem tengjast útgerð á nesinu. .
**Lýsing**
Suðvestanvert á nesinu, þar sem nesið byrjar, eru tóftir þriggja nausta. Naustin liggja í röð frá norðaustri til suðvesturs og snúa öll norðvestur/suðausturs. Tvær nyrðri tóftirnar liggja saman. Vegghæð er um 30sm og breidd veggja um 50-100sm. Nokkuð er af grjóti í veggjum tóftanna og sömuleiðis í þeim miðjum en tóftirnar að öðru leyti grónar. Utanmál nyrstu tóftar er 4x7m en syðri tóftarinnar er 3x5m. Grjóti hefur skolað upp í tóftirnar í flóði.


*Mynd 20, horft suðvestur yfir uppsátur eða naust (nr 63 og 64) í Sandvík suðvestan til á Hjallanesi.*

**Hafnir-64**
**Hlutverk:** Uppsátur/Naust
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á milli Sandvíkur og Kolkuvíkur er Hjallanes en þar er fjöldi tófta sem tengjast útgerð á nesinu. .
**Lýsing**

Sunnan við tóftir **nr. 36** er önnur tóft eins. Vegghæð er um 20-30sm og breidd veggja um 100-110sm. Utanmál hennar er 4,5x6,5m. Tóftin er gróin en grjót sést í veggjum og grjóti hefur skolað upp í tóftina.

**Hafnir-65**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á milli Sandvíkur og Kolkuvíkur er Hjallanes, alveg syðst og vestast á nesinu er tóft.
**Lýsing**
Um 4m suðvestur af syðsta naustinu er tóft, nokkuð veglegri en naustin sem áður eru skráð. Hæð veggja er um 40sm og breidd þeirra um 1m. Innanmál er 3x3m en brotið er af tóftinni til norðvesturs. Tóftin er gróin en grjót úr fjörunni er í tóftinni.

**Hafnir-66**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á milli Sandvíkur og Kolkuvíkur er Hjallanes. Á flatlendinu suðvestan við nesið er hóll.
**Lýsing**
Hóllinn er um 14-9m að ummáli og efst á honum eru mjög óljósar mannvirkjaleifar 6x4m að utanmáli.

**Hafnir-67**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Kólkunes er vestur af Hjallanesi. Syðst og vestast á því er grjóthlaðin tóft.
**Lýsing**
Tóftin er einföld með dyr til vesturs og hruni er úr veggjum við dyraop. Mikið grjót er í veggjum en tóftin jafnframt vel gróin. Hæð veggja er 30-100sm og breidd 130-200sm.

**Hafnir-68**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af minjum á Kolkunesi og syðst og vestast á nesinu, norður af vegslóðanum sem liggur meðfram sjónum er lítil tóft sem snýr nnv/ssa.
**Lýsing**
Tóftin er grjóthlaðin um 2x3m að innanmáli, breidd veggja er 75sm og hæð þeirra um 25sm. Grjóthleðslur sjást greinilega en tóftin er annars gróin. Dyr snúa mót suðri (ssa).




**Minjar á Kolkunesi**

**Hafnir-69**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af minjum á Kolkunesi. Rúmlega 20m norður af tóft **nr. 68** er grjóthlaðin tóft eða grjóthlaðnir samsíða veggir sem liggja norður/suður.
**Lýsing**
Veggirnir eru um 30sm háir og virðist hluti veggja horfinn og einkum er vesturveggur illa farinn. Breidd veggja er um 90sm, grjóthleðslur sjást greinilega en að öðru leyti eru þeir grasi grónir. Um 3m eru á milli veggja.

**Hafnir-70**
**Hlutverk:** Naust
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af minjum á Kolkunesi. Rúmlega 20m norður af tóft **nr. 68** eru leifar tóftar, hugsanlega nausts.
**Lýsing**
Hluti tóftar er farinn í sjó og sjást hleðslur í rofbakka til vesturs. Tóftin snýr austur/vestur og er alveg fram á sjávarbakkanum vestast á nesinu. Norðurveggur er hvað greinilegastur um 100sm breiður og 15sm á hæð. Tóftin er algróin grasi.

**Hafnir-71**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af minjum á Kolkunesi en stærst fjárhústóft syðst og austast á nesinu.
**Lýsing**
Húsin liggja norðaustur/suðvestur og er hlaða eða heytóft til norðausturs. Um er að ræða samstæðuhús sem hefur verið breitt eða tveggja garða hús með einhölukró vestan við. Lítið er eftir af torfi í veggjum. Norður útveggur er 30-100sm hár og breidd hans er 170sm úr torfi og grjóti. Útveggur hlöðu er 30-40sm hár og 30-150sm breiður, hlaðin úr torfi og grjóti. Í innveggjum eða görðum er að mestu grjót og eru þeir um 30-60sm háir og 100-180sm breiðir. Útveggur til suðurs er frá 50-130sm á hæð og breidd hans er um 1,5m, hann er hlaðinn úr torfi og grjóti. Grjót sést í öllum veggjum og torf í útveggjum en gróið er ofan á veggjum og í tóftinni.


*Mynd 21, fjárhús á Kolkunesi (nr. 71), horft til norðvesturs.*

**Hafnir-72**
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af minjum á Kolkunesi en stærst er fjárhústóft (**nr. 71**) syðst og austast á nesinu og norðaustan hennar er sokkin tóft að líkindum töluvert eldri, líklega leifar sjóbúðar.
**Lýsing**
Tóftin er 9x7m að utanmáli og liggur upp við klöpp, hún er sokkin og útlínur fremur ógreinilegar. Nyrsta hólfið er hvað greinilegast 3x3m að innanmáli, dyr snúa mót vestri. Tvö hólf eru sunnar bæði með dyr til suðurs. Mesta breidd veggja er um 140sm og hæð um 15sm. Tóftin er gróin en sér í grjót efst í veggjum hún liggur fram á austurbrún nessins og er í mikilli hættu.

**Hafnir-73**
**Hlutverk:** Verbúð?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af minjum á Kolkunesi en stærst er fjárhústóft syðst og austast á nesinu og norðaustan þeirra er sokkin tóft að líkindum töluvert eldri. Líklega leifar sjóbúðar eða annarra sjóminja á nesinu.
**Lýsing**
Um 7m sunnan er tóftarbrot, gróið. Veggir eru sokknir og hæð þeirra er mest um 20sm og breidd mest rúmlega 100sm.

**Hafnir-74**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af minjum á Kolkunesi. Fimm tóftir eru í hnapp fyrir miðju nesinu norðarlega, syðst og vestust þeirra er hringlaga tóft.
**Lýsing**
Tóftin er 5x5m að innanmáli, ekki er hægt að greina dyr en tóftin er hlaupin í þúfur. Smá bunga er fyrir miðri tóftinni en engin veggjalög greinileg. Hún er algróin, veggir eru 60sm breiðir þar sem þeir eru breiðastir, hæð 20-30sm.

**Hafnir-75**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af minjum á Kolkunesi. Fimm tóftir eru í hnapp fyrir miðju nesinu norðarlega, syðst og vestust þeirra er hringlaga tóft (**nr. 74**) og norðan hennar er nokkru minni tóft og óljósari. Líklega leifar sjóbúðar eða annarra sjóminja á nesinu.
**Lýsing**
Tóftin snýr nálega norður/suður og er um 7,5x4m að utanmáli. Til austurs er 20sm hár kantur. Norðan við er um30sm djúp hringlaga hola, 40sm í þvermál. Veggir eru greinilegir á tóftinni að utan til norðurs og suðurs, breidd mest 2m.

**Hafnir-76**
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af minjum á Kolkunesi. Fimm tóftir eru í hnapp fyrir miðju nesinu norðarlega, stærst þeirra er aflöng tvískipt tóft norðan við hringlaga tóftina (**nr. 74**). Líklega leifar sjóbúðar eða annarra sjóminja á nesinu.

**Lýsing**
Hugsanlega gripahústóft með heytóft eða hlöðu til norðurs. Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er minna hólfið til norðurs 5x15m að innanmáli. Veggir eru lágir mest um 15sm háir. Breidd milliveggjar er um 100sm og sér í grjót í honum eins og víðar í stærra hólfinu sem er 4x12m að innanmáli. Veggir eru mjög lágir 5-15sm og allt að 120sm á breidd.

**Hafnir-77**
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af minjum á Kolkunesi. Fimm tóftir eru í hnapp fyrir miðju nesinu norðarlega. Austan við aflöngu tóftina **nr. 76** er minni tóft. Líklega leifar verbúðar eða annarra sjóminja á nesinu.
**Lýsing**
Niðurgrafin, um 40sm djúp og liggur nálega austur/vestur. Veggir eru um 150sm breiðir og er tóftin 5x7m að utanmáli. Nokkuð er um grjót. Dyr hafa snúið mót norðvestri.

**Hafnir-78**
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Töluvert er af minjum á Kolkunesi. Fimm tóftir eru í hnapp fyrir miðju nesinu norðarlega og austast þeirra er þrískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin sem er aflöng er þrískipt, nokkuð sokkin og snýr nálega norður/suður, 12x4m að utanmáli. Breidd veggja er í kringum 1m. Nyrsta hólfið er rúmlega 2x2m að innanmáli og dýpt er um 5sm. Næst til suðurs er annað hólf 2x2,3m að innanmáli og er um 5-10sm djúpt. Minnsta hólfið er syðst um 1,5x1,8m að innanmáli og er um 10sm djúpur kantur ofan í það.

**Hafnir-79**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Nyrst á Kolkunesi eru tvær grjóthrúgur samliggjandi. Hrúgurnar eru greinilega manngerðar en óvíst er hvaða hlutverki þær hafa gegnt. Vestari hrúgan er 3x3m að utanmáli en sú austari tæplega 4x4m. Minjarnar tilheyra líklega öðrum sjóminjum á nesinu.

**Hafnir-80**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Nyrst á Kolkunesi eru tvær grjóthrúgur samliggjandi. Hrúgurnar eru greinilega manngerðar en óvíst er hvaða hlutverki þær hafa gegnt. Vestari hrúgan er 3x3m að utanmáli en sú austari tæplega 4x4m. Minjarnar tilheyra líklega öðrum sjóminjum á nesinu.

**Hafnir-81**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Sunnan við Kolkunes er lítil varða eða smá hleðsla.
**Lýsing**
Varðan er rúmlega 70m suðvestur af fjárhústóft sem skráð er nr. 71. Hún er 1x1m að grunnmáli og 30sm að hæð.

**Hafnir-82**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Um 30m norðvestur af tjörninni suðvestan við Kolkunes eru tvær grjóthrúgur.
**Lýsing**




**Hafnir-83**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 80m vestur af tóft nr. 82 er önnur stök tóft.
**Lýsing**
Tóftin virðist tvískipt, næsta hringlaga með dyr til vesturs. Breidd veggja er 120sm og hæð þeirra er um 30-40sm að innan. Mikið grjót er í veggjum og töluvert hrunið út. Ytri brún veggja er um 1m há.

**Hafnir-84**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Meðfram sjávarbakkanum á milli Innri-Þrándarvíkur og Kolkuness, rúma 100m vestur af tóft nr. 83 er önnur óljós tóft á leið í sjó fram. Hugsanlega leifar verbúðar.
**Lýsing**
Tóftin er fremur óljós er grasi gróin og snýr norðvestur/suðaustur með dyr til suðausturs, 3x4m að utanmáli, 1x3m að innan. Veggir um 10-20sm háir.

**Hafnir-85**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðslur
**Staðhættir**
Um 2m vestan við áðurnefnda tóft nr. 84 eru þrjár stórar grjóthrúgur, þar sem grjót hefur sýnilega verið týnt saman í einhverjum tilgangi.
**Lýsing**
Austast er um 6m löng og 3m breið hrúga sem liggur ANA-VSV, fast við vesturenda hennar er önnur sem liggur þvert á hana, 5,5x3m og fast vestan við hana er sú þriðja 4x3,5m. Hrúgurnar eru eins og tóftin á brotbakka við fjöruna og á leið í sjóinn.

**Hafnir-86**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tvær tóftir eru austast við klettabeltið norðan við norðaustan við Rif, um 80m VSV af minjum nr. 85 og 84.
**Lýsing**
Norðari tóftin er tæpa 2m frá klettabrúninni. Hæð veggja er 0-30sm og breidd þeirra er um 110sm þar sem hún er greinileg. Innanmál tóftar er 3x3,5m og vísar hún austur/vestur. Dyr eru ekki greinanlegar.

**Hafnir-87**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 7m suðvestan við tóft nr. 86 er önnur tvískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðaustur/suðvestur, með dyr fyrir miðju til suðausturs úr norðari hlutanum sem er 3x2m að innanmáli. Mikið grjót er í veggjum sem eru um 120-150sm breiðir og hæð er 30-50sm. Syðri hlutinn er minni og með veigaminni veggi 1,30x1,80m að innanmáli en engar dyr greinanlegar. Alls er tóftin um 10x5m að utanmáli.

**Hafnir-88**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 130m suðvestur af tóft nr. 87 er óljós niðurgrafin tóft út við klettabrúnina.
**Lýsing**
Tóftin snýr NNA-SSV, veggir eru óljósir um 1m breiðir og „tóftargólfið“ 80x160sm niðurgrafið um 30sm. Engar dyr sýnilegar.

**Hafnir-89**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Um 290m vestur af tóft nr. 88 og 530m.
**Lýsing**
Varðan er stæðileg um 150sm há.

## *Innri-Þrándarvík*

Innri-Þrándarvík er norðvestast í landi Hafna um 2 km frá bænum. Klettar eru með sjávarsíðunni suðvestan og norðaustan en aflíðandi hvammur niður að fjörunni í Innri-Þrándarvík. Umfangsmestu minjarnar eru í hallanum fyrir miðri brekku en tvær tóftir stand ofar á smástalli norðan til í hvamminum. Minjarnar virðast flestar frá 18.-20. öld, en lengi var útræði var frá Innri-Þrándarvík og sjóbúðir, sjá nánar um sögu staðarins fremst í skýrslunni.



*Mynd 22, horft til suðvesturs yfir Innri-Þrándarvík.*

**Hafnir-90**
**Sérheiti:** Innri-Þrándarvík
**Hlutverk:** Verbúðir
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Staðhættir**
Í Innri-Þrándarvík um 400m norðaustur af Rifi eru fimm tóftir. Syðst þeirra er tví- eða þrískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur norðaustur/suðvestur. Nyrst er vel greinileg kofatóft, töluvert er af grjóti inn í tóftinni og í veggjum. Þvínæst til suðurs er hugsanlega sund á milli kofa en gæti einnig verið tóft. Gólfið er þá um 20sm hærra heldur en í tóftinni til norðurs. Syðst er óljóst hvort um er að ræða litla tóft með afar breiðum veggjum eða stóra tóft sem hrunið hefur inní. Stendur um 30sm lægra en tóftin eða sundið sem er fyrir miðju. Innra fyrirkomulag syðstu tóftarinnar er óljóst og þýft, þó er inngangur greinilegur og inn af honum lítið rými 100x50sm með 15sm

kanti. Tóftirnar eru í heild 13x5m að utanmáli. Um tvö byggingarstig virðast vera að ræða þar sem nyrsta tóftin virðist yngst. Tóftirnar eru allar grónar á um 40sm upphækkun.




**Hafnir-91**
**Sérheiti:** Innri-Þrándarvík
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Í Innri-Þrándarvík um 400m norðaustur af Rifi eru fimm tóftir. Syðst þeirra er tví- eða þrískipt tóft og rúmlega 10m norðar er garðlag
**Lýsing**
Garðlagið liggur í vinkil og gæti hafa verið naust eða skýli fyrir bát. Það er fremur óljóst, hæð veggja er um 10-20sm og breidd er um 90sm.

**Hafnir-92**
**Sérheiti:** Innri-Þrándarvík
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í Innri-Þrándarvík um 400m norðaustur af Rifi eru fimm tóftir. Syðst þeirra er tví- eða þrískipt tóft og um 15m norðaustar er tóft.
**Lýsing**
Norðaustan við kofasamstæðu (sjá númer) um 15m er mjó gamalleg og rofin tóft. Útveggir eru greinilegir 30-40sm á hæð og 100-130sm á breidd og utanmál tófta 3,5x4,5m. Dyr eru til norðvesturs en þýft er að innan. Sker sig lítt úr þýfinu umhverfis hvað gróður varðar.

**Hafnir-93**
**Sérheiti:** Innri-Þrándarvík
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í Innri-Þrándarvík um 400m norðaustur af Rifi eru fimm tóftir. Nyrst og austast í hvamminum eru tvær tóftir sú nyrðri tvískipt.
**Lýsing**
Tóftin snýr norður/suður og snúa dyr mót vestri. Tóftin liggur vestur undir kletti og myndar kletturinn austurvegg. Innangengt er á milli tófta og er sú nyrðri 1x1,2m að innanmáli, veggir eru 20-50sm á hæð, hæstir til austurs og breidd er um 80sm. Syðri tóftin er 1x2m að innanmáli og sér þar í grjót í vegghleðslum en tóftin er að öðru leyti grasi gróin.

**Hafnir-94**
**Sérheiti:** Innri-Þrándarvík
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í Innri-Þrándarvík um 400m norðaustur af Rifi eru fimm tóftir. Nyrst og austast í hvamminum eru tvær tóftir.
**Lýsing**
Syðri tóftin liggur austur/vestur með dyr mót suðri. Hún liggur efst í brekku ofan við fjöruna um 30m suðaustur frá sjónum. Tóftin er grasi gróin en þó sést greinilega í vegghleðslur á nokkrum stöðum. Innanmál er 1,5x3m, hæð er um 45sm en hæst 70sm í norðurvegg.

## *Rif/Rifsbúðir*

Rif er vestasti oddi Hafnarlands, rúma 2 km norðvestur af Höfnum. Klettar eru meðfram stærstum hluta sjávarsíðunnar en á Rifi lækkar landið í smástöllum niður að lágum tanga og eru grunnar víkur sunnan og norðan hans. Fjöldi minja er á þessu svæði, bæði í brekkustöllunum niður að fjörunni og eftir brúninni ofan brekkunnar, þá er allstórt tún austur að Rifsvatnsi umgirt túngarði og hugsanlegur stekkur skammt norðan Rifsvatns. Minjarnar virðast flestar frá 18.-20. öld, en heimildir eru fyrir byggð á Rifi svo snemma sem á seinni hluta 13. aldar og þar voru lengi sjóbúðir (sjá nánar um sögu Rifs fremst í skýrslunni).



*Mynd 23, óþekkt mannvirki (nr. 95) út við kletta milli Rifs og Innri-Þrándarvíkur.*

**Hafnir-95**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum, nálega miðja vegu milli Innri-Þrándarvíkur og Rifs, tæplega 180m norðaustur af túngarðinum á Rifi er grjóthleðsla.
**Lýsing**
Stóru grjóti er raðað yfir rekaviðarspýtur sem liggja samsíða en undir þeim eru tveir þverbitar, alls um 80x90sm að ummáli. Hlutverk óþekkt.

**Hafnir-96**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Stekkur?
**Tegund:** Tóft
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Staðhættir**
Tóft er upp við stuðlabergsklöpp, rúmlega 70m austan við túnstæðið á Rifi.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt, hugsanlega stekkur. Nokkuð sokkin en vel greinileg. Grjót sést í öllum veggjum að innanverðu en annars eru þeir grónir og aflíðandi 10-15sm háir, nema að austan um 40sm háir að utan. Breidd veggja er á bilinu 60-100sm. Austari tóftin er 1,2x1,3m að innanmáli. Suðvestari tóftin er 1,3x1m og liggur austur/vestur, opin til vesturs. Sú tóft gæti þó verið eilítið lengri til óljóst veggjalag virðist liggja til norðvesturs frá tóftinni og er hún þá alls 4m á lengd.




**Rif/Rifsbúðir**

**Hafnir-97**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Búða- eða lítil bæjartóft er við norðvestur endatúngarðsins á Rifi.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt (þrískipt ef göng eða bæjardyr eru taldar með). Hún er 9x8m að utanmáli og liggur norðvestur/suðaustur. Gengið hefur verið inn að norðvestan eftir 4m löngum og u.þ.b. 80-90sm breiðum göngum. Þar tekur við tóft sem er 2,3x4,5m og snýr suðvestur/norðaustur. Hugsanlega hefur því verið skipt í tvennt en torfveggur heldur áfram til suðausturs í framhaldi af nyrðri gangaveggnum, u.þ.b. 1m inní tóftina. Norðaustan við þennan veggstubb er gengið til norðvesturs niður í tóft sem er norðan við göngin. Dyraopið er óljóst vegna hruns en herbergið er 2,3x1,9m að innanmáli og liggur norðvestur/suðaustur. Tóftin er öll nokkuð vel stæðileg, hlaðin úr torfi og grjóti og mikið er af grjóti í tóftinni. Hæð veggja er um 30-80sm og breidd þeirra 1-1,2m.


*Mynd 24,tóftir sjóbúða eða lítils bæjar á Rifi (nr. 97), horft til suðausturs.*

**Hafnir-98**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Norðan við búðar eða bæjar-tóftina (nr. 97) eru fleiri tóftir á grónum brekkustalli.
**Lýsing**
Í framhaldi af norðausturvegg Búðar/Bæjartóftarinnar (nr. 97) gengur lágur veggur um 3m til norðvesturs niður á brekkustall þar fyrir neðan. Um 7m þar norðaustan við gengur annar óglöggur veggur niður að sömu tóft. Þessir veggir loka af lítið hólf milli löngu tóftarinnar og brekkunnar fyrir ofan. Það er 7x3m að innanmáli. Tóftin sjálf er vel gróin og nokkuð mikið sokkin, dyr eru á öllum tóftum og snúa mót norðvestri. Tóftin liggur norðaustur/suðvestur og er syðsta tóftin ógleggst og minnst grjót er í henni. Hæð veggja er 10-20sm og breidd 90-100sm. Innanmál er 2,5x2,3m. Tóftirnar norðan við eru skýrari. Hæð veggja er 20-30sm, breidd 1m. Miðju tóftin er 2,3x2,3m að innanmáli en nyrsta tóftin 4x2,5m að innanmáli. Alls er tóftin um 15x5m að utanmáli. Í framhaldi af veggjum miðju tóftarinnar ganga óglöggir veggir niður á brún brekkustallsins. Hæð þeirra er 0-10sm. Breidd er 1-1,2m. Grjót er í þeim á stöku stað.


*Mynd 25, horft til suðvesturs eftir þrískiptri tóft (nr. 98) norðarlega í hvamminum á Rifi.*

**Hafnir-99**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Norðan við nyrsta hluta tóftar nr. 98 er stór tvískipt tóft á sama brekkustalli.
**Lýsing**
Ástand tóftarinnar er svipað og nr. 98, veggir eru þó meira hrundir á köflum og ógleggri, dyr snúa mót norðvestri. Hæð veggja er 10-40sm og breidd þeirra um 110-150sm. Innanmál tóftar er 3-3,5m og liggur hún norðaustur/suðvestur. 100-1034/36. Áföst norðan við er önnur ógleggri tóft, 3x1,8m að innanmáli. Norðvesturhlið er óljós. Veggir eru þýfðir og lítið grjót er í þeim. Hæð er um 10-30sm og breidd 1m.

**Hafnir-100**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Stök tóft er á brekkubrúninni sem lokar víkinni að norðan.
**Lýsing**
Tóftin er 2,7x3,6m að innanmáli og liggur nálega norður/suður. Hæð veggja er 50-90sm og breidd þeirra 1-2m. Mikið er hrunið inní tóftina að austan. Dyr gætu hafa verið þar en einnig að vestan fyrir miðju en það er þó saman fallið.

**Hafnir-101**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Lýsing**
Túngarður nær frá bæjar/búðatóftinni (nr. 97) til suðausturs að Rifstjörn. Framhald túngarðsins er sunnar þar sem hann liggur meðfram vatninu og er ógreinilegur á köflum og hverfur alveg syðst við suðvesturhorn vatnsins. Um 30 m sunnar er garðlag sem liggur frá tjörninni til suðvesturs að sjávarbakkanum. Fremur ógreinilegt við tjörnina en verður greinilegra eftir því sem nær dregur sjónum. Garðurinn er allur gróinn utan við einsaka rofablett, grjót sést einnig á nokkrum stöðum. Breidd garðlagsins er á bilinu 1,5-2,5m, og hæðin frá 10-100sm garðurinn er þýfður á köflum og brúnir allstaðar ávalar og garðurinn gamallegur. Yngra girðingarstæði lokar túninu við suðvesturhorn tjarnarinnar töluvert norðar en suðurhluti túngarðsins, en að norðan er girðing lítið eitt norðan við gamla túngarðinn.

**Hafnir-102**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Um 3,5m suðvestan við tóft nr. 98 eru tvær grjóthrúgur.

**Lýsing**
Grjóthrúgurnar eru aflangar og liggja samsíða norðaustur/suðvestur. Vænir hnullungar eru í hrúgunum sú nyrðri heldur minni 180-210sm og sú syðri (60sm sunnar) er 3,5x2m. Hæð um 40 sm.

**Hafnir-103**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Um 10m norðvestan við áðurnefndar grjóthrúgur (nr. 102) eru einnig tvær samsíða grjóthrúgur sem liggja þvert á hinar norðaustur-suðvestur.
**Lýsing**
Grjóthrúgurnar eru um 5,5x1,5m hvor um sig og haft á milli þeirra að suðvestan. Ofan við ganga tvær óljósar grónar grjóthleðslur út frá veggnum, til suðausturs, um 1x2m sú nyrðri heldur meiri um sig.

**Hafnir-104**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgreftir
**Staðhættir**
Um 3m norðan við grjóthrúgurnar síðastnefndu (nr. 102) er 40-50sm djúpur niðurgröftur með aflíðandi brúnum er og annar um 1m norðar um 30sm djúpur, báðir um 120-130sm í þvermál. Ofan (austan) við miðja tóft nr. 99 er um 30sm djúp hola, aflíðandi barmar, um 1m í þvermál. Þá eru fimm niðurgreftir svipaðir að ummáli 90-130sm og um 20-40sm djúpir suðvestan við grjóthrúgurnar nr. 102. Hugsanlega inní eldri afar óljósri tóft.
**Aðrar upplýsingar**
Hugsanlega eru þetta kolagrafir.

**Hafnir-105**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Sunnan við grjóthrúgurnar nr. 102 eru sex niðurgreftir hugsanlega inní eldri tóft.
**Lýsing**
Tóftin er afar óljós, hæð veggja er um 10sm og breidd þeirra um 1m. Svo virðist sem tóftin snúi nálega norðvestur/suðaustur með dyr mót suðvestri. Til norðausturs er 30-40sm hár kantur.

**Hafnir-106**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Sunnan við óljósa tóft (nr. 105) er önnur ólíka óljós.
**Lýsing**
Hæð veggja er 10-15sm og breidd þeirra um 1m. Tóftin er tvískipt og liggur VNV-ASA og virðast dyr hafa verið til suðurs, hóllinn sem tóftirnar sunnan við standa á virðist þó fara að hluta til yfir þessar.

**Hafnir-107**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 30m suðsuðvestur af löngu þrískiptu tóftinni er einföld ógreinileg tóft á svolítilli upphækkum, fast sunnan við óljósa tóft nr. 106.
**Lýsing**
Um 2x3m að innanmáli. Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og snúa dyr mót norðvestri. Hæð veggja frá gólfi er 30-40sm og breidd 120sm. Fast norðvestan við tóftina er stór óregluleg hrúga af hnullungum við dyrnar, 2x3m að ummáli. Sunnan við eru óljós veggjalög, hugsanlega leifar lítillar tóftar, 2x3m að innanmáli.

**Hafnir-108**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir**
Ofan á brekkubrúninni fyrir miðju tóftasvæðinu á Rifi er gamall bæjarhóll og óljósar tóftir víða á honum.
**Lýsing**
Í hólnum sunnanverðum er djúp lægð með ávalar brúnir, um 1m dýpri en hæsti punktur hólsins. Þýft er í botninum en þúfnahryggur gengur til norður fyrir miðjum suðurvegg og gæti skipt tóftinni í tvennt. Lægsti punktur veggja er að suðvestan og líklegt að þar hafi verið dyr.


*Mynd 26, horft til suðvesturs af bæjarhólnum á Rifi (nr. 108) í baksýn eru stæðilegri tóftir (nr.109).*

Sunnan í eru tvær inngrafnar tóftir sú vestari öllu greinilegri með 10-40sm háa veggi og 50-90sm breiða. Liggur nálega norðaustur/suðvestur og eru dyr mót suðvestri.
Austan við hana er ógleggri tvískipt tóft, veggir að vestan óljósir en 1m breiðir og 20-30sm háir að austan. Um 50sm að norðan, aflíðandi brúnir. Norðan við djúpu tóftina hækkar hóllinn, þar má greina að minnsta kosti tvær óglöggar tóftir. Vestast og hæst er sléttur flötur 2,5x3m, veggir um 10sm háir og 40-10sm breiðir. Afar óglöggir og sjást ekki til vesturs. Austan við um 20sm lægra er önnur tóft, heldur skýrari um 2x2m að innanmáli og virðist hafa haft dyr til norðurs. Veggjahæð er 20-40sm og breidd um 1m nokkuð rofnir og þýfðir veggir.

Neðan austan við eru sléttir fletir á milli þúfna, sem gætu bent til að þar hafi verið tóft, það er þó afar óljóst. Ofan eða vestan við djúpu tóftina er sléttur flötur, um 2x2m sem einnig gæti verið tóft.

**Hafnir-109**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Norðarlega í túninu við suðvesturhorn fyrr skráðs bæjarhóls er tóftaþyrping, líklega leifar verbúða eða yngri bæjar.
**Lýsing**
Tóftirnar standa fremst á brekkubrún og snúa nna/ssv með dyr mót vestri. Norðurhelmingur hólsins eru grónir veggir og lítið sést í grjót en á syðri helmingi sem stendur nokkuð hærra eru grjóthleðslur greinilegar en tóftin er að öðru leyti gróin.
Syðsta tóftin er tvískipt og liggur austur/vestur. Innangengt er á milli. Hæð veggja er um 15-25sm og innanmál austari tóftar er 100-130sm ein þeirrar vestari um 100x130sm. Veggir eru lægri að vestan um 15sm háir. Grjót sést í veggjum. útveggir eru hrundir og allt að 130sm breiðir. Norðan við virðist vera sund um 80sm breitt og þar norður af tóft og eru tveir gluggar á henni á norðurhlið. Fram úr þeirri tóft til vesturs er nokkur gangur út úr tóftinni er grjóthleðslur í vegg eru nokkuð hrundar. Innanmál tóftar er 1,2x2,5m. Breidd útveggja um 160sm. Hæð veggja er um 45sm en lægri til suðurs þar sem þeir eru um 20-20sm. Þar norðar er tóft 4x4m að innanmáli, veggir eru lágir um 10sm nema í millivegg til suðurs sem er 50-60sm hár. Tóftin er gróin og sér ekki í grjót nema í syðri millivegg og í gangi á leið út. Breidd útveggja er um 90sm. Næst þar norðan við er tóft 4x4,5m að innanmáli. Tóftin er algróin og sér hvergi í grjót. veggir eru lágir 10-30sm hæstir í milliveggjum. Breidd útveggja um 80sm í útvegg til vesturs er hola 40-80sm.
Nyrst er svo tvískipt tóft, en ekki er að sjá neinar dyr á milli. Austari tóftin er 200x80sm að innanmáli og sunnan við hana er gat eða rof í vegginn samskonar og nefnt er að ofan. Veggja hæð er mest um 10sm. Millivegur er 70sm hár. Vestari tóftin er 1,5x2m að innanmáli. Hæð veggja um 30sm en mest um 50sm. Breidd útveggja er 100sm. Báðar eru tóftirnar algrónar grasi og sést einungis í grjót í nyrðri útvegg.

**Hafnir-110**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæplega 5m suðvestur af tóft nr. 109 er lágur hóll sem liggur austur/vestur og eftir honum endilöngum er dæld
**Lýsing**
Hóllinn er að hluta rofinn að utan og kindagata liggur eftir honum endilöngum og því er erfitt að gera sér nákvæma grein fyrir lögun tóftarinnar. Hóllinn er 8x5m og dæld er ofan í hann miðja um10-15sm djúp og 3,5x1,5m, veggir eru óljósir en líklega allt að 2m breiðir, hugsanlegt er að dyr hafi verið til norðurs úr vesturenda tóftarinnar.

**Hafnir-111**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 17m SSV af áðurnefndri tóft nr. 110 er önnur tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðvestur/suðaustur um 9x4m að utanmáli, en 5x1,3m að innanmáli, breidd veggja er um 80-140sm þar sem þeir eru útflattastir. Hæð veggja er 5-10sm en aðeins sést í einfalda steinaröð í vegg, tóftin er að öðru leyti gróin. Dyr eru vestast á norðausturvegg.

**Hafnir-112**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 4m suður af tóft nr. 110 er óljós, hugsanlega tvískipt tóft.
**Lýsing**
Hún liggur nálega norður/suður. Veggja hæð er um 5-10sm og er tóftin grasi gróin, þó sér í stöku grjót í veggjum, og fellur vel inn í umhverfi sitt. Breidd er mest um 70sm. Innanmál er 1x1,3m. Hugsanlega er annað hólf til suðurs en það er mjög óljóst. Tóftin er í heild að utanmáli 6,5x4,5m.

**Hafnir-113**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Verbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæplega 10m norðvestur af tveimur syðstu tóftunum (nr. 111 og 112), og nær sjónum, er mun greinilegri og stærri.
**Lýsing**
Tóftin er þrískipt og liggur nna/ssv Syðri endinn er grjóthlaðinn en sá nyrðri algróinn nema þar sem sést í grjót á nokkrum stöðum í veggjum. Syðst er mjó tóft, hugsanlega með dyr mót vestri, hún er 2m að lengd og um 30sm að breidd. Þar norðar er tóft 1,5x1,5m að innanmáli, með dyrum mót vestri. Hæð veggja er mest um 45sm og breidd um 90sm. Nyrsta tóftin er með tvennar dyr á vesturvegg og er um 4x2m að innanmáli. Hæð veggja er mest um 25sm en breidd þeirra um 80sm en mesta breidd er þó 120sm.

**Hafnir-114**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðhættir**
Rifsbúðir liggja norðvestast í landi Hafna, norðvestur af Rifstjörn og er töluvert mikið af minjum þar, gamalt bæjarstæði með túngarði auk fjölda búðatófta og annarra minja.
**Lýsing**

Tæpum 5m neðar eða vestar (við þrískiptu tóftina **nr. 113**) og um 5m austur af sjávarbakkanum er hringlaga grjóthleðsla 80sm á breidd og um 3m að þvermáli. Hugsanlega er ferhyrnd hleðsla norðan við en hún er mjög óljóst. Hæð er um 5sm.

**Hafnir-115**
**Sérheiti:** Gunnvararpollur?
**Hlutverk:** Vatnsból
**Tegund:** Lind
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Niður undan Syðstubúð, syðst í Rifstúninu, er hinn nafntogaði Gunnvararpollur, vatnsból Rifsmanna[…].“ (ÖS: 1).
**Lýsing**
Neðst í brekkunni vestur undir tóftunum er lind neðst, fyrir miðri brekkunni. Hugsanlegt er að þarna sé Gunnvararpollur sem nefndur er í heimildum.

**Hafnir-116**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Norðvestur af Gunnvararpolli eru tvennar grjóthrúgur og ein tóft.
**Lýsing**
Tóftin er nyrst, grjóthlaðin og snúa dyr til austurs upp í brekkuna. Hleðslur standa sæmilega um þrjár steinaraðir að hæð eða um 40sm háar. Breidd er um 40sm. Sunnan við tóftina er töluvert af steinum utan hennar sem hugsanlega er hrun úr vegg. Tóftin er full af netakúlum. Við norðausturhorn hennar er grjóthrúga um 1x1m á kant.



*Mynd 27, horft til norðvesturs yfir tóft nr. 116.*

**Hafnir-117**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Fast sunnan við tóft nr. 16 eru tvær stórar grjóthrúgur.
**Lýsing**
Stærri hrúgan er um 1,5m frá tóftinni, hún er um 5,5x6,5m að ummáli og 40cm há, hin er öllu minni sunnan við 3,5x4m að ummáli og ámóta há.

**Hafnir-118**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Rifsbúðir liggja norðvestast í landi Hafna, norðvestur af Rifstjörn og er töluvert mikið af minjum þar, gamalt bæjarstæði með túngarði auk fjölda búðatófta og annarra minja.
**Lýsing**
Fremst á nesinu að vestan vesturs er grjóthleðsla fremst á sjávarbakkanum, hugsanlega varða, hlaðin úr fjörugrjóti. Grjóti er hrúgað upp og er um 30sm hátt og virðist hafa hrunið úr henni ofan í fjöruna.

**Hafnir-119**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Sunnan og austan við tóftirnar á Rifi er stök tóft, miðja vegu á milli Rifstjarnar og sjávarbakkans.
**Lýsing**
Tóftin er ferhyrnd um 3x3m að innanmáli. Hæð veggja er 15-30sm og snúa dyr mót suðvestri. Mesta breidd veggja er um 85sm. Tóftin er grasi gróin og veggir að hluta þýfðir og túnið umhverfis er þýft. Tóftin er grasi gróin og virðist gömul.

**Hafnir-120**
**Sérheiti:** Rif/Rifsbúðir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
Um 130 m suður af syðstu tóftunum á Rifsnesi og 75 m beint vestur af vestasta horni Rifsvatns er óljós þúst niður í svolitlu dragi út við klettabeltið sem gengur þverhnípt niður í sjó.
**Lýsing**
Út við klettabrúnina er gróin þúst, um 2x2m og 20sm há, hugsanlega leifar byggingar af einhverju tagi, þetta er þó fremur óljóst.

**Hafnir-121**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Um 400m SSA af túngarðinum á Rifi er hlaðinn varða við göturnar sem liggja til suðurs eftir sjávarsíðunni, um 25m frá klettabrúninni.
**Lýsing**
Varðan er hrunin, um 20sm há og 80sm í þvermál. Götur eru bæði sunnan og norðan við vörðuna en eru óljósar í kringum vörðuna sjálfa.

**Hafnir-122**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Varða er upp á miðri klapparhæð um 520m SSA af Rifstjörn um 200m frá sjó.
**Lýsing**
Varðan er um 80sm há og 1,5m í þvermál og stendur vel.

**Hafnir-123**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Staðhættir**
Götur liggja eftir sjávarsíðunni til SSA frá Rif/Rifsbúðum og sjást vel á köflum út við klettana á a.m.k. 1500m kafla.



*Mynd 28, óþekkt steinlögn [125] um 550m ASA af íbúðarhúsinu á Höfnum. Útihúsin á höfnum sjást í fjarska til vinstri en sumarbústaðurinn Hafnarkot til hægri.*



*Mynd 29, varða nr. 85, um 50m austur af hleðslu nr. 84..*

**Hafnir-125**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Steinlögn
**Staðhættir**
Um 550m ASA af íbúðarhúsinu á Höfnum.
**Lýsing**
Lág steinlögn um 2,5m löng og um 2,3m breið. Grunn lægð er í miðju hleðslunnar.
**Aðrar upplýsingar**
Ekki er hægt að útiloka að hér geti verið um kuml að ræða. Mörg kuml hafa verið opnuð eða rænd fyrr á öldum og eru ummerkin sem eftir verða oft í líkingu við þetta -óregluleg hrúga af grjóti með lægð í miðju. Hleðslan er við vegslóða í um 550m frá núverandi íbúðarhúsi og heldur lengra frá síðasta þekkta bæjarstæðinu þar á undan. Staðsetning og útlit þessarar hleðslu er í ágætu samræmi við það sem tíðkast um heiðnar grafir, en engu er hægt að slá

föstu um það án frekari rannsóknar. Sjá nánar um kuml undir kaflanum „Minjaflokkar“ fremst í skýrslunni.

**Hafnir-126**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Um 50m austur af steinlögn nr. 84.
**Lýsing**
Lágreist varða um 100x120sm í ummál og um 45sm há. Varðan er hlaðin á svolítilli gróinni upphækkun.

**Hafnir-127**
**Hlutverk:** Mógrafir
**Tegund:** Mógrafir
**Staðhættir**
Um 900m upp með ánni frá brúnni yfir Hafnaá.
**Lýsing**
Að minnsta kosti þrjár glöggar mógrafir eru á grónu nesi við Hafnaá, þær eru allar á bilinu 50-90sm djúpar, tvær þær stærri eru 7x3m að ummáli en sú minnsta 3x3m. Engar mótóftir fundust sunnan ár en norðan við ánna í landi Kaldrana er tóft, líklega mókofi um 150m austar og hugsanlegar mógrafir suður af henni.

# Kaldrani í Vindhælishreppi - Söguágrip

Kaldrana er fyrst getið í reka- og landamerkjaskrá Þingeyrarklausturs frá því um 1285. Þar er einnig getið jarðarinnar Hvalgarðs, fornbýlis í Kaldranalandi.[43] Í skrá um hvalskipti í Víkum á Skaga frá um 1320 segir að Hafnarlönd og Kaldrani skipti með sér hlut í hvalreka í Víkum.[44]

Í Sigurðarregistri frá 1525 kemur fram að Þingeyrarklaustur hafi átt hálfan Kaldrana og Hvalgarð sem þá voru báðar óbyggðar.[45]

Jörðin var eign konungs/Þingeyraklausturs til hálfs 1705, en eign Lauritz Gottrup höfuðsmanns til hálfs. Landskuldin var greidd í fiski en leigukúgildin í smjöri eða peningum. Helstu hlunnindin jarðarinnar voru silungsveiði, eggver í Múlaey út af Digramúla[46], einhver móskurður var og hrís- og lyngrif til eldiviðar, beitifjara og góður rekaviður og hafði ábúandinn það sem lög leifðu en klausturhaldarinn afganginn.[47] Heimræði var en lendingin afar stórgrýtt og varla nothæf nema um hásumarið. Skip bónda gengu eins mörg og hægt var að manna, en yfirleitt ekki fleira en eitt.[48] Árið 1802 fengu Kaldranabændur 3 pund æðardúns.[49]

Tvíbýli hefur verið á Kaldrana að minnsta kosti á 19. öld og eru í manntölum frá 1835 og 1870 skráðir tveir ábúendur ásamt fjölskyldum. En aðeins einn ábúandi 1703.

***Hvalgarður***

Austan við Rekavatn, milli Kaldrana og Hafna, er fornt eyðibýli sem hét Hvalgarðar í heimalandi Kaldrana, og vissi enginn 1705 hvenær hún var síðast í ábúð, en tóftar- og garðaleifar voru sjáanlegar. „Munnmæli eru að þetta eyðiból hafi áður verið sá helmingur heimajarðarinnar, sem nú liggur undir klaustrið“.[50] Hvalgarðs er getið í rekaskrám Þingeyraklausturs og er talið með eyðijörðum þess í Sigurðarregisteri 1525.[51] Svo er ritað um landamerki milli jarðanna (1285).

> „Þetta er landamerki milli kalldrana og hualgarðz. liosþúfa ræðr oc rettsyn ovan í vatn. hualgarz menn eigu hagann allan oc hallda upp garði fyrir neðan voll a kalldrana og sua suðr i vatn. en ef þeir hallda eigi garði upp. þa eigu huarer tueggiu sambeit. Kalldrani a torfscurt firer utan hafnara oc engiar allar upp at hualgarðz teig. Hualgarðz menn eigu þar at skera einn attfeðming a huerio ari. kalldrani a engiar allar med seliavatni suðr at hafnarvatni og holmi i seliavatni oc klaufa lök allan oc æy þa er þar fylger. þa eigu þeir oc þrondarlök og fellr ovan i hafnarvatn. til motz við hafnarmenn. sua sagði Þorsteinn langstaccr oc kanabarðr oc Gunnhilldr grimsdottr.“[52]

---

[43] *DI II,* 1893. Bls. 249.
[44] *DI II,* 1893. Bls. 492.
[45] *DI* III, 1896. Bls. 314.
[46] P. V. G. Kolka., 1950. Bls. 16-18.
[47] *Jarðabók* VIII, 1926. Bls. 478.
[48] *Jarðabók* VIII, 1926. Bls. 478.
[49] J. Johnsen, 1847. Bls. 243.
[50] *Jarðabók* VIII, 1926. Bls. 478.
[51] P. V. G. Kolka, 1950. Bls. 19-20.
[52] *DI II,* 1893. Bls. 250.

Á 19. öld var helmingur jarðarinnar í eigu Þingeyraklaustursumboðs og hinn helmingurinn bændaeign, eins og fyrr. Kaldrani var 10 hundruð forn og 15,7 ný árið 1848.[53]

Kaldrani fór í eyði 1938.[54] Og er jörðin nú í eigu Hafnarbænda. Landrými jarðarinnar er 2206 hektarar.[55]

**Náttúrufar og jarðabætur**

> „Austur frá Rekavatnsós liggur milli sjávar og vatnsins gott rekamál með háum malarkambi austur að Kaldranabæ. [...] Til landnorðurs frá Kaldrana liggja löng björg, hæst 60 faðma. Útnorður frá þeim eru 3 stór sker, Gvendarboði, Stórfiskur og Vaðgeir. Fyrir norðan gengur tangi fram, Selvíkurtangi. Næstum áföst við hann er ey [Múlaey], - há, með einstigum vondum upp, grasvegur ofan og dálítið varp. Í Selvík, austur með [er] gott rekamál. Fyrir austan víkina liggur Digrimúli til landsuðurs, fyrir austan Kaldrana, fram að Selvatni. [...] Selfell er þar nálægt með góðum högum í. Þar til suðurs er Svínafell, grösugt líka“.[56]
>
> „Þegar kemur vestur af Digramúla, sér yfir allstóra vík með litlu stöðuvatni fyrir botni og graslendi á þrjár hliðar, en sandeiði skilur vatnið frá sjónum, og fellur ós í gegnum það. Vatnið heitir Rekavatn, en víkin er kennd við bæinn Kaldrana“.[57]

Árið 1849-50 var gert jarðamat fyrir Húnavatnssýslu og var Kaldrani þá metin á 10 hundruð: „Tún er hér ekki stórt, nokkuð þýft, en liggur í hlé fyrir landnyrðingi, þeirri köldustu átt á Skaga, eins g í öllum hreppunum, fóðrar ekki 2 kýr, nema með hjálp af útheyji, en það er brokhey sem annarstaðar létt, en jétst vel, slægjur nú nægar, en liggja eingar nærri, og sumar mjög langt frá, svo þeim verður ekki sætt, sumarhagar nærtækir fyrir stórgripi og sauðfénað, og landið bæði nóg og gott, en sumpart mjög langsókt, vetrarbeit eingin fyrir hesta, nær né fjær en er kjarngóð fyrir fénað, meðan til nær vegna áfreðar, og er lángsókt, er og fjörubeit dálítil, og þá mjög nærtæk. – Mótak óþekt, og torfrista mjög slæm“ Reki góður, eptir sem gjöra er á Skaga, nokkur kópaveiði möguleg, æðarfugla varp dálítið og er heldur í [orð skilst ekki].“ Jörðin var virt á 500 ríkisdali.[58]

Fram kemur í umboðsskjölum Þingeyrarklausturs frá 1881 að skylduvinna á ½ jörðinni sé að árlega séu hlaðnir 6 faðmar af túngarði eða aðrar jarðabætur jafn nauðsynlegar. Hafði þessu ekki verið fylgt eftir. Þess er getið að tún sé vel hirt og húsum vel við haldið.[59]

Jörðin var tvískipt eins og áður hefur komið fram og í jarðamati frá 1916 er lýst hvorum partinum fyrir sig. Eigendur eru annarsvegar Landssjóður Þingeyrarklausturs og hins vegar Jónína Þ. Jónsdóttir sem þá var ábúandi á hlut Þingeyrarklausturs en Sigurður Árnason á helmingi Jónínu. Samtals eru tún talin 8 dagsláttur girt í félagi með grjótgarði og gaddavír. Engjar eru á dreif í bithaga og er þess getið um hlut Jónínu að engjavegur sé langur og illfær yfirferðar. Landið er gott fyrir sauðfjárbeit jafnt sumar sem vetur og er fjörubeit góð. Kúa- og hrossahagar eru sagðir ágætir á jörð Þingeyrarklausturs en lítt nýtilegir sökum fjarlægðar á

---

53 *Ný jarðabók*, 1861. Bls. 90.
54 *Húnaþing II*, 1987. Bls. 103.
55 http://www.nytjaland.is/
56 *Sýslu- og sóknarlýsingar*, 1950. Bls. 171.
57 P. V. G. Kolka, 1950. Bls. 16- 17.
58 Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 4. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.
59 ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.

jörð Jónínu. Til hlunninda teljast, reki, æðarvarp, kópaveiði og silungsveiði bæði í Rekavatni og á heiðum.[60]

**Landamerki**

Landamerkjaskrá fyrir Kaldrana í Vindhælishreppi.

> „Að vestan og sunnan ræður Rekavatnsós og Rekavatn merkjum; síðan Hafnaá fram til Faxalækjar, og þá ennþá Hafnaá til neðsta Hafnavatns og meðfram Hafnalandi til Miðvatns, og til efsta eða fremsta Hafnavatns; þá ræður Þrándarlækur til Heytjarnarsunds, og þaðan í Fuglaþúfu; og frá henni meðfram Tjarnarlandi í Svínafellshorn. Að norðan og vestan er land með sjó fram, frá Rekavatns ósi til Rauðalækjar, og svo sem hann fellur frá Múlavatni; frá því sjónhending fram til Sjónarhóls; frá honum beina stefnu í Svínafell við Almenning, mitt á milli austara og vestara horns þess, og þaðan meðfram Almenningi til vesturs í fyr nefnt Svínafellshorn vestara.“

Undirritað í Hvammi 10. apríl 1890 af B.G. Blöndal umboðsmanni Þingeyrarklaustursjarðar.[61]

Landsskipti á Kaldrana milli þjóðeignahlutans og bændaeignarinnar.

> „Jörðin Kaldrani er hálf þjóðeign og hálf bændaeign og skiptist land með sjó þannig: -að þjóðeignarhlutinn á frá Rekavatnsósi austur að rótartrje eða hniðju, sem er á mölinni nálægt fjárhúsunum við Húsavík; þaðan á bændaeignin land með sjó, allt til Rauðalækjar, og Múlaey. –Túna og útauki innan garðs fylgir til helminga hvorum partinum. –Af úthaga og engi tilheyrir þjóðeigninni eptir þessum merkjum: Haginn milli sjáfar og Rekavatns; frá túninu suður melinn í grasþúfu stóra, er stendur á honum; frá henni liggur merkjalínan bein til landssuðurs eptir norðanverður kaldranaflóa og yfir Selvatnsurðir austur, beina línu í norðari Selvatnsvík; þá ræður Selvatn til Faxatjarnar, og síðan Faxalækur í Hafnaá er þá ræður merkjum niður til Rekavatns. –Lambhagi hinn syðri í Selvatni tilheyrir þjóðeignarpartinum.“

Undirritað í Hvammi, 8. maí 1890 af B.G. Blöndal umboðsmanni Þingeyrarklausturs jarða.[62]

---

[60] Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 272 og 273. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.

[61] Úr Landamerkja bók Húnavatnssýslu frá 1894. Skjal nr. 157.

[62] Úr Landamerkja bók Húnavatnssýslu frá 1894. Skjal nr. 158.




**Kaldrani-1**
**Hlutverk:** Híbýli (bær og fjós sambyggt)
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Staðhættir**
Bærinn stendur um það bil fyrir miðju gamla túninu og liggur nálega norður/suður.
**Lýsing**
Hann stendur fremst á brekkubrún og snýr mót hafi eða til vesturs en neðan brekkunnar tekur við fjaran. Húsin hafa verið hlaðin úr torfi og grjóti og sér í grjót og torfhleðslur í mörgum veggjum. Þau eru fimm auk heytófta sem eru til norðvesturs í bæjarþyrpingunni, íveruhús til suðurs en fjósið til norðurs. Bæjartóftin er að miklu leyti gróin grasi og jafnframt er arfi í nokkrum húsanna sem nær fram á hlað. Kindur eiga sér skjól í tóftunum og er víð rof í veggi efir þær.
Bæjardyr snúa mót vestri og liggja göng frá þeim til austurs, tæpir 10m á lengd. Þrjú hús liggja að göngunum. Syðst í tóftaþyrpingunni er tvískipt hús sem snýr norður/suður, það er 3x2,3m að innanmáli, veggjahæð er mest um 90sm en annars eru veggir mjög lágir. Leifar af steyptum strompi fundust í tóftinni og hugsanlegt er að þarna hafi eldhúsið verið. Gegnt því til norðurs, handan ganganna er hús 3,5x3,5m að innanmáli. Það sér í grjót í veggjum undir strenghleðslum og er klambra efst í hæsta veggnum sem er um 160sm hár. Hæð annars um 60sm en vestur veggur er nánast horfinn.
Við austurenda ganganna er hús sem snýr norður/suður, hugsanlega baðstofa, 7,5x2,5m að innanmáli. Þar sést í grjót- og torfhleðslur í veggjum og hefur sá hluti veggja verið strenghlaðinn. Mesta hæð er um 100sm en víðast eru þeir um 50sm. Viðir úr húsinu liggja í tóftinni.

Norður af bæjardyrum er hús 2,5x3,5m að innanmáli. Grjóthleðsla sést neðst í veggjum tóftarinnar sem hlaðnir eru úr hellugrjóti. Veggir eru allt að 90sm háir en lægstir til vesturs um 30sm.
Til norðvesturs eru tvær tóftir að líkindum útihúsatóftir og er að minnsta kosti annað þeirra fjós það sem sýnt er á túnakorti. Tóftirnar eru dýpri en bæjartóftirnar og standa eilítið lægra. Syðri tóftin er 5x2,2m að innanmáli og snýr nálega nna/ssv. Veggjahæð er um 140sm og sér í grjóthleðslur neðst en veggir eru annars grónir og ekki sér í torfhleðslur. Þvert á hana að norðan er samskonar tóft, heldur minni eða um 4x1,5m að innanmáli og eru veggir um 80sm á hæð. Veggir eru grónir en sér í grjóthleðslur neðst. Innangengt virðist á milli tóftanna og eru dyr á syðri tóftinni til vesturs.
Tvær tóftir eru norðanaustanvert á bæjarþyrpingunni, líklega heytóftir. Veggir eru lágir um 20-30sm. Í horni sem myndast á milli þeirra er eins og gróinn stafli um 2x1m á kant og um 70sm hár. Hugsanlegt er að þar hafi staðið mó eða torfstafli.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Fyrst þegar Sigurður Árnason man eftir voru tvær baðstofur á Kaldrana, Klausturbaðstofa og Bændabaðstofa.“ (ÖSHK: bls. 9). Nánari lýsing á bænum er í úttektum umboðsjarða Þingeyraklausturs. Í elstu úttektinni sem er frá 1776 eru upptalin hús: baðstofa, búrhús, skálahús og skemma, bæjardyra og ganga er getið. Í úttekt frá 1824 er sömu húsa getið en sagt að skálinn sé ekki leigufær og í úttektum 1831 og 1835 er skálinn sagður fallinn og hans ekki getið í úttektum eftir það. Í úttektum frá 1852, 1854 og 1856 er eftirfarandi húsa getið: baðstofu, búrs, eldhúss, bæjardyra, fjóss og skemmu (Úttektir Þingeyrarklaustursjarða, skjöl nr. 1, 72, 75, 107, 108, 122, 16, 42, 46,50). Í jarðamati frá 1916 er sagt að eftirfarandi hús fylgi Klausturhelmingnum: Baðstofa, búr og eldhús, jásamt göngum og fjósi yfir 3 gripi. Húsin er sögð all vel viðuð og stæðileg en illa útlítandi sökum raka því þau munu hafa verið í eyði í einhvern tíma. Bændaeigninni fylgja upprept baðstofa, fjárhús yfir 140 sauðfjár og hesthús yfir 3 hross.[63]

**Kaldrani-2**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Framan eða vestan við bæinn er tóft sem stendur á lágum hól.
**Lýsing**
Húsið hefur verið hlaðið úr torfi og grjóti. Hleðslur standa vel í hluta austurveggjar um 100-130sm háar en norðurveggur er nánast horfinn og veggir eru lágir, um 25sm til norðausturs. Dyr snúa mót suðri og eru grjóthleðslur greinilegar í útgangi. Innanmál tóftar er 2x5m og er breidd veggja um 80sm.

[63] Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 272 og 273. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.

**Kaldrani-3**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Tveir túngarðar liggja umhverfis túnið á Kaldrana. Ytri garðurinn er yngri og er hlaðinn úr grjóti, um hann segir í Árbók Ferðafélagsins frá 2007: „Garðhleðslan kringum túnið, sem enn stendur, mun vera að mestu frá síðari hluta 19. aldar og hlaðin af leiguliðum Þingeyraklausturs.“ (JT, 208).


*Mynd 30. Ytri túngarðurinn grjóthlaðinn.*

**Lýsing**
Garðurinn er alls tæplega 340m langur. Hann stendur víðast mjög vel þó hrunið sé úr honum á köflum. Hann er mest um 130sm breiður og hæstur um 100sm. Hlið eða rof er á garðinum þar sem vegslóði liggur í gegnum hann um 200sm breitt. Garðurinn liggur utan um túnið að austan og sunnan.

**Kaldrani-4**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Tveir túngarðar liggja umhverfis túnið á Kaldrana.
**Lýsing**
Innri garðurinn er eldri, að líkindum hlaðinn úr torfi og grjóti. Hann er hæstur um 80sm og 110sm breiður. Garðurinn er algróinn nema þar sem rof er í hann. Hlið eru á tveimur stöðum. Hann er alls um 250m langur og er töluvert að tóftum í og við garðinn.


*Mynd 31. Innri túngarðurinn, torfhlaðinn. Horft er í átt til Rekavatns til vesturs.*

**Kaldrani-5**
**Hlutverk:** Heimreið
**Tegund:** Tröð
**Staðhættir**
Traðir liggja frá innri túngarðinum til norðvesturs heim að bænum.
**Lýsing**
Þær eru allt að 60sm breiðar og eru nokkuð djúpar eða um 30sm og er hár kantur meðfram þeim.


*Mynd 32. Traðirnar heim að bæ. Horft er til nnv.*

**Kaldrani-6**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Tæplega 10m norður af bænum við uppþornaðan lækjarfarveg er niðurgröftur.
**Lýsing**
Tveir lækir eru í túninu á Kaldrana norðan við bæinn. Sunnan við syðri lækinn er niðurgröftur, 2x2m að ummáli og læknum hafa verið veitt að honum og síðan runnið frá honum til vesturs í átt til sjávar. Hlutverk er óvíst en hugsanlegt er að þarna hafi verið mylla.

**Kaldrani-7**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Hlið er á ytri túngarðinum og við það, innan garðsins, tæpa 70m suðaustur af bæjartóftinni er tóft.
**Lýsing**
Hún liggur norðaustur/suðvestur með dyr eða hlið til suðvesturs. Tóftin er tví- eða þrískipt. Til norðausturs er hólf 2x3m að innanmáli, hugsanlega heytóft eða hlaða ef um gripahús er að ræða. Suðvestan við er hólf, 2x4m að innanmáli. Þar suðvestan við eru óljós veggjalög og óvíst hvort þar eru veggir eða hrun úr veggjum. Veggir eru að hluta komnir í þúfur og þýft er í tóftinni. Breidd er um 80sm og hæð 10-25sm. Hluti útveggjar í minni tóftinni, til austurs, er nánast alveg horfinn.

**Kaldrani-8**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Nyrst innan gamla túnsins, um 90m norðaustur af bæjartóftinni er útihúsatóft, hugsanlega fjárhústóft með hlöðu eða heytóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr austur/vestur, tvístæð hús með hlöðu/heytóft til austurs, dyr snúa mót vestri. Hún er mjög þýfð að innan. Innanmál nyrðra húss er 2x5m en syðra húss er um 2x4m. Hlaðan/heytóftin er 2x6m að innanmáli. Hæð veggja er mest um 30sm og breidd þeirra um 100sm. Innangengt er frá nyrðra húsinu til austurs yfir í heytóft eða hlöðu. Tóftin er algróin grænu grasi og sker hún sig úr umhverfi. Óljós veggur er sunnan við tóftina og hefur þar hugsanlega verið einhölukró um 3x7m að innanmáli.



*Mynd 33. Grjóthlaðinn tóft við endann á túngarðinum. Horft er til norðurs.*

**Kaldrani-9**
**Hlutverk:** Kofi
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Við norðurenda ytri túngarðsins er lítil kofatóft, tæplega 150m norðaustur af bæjartóftinni, alveg fram á sjávarbakkanum.
**Lýsing**
Tóftin er grjóthlaðin og er endinn á garðinum suðausturveggur tóftar. Veggir eru um 20-30sm á hæð og um 30sm á breidd og er veggurinn um 1-2 grjótlög á hæð og breidd. Hún er um 2,5x2m að utanmáli.

**Kaldrani-10**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Nálægt nyrðri enda innri túngarðsins er tvískipt tóft, um 80m norðaustur af bæjartóftinni. Lækur liggur frá austri til vesturs norðan við tóftina.
**Lýsing**
Tóftin liggur norður/suðurs, vestan við túngarðinn og er hann austurveggur tóftar. Hólf er til norðurs um 1,5x2m að innanmáli og er mesta hæð veggja um 45sm og breidd um 80sm. Fremur óljóst er hvort innangengt sé yfir í næsta hólf til suðurs sem er 3,5x2,5m að innanmáli. Hæð veggja 45-50sm en lægri mót vestri um 25sm. Tóftin er algróin grasi og mjög þýfð að innan og eru veggir orðnir þýfðir efst.

**Kaldrani-11**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Staðhættir**
Um 35m austur af bæjartóftinni eru fimm tóftir byggðar í og við túngarðinn.
**Lýsing**
Nyrst er fjárhústóft með garða. Hún liggur samsíða túngarðinum í nna/ssv, er algróin og sér hvergi í grjót í hleðslum. Nokkrir steinar, að líkindum hrun úr vegg, liggur í tóftinni. Nokkrar þúfur eru í tóftinni. Breidd garðans er um 70sm og króin er um 80sm á breidd. Mesta hæð veggja er um 80sm við túngarðinn en annars eru veggir um 40sm. Innanmál tóftar er 6x3m. Rof er í veggjum, líklega eftir ágang búfjár. Dyr snúa mót norðvestri.
Önnur tóft að norðan liggur norðaustur/suðvestur. Hún er 2x5m að innanmáli, algróin og sér ekki í grjót í veggjum. Breidd veggja er um 80sm og hæð þeirra um 30-50sm. Dyr snúa mót norðvestri.
Þriðja tóftin að norðan liggur þvert á hinar eða norðvestur/suðaustur með dyr mót norðvestri. Tóftin er 4x2,5m að innanmáli, hæð veggja er 30-50sm og mesta breidd um 90sm. Tóftin er algróin og sér hvergi í grjót.
Fjórða tóftin að norðan liggur nálega austur/vestur, hugsanlega fjárhús með garða og heytóft til austurs. Tóftin er mjög þýfð að innan, algróin og sér hvergi í grjót. Hún er 2,5x7m að innanmáli, mesta hæð veggja er um 45sm og breidd er um 120sm. Veggur á milli fjárhúss og

heytóftar er lágur aðeins um 5-10sm hár, en heytóftin er um 3x3,5m að innanmáli, hæð veggja 40sm en aðeins um 10sm til austurs.
Syðsta tóftin gæti verið útihús með heytóft eða hlöðu. Tóftin er mjög þýfð að innan, gróin og hafa dyr snúið mót vestri en tóftin liggur nálega austur/vestur. Breidd veggja er um 100sm og hæð mest um 30sm. Tóftin er um 4x1,8m að innanmáli en heytóftin/hlaðan 1x4m.



*Mynd 34. Túngarðurinn liggur yfir Barnhól í norðausturhorni túnsins. Horft er til suðausturs.*

**Kaldrani-12**
**Sérheiti:** Barnhóll
**Hlutverk:** Huldufólksbústaður
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Í örnefnaskrá segir: „Barnhóll er hár hóll við norðausturenda túnsins, sést vel af sjó. (ÖSHK: 9). Barnhóll er strýtumyndaður hóll við norðausturenda túnsins og liggur grjóthlaðni túngarðurinn yfir hólinn miðjan.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Þar er huldufólk. Sá Jón Klemenzson ljós loga þar.“ (ÖSHK: 9).

**Kaldrani-13**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Syðsti partur túnsins heitir Grundir, svo kemur Barnabali, fyrir neðan götuna. Fyrir neðan hann er nokkuð stórt stykki, sem áður var þýft, Hesthúsþúfur. Það nær hér um bil út að götu þeirri, sem liggur frá bænum ofan að fjárhúsunum. [...] Túnið niður frá bænum ofan að sauðhúsunum hefur ekki sérstök nöfn.“ (ÖSHK: 9). Í fjörunni, rúma 60m vestur af bænum eru tóftir tveggja fjárhúsa.
**Lýsing**



*Mynd 35. Fjárhúsin í fjöruborðinu. Horft er til norðvesturs.*

Til suðvesturs er tvískipt tóft sem liggur norðaustur/suðvestur. Húsin hafa verið hlaðin úr torfi og grjóti og er fjörugrjót notað í hleðsluna. Suðvestasta tóftin og jafnframt minnsta er um 5x5m að innanmáli. Hún er full af grjóti sem skolað hefur upp í hana og vantar hluta veggja til vesturs og norðvesturs. Veggur til suðausturs er um 40sm hár en allt að 110sm til norðausturs. Það sér í torf- og grjóthleðslur og virðast fuglar hafa gert sér holur í torfveggina sem eru um 80-100sm á breidd. Norðaustan við eru fjárhús með garða og liggur hluti þekjunnar ofan í tóftinni og sér í rafta og ása. Grjóti hefur skolað upp í tóftina og þekur gólf hennar að hluta. Grjóthleðslur sjást vel í veggjum og þar sem sér í torf eru það strenghleðslur, vesturveggur tóftar er næstum alveg horfinn.

**Kaldrani-14**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Syðsti partur túnsins heitir Grundir, svo kemur Barnabali, fyrir neðan götuna. Fyrir neðan hann er nokkuð stórt stykki, sem áður var þýft, Hesthúsþúfur. Það nær hér um bil út að götu þeirri, sem liggur frá bænum ofan að fjárhúsunum. [...] Túnið niður frá bænum ofan að sauðhúsunum hefur ekki sérstök nöfn.“ (ÖSHK: 9). Í fjörunni, rúma 60m vestur af bænum eru tóftir tveggja fjárhúsa.
**Lýsing**
Norðaustan við tóft nr. 13 er fjárhús tóft með garða eru aðeins um 2m á milli tóftanna. Sú tóft er heillegri og virðist sjórinn ekki hafa náð að henni enn. Garði er fyrir miðri tóft um 80sm breiður og 30sm hár til vesturs en 60sm hár til austurs. Krærnar eru hátt í 2m á breidd. Grjóthleðslur sjást vel í veggjum sem eru um 120sm breiðir en torf er að mestu rofið í burtu nema til suðurs en þar sér í strenghleðslur efst í vegg sem er um 160sm hár og er hæsti veggur í tóftinni en annars eru veggir um 50-90sm. Dyr snúa mót suðri.

**Kaldrani-15**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á rifinu milli Rekavatns og sjávar um 470m vestur af bæjartóftinni er tvískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin er í lægð eða dragi sem liggur austur/vestur eftir rifinu og liggur tóftin samsíða draginu. Til vesturs virðist vera hólf 2x1,5m að innanmáli, innangengt er til austurs yfir í hólf sem er 1,2x1,2m að innanmáli. Hæð veggja er um 30sm og breidd um 50-60sm en milliveggur er aðeins um 30sm á breidd og 15sm á hæð. Frekar blautur jarðvegur er austur af tóftinni.




**Kaldrani-16**
**Hlutverk:** Óþekkt, kofi
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Lítil kofatóft er við norðurbakka Rekavatns tæpan 1km vestur af bæjarstæðinu á Kaldrana.
**Lýsing**
Tóftin sem er lágur hóll með dæld í er 2x3,5m að utanmáli um og er breidd veggja um 80sm. Innanmál tóftarinnar er 1x1,5m og er hún algróin. Engar dyr eru greinanlegar.



*Hvalgarður*

Hvalgarður er fornbýli austan við Rekavatn, milli Kaldrana og Hafna. Elsta heimild um býlið er frá ofanverðri 13. öld (DI II: 250) en það er farið í eyði snemma á 16. öld og virðist ekki hafa byggst upp aftur (FT: 19-20).

**Kaldrani-17**
**Sérheiti:** Hvalgarður
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Rústir Hvalgarðs eru milli Hafnaár og Kaldranabæjar, örskammt frá vatninu. Átti Hvalgarður allan hagann.“ (ÖSHK: 8).

Fornbýlið Hvalgarður liggur í brekkunni austur af Rekavatni um 300m suður af Kaldrana. Túngarður liggur umhverfis býlið að austan og sunnan og er bæjarhóll innan hans auk fleiri tófta sem liggja við túngarðinn.

**Lýsing**

Bæjartóftin er um 14x14m að utanmáli og liggur norðaustur/-suðvestur. Hóllinn sjálfur er um 20x20m á kant og er vel greinilegur í landslagi. Hann er mjög þýfður og erfitt er að greina veggjalög tóftarinnar nákvæmlega. Þó sjást nokkrar tóftir eða dældir í hólinn þar sem greinilega hafa staðið hús og eru þrjár slíkar greinilegar. Mjög þýft er umhverfis hólinn til norðurs og suðurs, þurr brekka er ofan við hann en blaut mýri neðan við. Bæjarlækurinn rennur sunnan við bæjarhólinn, í gegnum túngarðinn til vesturs þar sem hann rennur út i Rekavatn.




**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Hvalgarður var til forna sjálfstæð jörð og lá undir Þingeyraklaustur. Síðar var land jarðarinnar talið með Kaldranalandi sem hálf jörðin en hið forna Kaldranaland var ávallt bændaeign.“ (ÖSHK: 8). Í Jarðabók Á. M. og P. V. segir: „Hualgardur, forn eyðijörð í heimalandi skamt frá heimajörðunni; enginn veit að hjer hafi búið verið, en ljós eru hjer byggíngamerki af tóftarústum og garðaleifum. Munnmæli eru að þetta eyðiból hafi áður verið sá helmíngur heimajarðarinnar, sem nú liggur undir klaustrið. Ekki má hjer aftur byggja, því túnið, sem áður hefur verið, er nú blautamýri.“ (JÁM VIII: 479). Í Föðurtúni segir: „Austan við Rekavatn, milli Kaldrana og Hafna, er ævafornt eyðibýli, Hvalgarður. Þess er getið í rekaskrám Þingeyraklausturs og talið með eyðijörðum þess í Sigurðarresgistri 1525. Sennilega hefur það ekki verið byggt síðan, en greinilega sér fyrir því.“ (FT: 19-20).


*Mynd 36. Túngarður er fyrir miðri mynd og liggur hann til vnv í átt að Rekavatni. Horft er til vesturs.*

**Kaldrani-18**
**Sérheiti:** Hvalgarður
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Fornbýlið Hvalgarður liggur í brekkunni austur af Rekavatni um 300m suður af Kaldrana. Túngarður liggur umhverfis býlið að austan og sunnan og er bæjarhóll innan hans auk fleiri tófta sem liggja við túngarðinn.
**Lýsing**
Garðurinn er greinilegur að austan og sunnan en horfinn að norðan og vestan en hugsanlegt er að það hafi aldrei verið garður að vestan en að suður og norðurhlið hafi náð að Rekavatni. Garðurinn er alls um 220m á lengd og mesta hæð hans um 80sm en breidd mest um 2m. Hann er útfallinn, algróinn mosa og lyngi og hlaupinn í þúfur. Brekkan ofan við garðinn er þurr en túnið innan hans er blaut mýri.

**Kaldrani-19**
**Sérheiti:** Hvalgarður
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Staðhættir**
Syðst í túninu á Hvalgörðum, um 75m ssv af bæjarhólnum, suður undan túngarðinum eru þrjár tóftir, samsíða.
**Lýsing**
Óvíst er hvort tóftirnar séu allar frá sama tímabili en tóftin er miðjunni er greinilegust. Tóftirnar liggja norður/suður og er mosi og lyng í veggjum sem eru jarðsokknir og þýfðir. Vestast er tóft 5,5x2,5m að innanmáli, veggur eru ógreinilegir, mest um 45sm á hæð. Tóftin sem liggur fyrir miðju virðist vera tvískipt, hún er vel greinileg. Innanmál er í heild 2-3x8,5m og er hún nokkuð breiðari til suðurs. Mesta breidd veggja er um 45sm og hæð um 30sm. Norðurhluti hennar sker túngarðinn, en stærstur hluti hennar er þó sunnan garðsins. Austan hennar er þriðja tóftin, hún er 1x3m að innanmáli, veggir mest um 40sm á hæð.



*Mynd 37. Lengst til vinstri er útihúsatóft við túngarð en til hægri er bæjarhólinn á Hvalgörðum. Í baksýns sést í bæjarhólinn á Kaldrana.*

**Kaldrani-20**
**Sérheiti:** Hvalgarður
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tóft liggur austan við túngarðinn 30m suður af bæjarhólnum.
**Lýsing**
Hún er tvískipt og liggur norður/suður og virðist túngarðurinn mynda vesturvegg tóftar. Hún er tvískipt og er syðra hólfið um 8x2,2m að innanmáli. Austurveggur tóftar er um 1,5m að breidd, og eru veggir um 40sm háir. Norðan við eru veggir grennri eða um 40sm breiðir og 30sm háir. Nyrðri tóftin liggur um 20sm hærra en syðri tóftin og er innanmál hennar 2x3m.

**Kaldrani-21**
**Hlutverk:** Heystæði
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 35m suður af túngarðinum á Hvalgarði er tóft, líklega heystæði.
**Lýsing**
Tóftin er um 2x10m að utanmáli og snýr nálega norður/suður. Hæð veggja að utan eru um 40sm en 15-20sm að innan. Hún virðist vera tvískipt. Tóftin er algróin, grasi, mosa og lyngi í veggjum. Torf í tóftina virðist hafa verið tekið vestan við hana þar sem er um 2x8m niðurgröftur.

**Kaldrani-22**
**Hlutverk:** Mógröf
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Mýrin milli Kaldrana og Hafnaár heitir Kaldranamýri. Syðst í Kaldranamýri, skammt frá vatninu, voru mógrafir, notaðar frá öllum bæjunum.“ (ÖSHK: 8). Umtalsverðar mógrafir eru á suðausturbakka Rekavatns.
**Lýsing**
Nyrðra mógrafarsvæðið er um 35x25m að utanmáli og ná mest um 1m á dýpt.

**Kaldrani-23**
**Hlutverk:** Mógröf
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Mýrin milli Kaldrana og Hafnaár heitir Kaldranamýri. Syðst í Kaldranamýri, skammt frá vatninu, voru mógrafir, notaðar frá öllum bæjunum.“ (ÖSHK: 8). Umtalsverðar mógrafir eru á suðausturbakka Rekavatns.
**Lýsing**
Syðra mógrafarsvæðið er mest um 114m á lengd og 50m breitt. Mesta dýpt er um 1m.

**Kaldrani-24**
**Hlutverk:** Mótóft
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Umtalsverðar mógrafir eru á suðausturbakka Rekavatns og tvær mótóftir eru á milli mógrafarsvæðanna tveggja.
**Lýsing**
Nyrðri mótóftin er frekar hóll heldur en tóft er nokkuð há, um 60sm, ferhyrnd um 1,2x2m að utanmáli og engin veggjalög eru greinileg. Hún er rofin að framan, til vesturs.

**Kaldrani-25**
**Hlutverk:** Móþurrkun/Geymsla
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Umtalsverðar mógrafir eru á suðausturbakka Rekavatns og tvær mótóftir eru á milli mógrafarsvæðanna tveggja.
**Lýsing**
Sunnar er dökkgrænn hóll um 4x3m að utanmáli og um 70-100sm hár, óveruleg veggjalög eru ofan á honum.




**Kaldrani-26**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 86m austan við Hafnaá sem skilur lönd Kaldrana og Hafna er tóft.
**Lýsing**
Hún er 2,5x5,5m að innanmáli og snýr hún nálega austur/vestur. Veggir eru um 110sm breiðir og 40-60sm háir. Dyr eru um 1m á breidd og snúa mót norðri.

**Kaldrani-27**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir og lýsing**
Vörður eða lágar manngerðar hleðslur eru á melbrúninni ofan Hvalgarðs, vestan þjóðvegar. Nyrst er smá grjóthleðsla þar sem nokkrir steinar liggja saman í hrúgu. Hæð mest um 30sm en utanmál um 1x1m.

**Kaldrani-28**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir og lýsing**
Önnur hleðslan liggur vestan við stóra fuglaþúfu og er um 80x120sm að utanmáli. Hleðslan er lág (um 10sm) aðeins einfalt lag af steinum sem eru þéttraðaðir saman.

**Kaldrani-29**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir og lýsing**
Þriðja hleðslan að sunnan er nálega hringlaga um 1,8x2m að ummáli og um 20sm há.

**Kaldrani-30**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir og lýsing**
Sunnan við hleðslu nr. 29 er lág grjóthleðsla um 1,5x1,5m og 20sm há.

**Kaldrani-31**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Rúmlega 460m norðaustur af bæjarhólnum á Kaldrana, um 25m vestan þjóðvegar er varða.
**Lýsing**
Hún er um 60x80sm að grunnmáli og um 30sm á hæð. Hún er gróin neðst og er hleðslan hálfhrunin.

**Kaldrani-32**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Á sjávarbrún, um 560m norðaustur af bæjarhólnum á Kaldrana, rúmlega 80m norðvestan þjóðvegar er varða.
**Lýsing**
Varðan er hálfhrunin, um 30sm há og 60x80sm í ummál.




**Kaldrani-33**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rúmlega 460m norðaustur af bæjarhólnum á Kaldrana, neðan eða vestan þjóðvegar er varða og í hvammi norðan hennar tóft, líklega stekkjartóft.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og myndar brekkan norðaustur og austurvegg hennar. Hún er hlaðin úr grjóti og sér í hleðslur en að öðru leyti er tóftin lyngi gróin. Hæð veggja er um 30sm og breidd um 50sm. Tóftin liggur norðvestur/suðaustur. Króin er til suðausturs um 2x1,5m að innanmáli og réttin er um 2x4m að innanmáli.

**Kaldrani-34**
**Hlutverk:** Kofi
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rúmlega 460m norðaustur af bæjarhólnum á Kaldrana, neðan eða vestan þjóðvegar er varða og í hvammi norðan hennar tóft, líklega stekkjartóft og norðan við hana eru tvær litlar kofatóftir.
**Lýsing**
Tóftirnar eru báðar um 30x30sm að innanmáli. Hlutverk er óþekkt en hugsanlegt er að þarna hafi verið leikstaður barna, gullabú.

**Kaldrani-35**
**Hlutverk:** Kofi
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rúmlega 460m norðaustur af bæjarhólnum á Kaldrana, neðan eða vestan þjóðvegar er varða og í hvammi norðan hennar tóft, líklega stekkjartóft og norðan við hana eru tvær litlar kofatóftir.
**Lýsing**
Tóftirnar eru báðar um 30x30sm að innanmáli. Hlutverk er óþekkt en hugsanlegt er að þarna hafi verið leikstaður barna, gullabú.

**Kaldrani-36**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Vegur
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Austur frá Kaldrana eins og leið liggur eru tveir urðarhólar allháir, heitir sá stærri Strýta þar fyrir austan tekur við sléttur melur ekki stórgrýttur og ber nafnið Skeiðmelur. Sjónarhóll í Múla er upp af Skeiðmel hér um bil í há-austur. Á honum er varða úr hellum. Gamli reiðvegurinn liggur um Skeiðmel og þaðan upp á Sjónarhólsflesjur en yfir Múlann liggur vegurinn að sunnan inn í lægð, sem heitir Kerlingarklauf og síðan nokkurn

veginn beina sjónhending út að merkjum, við Rauðalæk.“ (ÖSHK: 9-10). Gamli vegurinn liggur austan við þjóðveginn norðaustur af Kaldrana.

**Lýsing**

Vegurinn var lagður í kringum 1930-1933 af Kvenfélaginu Heklu og er minnisvarði við veginn. Grjóthleðslur eru í köntum vegarins sem er um 1,5m á breidd og hefur hann verið grjóthreinsaður.

**Kaldrani-37**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Rúmlega 500 m norðaustur af bæjartóftum á Kaldrana og um 50m austur af gamla veginum [nr. 38] er varða.

**Lýsing**

Varðan stendur á lágum strýtumynduðum hól og er um 45sm há, grjóthrúga og ef varðan hefur einhvern tímann verið hlaðin er hún nú fallin. Grunnmál hennar e r um 60x80sm.




**Kaldrani-38**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Upp af Selvík, austast á Selvíkurtanga, nyrst í Kaldranalandi eru greinileg mannvirki og mannvist. Minjarnar eru innst á tanganum austanvert og liggja á sjávarbrún og brýtur sjórinn stöðugt af þeim. Ein tóft er þarna og er hún nyrst þeirra mannvistarleifa sem fundust á nesinu.

**Lýsing**
Tóftin er nánast hringlaga, veggir eru ávalir og mynda bolla ofan í tóftina um 70sm djúpur. Hún er 9x6m að utanmáli. Veggur að utan til austurs er rofinn og sér í móöskulag í rofinu. Innbrún veggja er einnig nokkuð rofin. Grjót sést í veggjum inní tóftinni en að öðru leyti er hún gróin. Útveggur mót norðaustri er rofinn og í rofinu er greinileg grjóthleðsla en ekki sjást önnur mannvistarlög.
**Aðrar upplýsingar**
Í Árbók Ferðafélagsins frá 2007 segir: „Norðan á Digramúla er sléttur, gróinn hjalli, Baskivellir, Baskavellir eða Berkisvellir, nafnið hugsanlega tengt erlendum sjómönnum af suðlægum ströndum (HE: 10). Engar heimildir hafa fundist um tilurð örnefnisins og því óvíst hvort að það tengist



*Mynd 38. Tóft [nr. 38] er fyrir miðri mynd og stendur Guðmundur Stefánsson í einni af holunum þar aftan (norðan) við. Til hægri sést í rof sjávarbrúnina þar sem greinilegar mannvistarleifar eru. Horft er til norðurs, Múlaey til hægri.*

**Kaldrani-39**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Upp af Selvík, austast á Selvíkurtanga, nyrst í Kaldranalandi eru greinileg mannvirki og mannvist. Norðan við tóft þá sem skráð er nr. 38 eru fjórar holur. Hlutverk þeirra og aldur er óviss en í einhverjum þeirra er grjót í botni og virðist hugsanlegt er þar hafi verið einhvers konar eldstæði.
**Lýsing**
Holan sem liggur lengst til vesturs er 2x2m að þvermáli og er hún 40sm djúp í miðju. Óvíst er um hlutverk og aldur.

**Kaldrani-40**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Upp af Selvík, austast á Selvíkurtanga, nyrst í Kaldranalandi eru greinileg mannvirki og mannvist. Norðan við tóft þá sem skráð er nr. 38 eru fjórar holur. Hlutverk þeirra og aldur er óviss en í einhverjum þeirra er grjót í botni og virðist hugsanlegt er þar hafi verið einhvers konar eldstæði.
**Lýsing**
Norðan við tóftina eru fjórar nánast hringlaga holur. Nyrsta holan er stærst um 3x2,5m að utanmáli og um 50sm djúp í miðju. Grjót og leifar af brenndum við eru í holunni. Óvíst er um hlutverk og aldur.



*Mynd 39. Á myndinni sjást holur sem skráðar eru nr. 40-41-42. Í baksýns sést í rof í sjávarbakkann þar sem mannvistarleifar, móaska og þykk kolalög sjást í sniði. Horft er til suðurs.*

**Kaldrani-41**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Upp af Selvík, austast á Selvíkurtanga, nyrst í Kaldranalandi eru greinileg mannvirki og mannvist. Norðan við tóft þá sem skráð er nr. 38 eru fjórar holur. Hlutverk þeirra og aldur er óviss en í einhverjum þeirra er grjót í botni og virðist hugsanlegt er þar hafi verið einhvers konar eldstæði.
**Lýsing**
Norðan við tóftina eru fjórar nánast hringlaga holur. Nyrðri holan til austurs er um 2m í þvermál og um 20sm djúp í miðju. Óvíst er um hlutverk og aldur.

**Kaldrani-42**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Upp af Selvík, austast á Selvíkurtanga, nyrst í Kaldranalandi eru greinileg mannvirki og mannvist. Norðan við tóft þá sem skráð er nr. 38 eru fjórar holur. Hlutverk þeirra og aldur er óviss en í einhverjum þeirra er grjót í botni og virðist hugsanlegt er þar hafi verið einhvers konar eldstæði.
**Lýsing**
Norðan við tóftina eru fjórar nánast hringlaga holur. Syðri holan til austurs er um 2,5m í þvermál og um 30-40sm djúp í miðju. Óvíst er um hlutverk og aldur.

**Kaldrani-43**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Mannvistarlög
**Lýsing**
Mannvistarlög eru í rofbrúnum meðfram sjávarbakkanum á Selvíkurtanga austanverðum, austan við minjar þær sem skráðar eru nr. 38-42. Þar sjást greinileg og nokkuð þykk móösku- og kolalög. Mannvistarlögin benda til að um einhverskonar mannabústaði sé að ræða, líklega tengdum sjósókn frá tanganum.


*Mynd 40. Á myndinni eru kolalög (dökk) og móaska (bleikt) ofan við gjóskulag (hvítt) H1104.*

**Kaldrani-44**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Mannvistarlög
**Lýsing**
Mannvistarlög eru í rofbrúnum meðfram sjávarbakkanum á Selvíkurtanga austanverðum, austan við minjar þær sem skráðar eru nr. 38-42. Þar sjást greinileg og nokkuð þykk móösku- og kolalög. Mannvistarlögin benda til að um einhverskonar mannabústaði sé að ræða, líklega tengdum sjósókn frá tanganum.

**Kaldrani-45**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Við vegslóðann sem liggur inn að Selvatni 250-400m austan við þjóðveginn sem liggur ofan Kaldrana eru þrjár vörður og götur á milli þeirra, að líkindum reiðgötur. Tvær nyrstu vörðurnar og reiðgöturnar liggja austan við vegslóðann en syðsta varðan liggur vestan hans.
**Lýsing**
Nyrsta varðan er lágreist, hrunin og vart meira en nokkur grjót sem hrúgað hefur verið saman. Hluti grjótsins er stuðlaberg. Ummál er rúmlega 1x1m og hæð er um 20-25sm.

**Kaldrani-46**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Við vegslóðann sem liggur inn að Selvatni 250-400m austan við þjóðveginn sem liggur ofan Kaldrana eru þrjár vörður og götur á milli þeirra, að líkindum gamlar reiðgötur. Tvær nyrstu vörðurnar og reiðgöturnar liggja austan við vegslóðann en syðsta varðan liggur vestan hans.
**Lýsing**
Varðan í miðið er nokkuð meiri um sig en nyrsta varðan. Hún er um 1x1,5m að ummáli og um 30-40sm á hæð en hrunin.

**Kaldrani-47**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Við vegslóðann sem liggur inn að Selvatni 250-400m austan við þjóðveginn sem liggur ofan Kaldrana eru þrjár vörður og götur á milli þeirra, að líkindum gamlar reiðgötur. Tvær nyrstu vörðurnar og reiðgöturnar liggja austan við vegslóðann en syðsta varðan liggur vestan hans.
**Lýsing**
Syðsta varðan er stærst og umfangsmest hún er um 60sm á hæð og um 3m að þvermáli. Gróið er að vörðunni en nánast umhverfi hennar að öðru leyti gróðursnautt.

**Kaldrani-48**
**Hlutverk:** Óþekkt, naust?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Vestan við suðurenda Selvatns er tóft á vatnsbakkanum, tæplega 80m suðvestur af sumarbústaðnum við vatnið.
**Lýsing**
Tóftin nnv/ssa og er opin til ssa í átt að vatninu. Veggir eru rofnir og fremur illa farnir. Stórt grjót liggur í nnv enda tóftar og sér þar í torf- og grjóthleðslur í rofi. Veggur til nna er að stórum hluta rofinn í burtu. Tóftin virðist gömul, gróin lyngi eins og umhverfi hennar. Breidd veggja er um 80sm og mesta hæð 45sm. Vegna nálægðar við vatnið er hugsanlegt að þarna hafi verið geymdur bátur til róðra á vatninu.







**Kaldrani-49**
**Hlutverk:** Óþekkt, naust?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Við suðurenda Selvatns er tóft, tæplega 10m frá vatnsbakkanum..
**Lýsing**
Tóftin liggur norðaustur/suðvestur og erum 5,5x5m að utanmáli. Vegghæð er mest um 40sm en víðast um 15sm, breidd veggja er um 110sm. Grjót sést á nokkrum stöðum í tóft. Dyr gætu hugsanlega verið á langvegg mót norðvestri en þar er veggur rofinn. Vegna nálægðar við vatnið er hugsanlegt að þarna hafi verið geymdur bátur til róðra á vatninu.

## *Hafnasel*

Í örnefnaskrá segir: „Skammt fyrir norðan Selvatn endar Digrimúli og syðsti hluti hans heitir Múlahaus. Selfell er allstórt fell suðaustan við Selvatn. Hæsti hóllinn á fellinu heitir Sjónarhóll. Norðvestan við Selfell skammt frá syðri enda Selvatns er hóll, Rauðshóll […]. Skammt fyrir sunnan hólinn er lægð austur í fellið úr Selflánni. Í henni eru rústir Hafnasels, er það lítil tóft.“ (ÖSHK: 10). Um 900m suðaustur af suðurenda Selvatns í grasigrónu mýrardragi með lynggróna móa á sitthvora hönd eru hins vegar umfangsmiklar tóftir. Tvær tóftaþyrpingar eru í draginu, önnur að norðan en hin að sunnan og rennur lækur á milli þeirra. Auk þess eru nokkrar stakar tóftir. Efri tóftaþyrpingin er sunnanvert í draginu og snýr eins og dragið norðvestur/suðaustur. Nyrðri tóftaþyrpingin liggur upp á lyngi grónum móa norðan við dragið. Tóftirnar eru grónar mosa og lyngi og virðast gamlar, veggir eru nánast allir hlaupnir í þúfur alveg eða að hluta. Líklega hefur Hafnasel verið á þessum stað, þótt hér séu mun umfangsmeiri minjar en hægt er að tengja einu seli. Munnmæli eru um býli að nafni Efri-Kaldrani og er það vafalítið tengt þessum minjum.




**Kaldrani-50**
**Sérheiti:** Hafnasel/Efri-Kaldrani
**Hlutverk:** Sel, híbýli og útihús
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Staðhættir**
Nyrðri tóftaþyrpingin af tveimur liggur upp á lyngi grónum móa norðan við mýrardrag.
**Lýsing**
Suðaustast í þyrpingunni er tóft 2,5x4m að innanmáli, hugsanlega rétt. Veggir eru algrónir mosa og lyngi. Hæð veggja er mest um 45sm og breidd þeirra um 100sm.

Norðvestan réttarinnar er tóft sem virðist vera af fjárhúsum með garða fyrir miðju. Hún er 4x7m að innanmáli, algróin nema hvar sér í grjót í suðausturhorni tóftar. Veggir eru hæstir um 30sm og garði, eða milliveggur um 80sm á breidd. Veggir eru mjög hrundir, breiðastir um 130sm og víða sér í grjót í tóftinni. Dyr snúa mót norðvestri um 30sm breiðar.
Sunnan við fjárhústóftina er lítil tóft 2x1,7m að innanmáli. Hæð veggja er um 40-60sm og breidd þeirra um 80sm. Hún er gróin grasi, lyngi og mosa. Engar dyr eru greinanlegar.
Sunnan við hana er önnur lítil tóft 1,3x1,3m að innanmáli. Veggjahæð er um 15-40sm en veggur til suðvesturs er rofinn.
Vestan hennar er tóft 1,3x4m að innanmáli með dyr mót suðvestri. Veggjahæð er um 50sm og breidd um 100sm. Tóftin er gróin grasi, lyngi og mosa en það sér i grjót í vegg.
Vestast er tóft, hugsanlega tvískipt því önnur lítil tóft norðan við hana, hugsanlega útihús með heytóft eða hlöðu. Tóftin er 2,5x1,2m og breidd veggja um 100sm en hæð um 50sm. Veggir til norðvesturs eru rofnir. Dyr snúa til suðvesturs. Nyrðri tóftin er 1,8x0,5m að innanmáli, veggir eru um 30sm háir og breidd veggja er um 40sm. Tóftirnar eru allar grónar mosa og lyngi og virðast gamlar, veggir eru nánast allir hlaupnir í þúfur alveg eða að hluta.

**Kaldrani-51**
**Sérheiti:** Hafnasel/Efri-Kaldrani
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Beint norðan við nyrðri tóftaþyrpinguna er nálega ferhyrnd tóft.
**Lýsing**
Hún er 2x4,5m að innanmáli með dyr á suðvesturhorni. Tóftin er algróin lyngi og mosa og er nálega ekkert gras í henni. Hæð veggja er um 60sm, veggir eru rofnir og nokkuð þýfðir. Breidd veggja er um 70sm. Tóftin liggur nálega austur/vestur.

**Kaldrani-52**
**Sérheiti:** Hafnasel/Efri-Kaldrani
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Beint suður af nyrðri tóftaþyrpingunni er tóft sem liggur nálega austur/vestur.
**Lýsing**
Veggir eru um 15sm háir og 80sm breiðir, liggja í hálfboga út frá brekkunni en norðurvegg virðist vanta. Tóftin er algróin.

**Kaldrani-53**
**Sérheiti:** Hafnasel/Efri-Kaldrani
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rúmlega 10m sunnan við nyrðri tóftaþyrpinguna er lítil tóft, sunnan til í draginu. Sunnan við lækinn sem rennur niður dragið á milli tóftaþyrpinganna.
**Lýsing**
Tóftin er byggð upp undir brekku og snýr samsíða henni í austur/vestur. Hún er gróin grasi, lyngi og mosa í veggjum. Fjárgata sker tóftina þvera upp við brekkuna. Hún er 1,3x1,6m að

innanmáli. Veggir eru hæstur um 30-40sm og breidd um 50-80sm. Lækur rennur norðan við tóftina.

**Kaldrani-54**
**Sérheiti:** Hafnasel/Efri-Kaldrani
**Hlutverk:** Sel, híbýli og útihús
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Staðhættir**
Syðri og austrari tóftaþyrpingin stendur ofar í landinu en hin en er þó sunnanvert niður í draginu sjálfu.
**Lýsing**
Tóftirnar virðast gamlar en eru þó ekki jarðsokknar, grasi grónar og er ljónslöpp í veggjum. Níu tóftir eru í þyrpingunni. Veggir eru breiðastir um 100sm og veggir hæstir um 70sm. Átta tóftanna eru vel greinilegar en sú níunda er óljósari sökum þess hve mikið er af þúfum í henni. Tóftaþyrpingin liggur norðvestur/suðaustur og byrjar lýsingin til norðvesturs en þar eru samliggjandi tvær tóftir sú vestari 1,5x3m að innanmáli. Milliveggur er rúmlega 1m á breidd og er austari tóftin 2x3m að innanmáli. Dyr eru á báðum tóftum og snúa mót norðvestri.
Suðaustan við þær er tóft sem ekki eru greinanlegar dyr á. Hún er 1,5x2,5m að innanmáli.
Austan hennar er tóft sem er 2,5x2m að innanmáli og eru dyr á henni mót norðvestri.
Suðaustur af henni eru tvær tóftir, sú stærri er 3,5x1,5m að innanmáli, þær eru samliggjandi og sameiginlegar dyr eru til norðurs.
Óljósa tóftin sem talað er um að framan liggur lengst til suðausturs. Hún er tæplega 4x2m að innanmáli og liggur norðaustur/suðvestur. Ekki eru greinanlegar dyr á henni.
Syðst eru tvær tóftir og eru dyr sameiginlegar á henni mót suðri. Vestari tóftin er 4,5x1,5m að innanmáli en sú austari er nokkuð minni 2x1,5m að innanmáli. Tóftirnar eru ekki dæmigerðar fyrir seltóftir og virðist sem þarna hafi á einhverjum tíma verið nokkuð umfangsmikil starfsemi og að líkindum hefur verið búið þarna á einhverjum tíma. Ekki fundust þó garðlög umhverfis tóftirnar sem bendir til að ekki hefur verið gerður þarna túngarður sem gæti bent til að ef búseta hefur verið á selinu hafi hún aðeins verið tímabundin. Hugsanlega er komið þarna býlið sem lifir í munnmælum og nefnt er Efri-Kaldrani.

**Kaldrani-55**
**Sérheiti:** Hafnasel/Efri-Kaldrani
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Syðst og vestast í slakkanum niður í mýrardragið, rúmlega 40m suðvestur af syðri tóftaþyrpingunni eru tvennar tóftir og liggja báðar nna/ssv.
**Lýsing**
Austari (efri) tóftin er 5x1,5m að innanmáli og snúa dyr mót ssv. Veggir eru mikið sokknir um 30-40sm háir og um 1,2m breiðir með ávölum brúnum. Norðurendi nær upp í þýfða lyngmóa en suður endinn hallar niður í mýrardragið. Lítil tjörn er um 1m neðan (vestan) við.

**Kaldrani-56**
**Sérheiti:** Hafnasel/Efri-Kaldrani
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Syðst og vestast í slakkanum niður í mýrardragið, rúmlega 40m suðvestur af syðri tóftaþyrpingunni eru tvennar tóftir.
**Lýsing**
Vestari tóftin er fremur óljós og sokkin, 7,5x5,5m að utanmáli. Veggir eru um 2m á breidd og nokkuð þýfðir að norðan og austan. Aðrir veggir eru ógreinilegri og minni um sig en þó greinanlegir. Tóftin er gróin og virðast vera dyr á henni mót suðri.

**Kaldrani-57**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Suðaustan við Selvatn er Selfell og efst á því er varða 2x2m að grunnmáli og um 1m á hæð. Gróið er að vörðunni en að öðru leyti er umhverfi ógróið.



*Mynd 41. Varða á Selfelli. Horft er til norðvesturs.*

**Kaldrani-58**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Tæplega 100m suðvestur af bæjarstæðinu á Kaldrana er steinhleðsla.
**Lýsing**
Hleðslan er 120x140sm að umáli og um 30sm há. Hugsanlega grjót sem hreinsað hefur verið uppúr túninu og kastað þarna í hrúgu.

## *Minjar sem fundust ekki eða voru ekki skráðar á vettvangi*

**Kaldrani-59**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Um 330m ssv af bæjarhólnum í Hvalgörðum er tóft.
**Lýsing**
Tóftin var ekki skráð á vettvangi en hún er vel greinileg á loftmynd. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur, um 7x13,5m á lengd og hafa dyr að líkindum verið til norðvesturs.

**Kaldrani-60**
**Hlutverk:** Gata
**Tegund**: Heimild

**Staðhættir**
Í úttekt á bænum á Kaldrana frá 1831 segir: „Við skipti á túni ræður hjallgata frá sjó til bæjar merkjum, en frá bæ til garðs ræður merkjum syðri lækjarfarvegur."
**Lýsing**
Göturnar sáust ekki í túni Kaldrana þegar skráð var sumarið 2008. Þarna gæti átt við sömu götu og skráð er nr. 63.

**Kaldrani-61**
**Hlutverk:** Brunnhús
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Í úttekt á bænum á Kaldrana frá 1831 segir: „Við skipti á túni ræður hjallgata frá sjó til bæjar merkjum, en frá bæ til garðs ræður merkjum syðri lækjarfarvegur.# Fylgir eftir þeim fyrri skiptum suðurparturinn kóngseigninni en sá norðari bændaeigninni. Af parti túnsins sem er milli þess gamla lækjarfarvegs og þar sem nú fellur lækur eftir túninu frá brunnhúsi, og kölluð er þrætutunga, hafa báðir notað til helminga, en nú kemur undir húsbændur að segja um hvört vera skal eins og verið hefur eða þrætutungan fylgi að öllu suðurpartinum, því óviðkomandi, sem ekki þekkja hvar mest er töðufall af túninu, sýnast jöfnust skipti að nefnd þrætutunga skiptist suðurpartinum, og það uppástendur bóndi Friðrik en bóndi Stefán vill ei af sleppa, eftir áðurnefndum samningi."
**Lýsing**
Töluvert var skráð af minjum innan túns á Kaldrana en óvíst er hvort einhverjar þeirra séu leifar brunnhús.

**Kaldrani-62**
**Sérheiti:** Hesthúsþúfur
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Syðsti partur túnsins heitir Grundir, svo kemur Barnabali, fyrir neðan götuna. Fyrir neðan hann er nokkuð stórt stykki, sem áður var þýft, Hesthúsþúfur. Það nær hér um bil út að götu þeirri, sem liggur frá bænum ofan að fjárhúsunum." (ÖSHK: 9).
**Lýsing**
Töluvert er af tóftum innan túns á Kaldrana. Óvíst er hvort einhver þeirra sé hesthús það sem Hesthúsþúfur eru nefndar eftir.

**Kaldrani-63**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund**: Gata
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Syðsti partur túnsins heitir Grundir, svo kemur Barnabali, fyrir neðan götuna. Fyrir neðan hann er nokkuð stórt stykki, sem áður var þýft, Hesthúsþúfur. Það nær hér um bil út að götu þeirri, sem liggur frá bænum ofan að fjárhúsunum." (ÖSHK: 9).
**Lýsing**

Ekki sáust neinar greinilegar götur niður að fjárhústóftunum og að líkindum er gróið yfir þær. Þarna gæti átt við sömu götu og skráð er nr. 59

**Kaldrani-64**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Skammt suður frá syðri Selvatnsenda er tjörn neðst í Selflá, Faxatjörn. Úr henni rennur lækur í Hafnaá, sem Faxalækur heitir og endar þar Hvalgarðsland. Melbrún sú fyrir norðan Kaldranaflóa, er áður getur er kölluð Litlubrekkur, fyrir framan hana er Kaldranaflói frá norðri til suðurs, tilheyrði allur Hvalgarði. Fyrir norðausturhorni flóans er varða á brekkunum, en fyrir sunnan þær er hávaði austast í flóanum, Enni.“ (ÖSHK: 8).
**Lýsing**
Varðan fannst ekki við vettvangsskráningu í júlí 2008.

**Kaldrani-65**
**Hlutverk:** Grjótbyrgi
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Lækur nafnlaus rennur milli Faxatjarnar og Selvatns (Sellækur er þar einnig). Frá merkjum að norðan milli Hvalgarðs og Kaldrana liggja víðlendar urðir frá norðri til suðurs, sem heita Selvatnsurðir. Á þeim er lítið byrgi úr grjóti, Grjótbyrgi.“ (ÖSHK: 9).
**Lýsing**
Grjótbyrgið fannst ekki við skráningu 2008.

**Kaldrani-66**
**Sérheiti:** Heygarðseyri
**Hlutverk:** Tjaldstaður
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Norður af Engjakrók suðv. í Selvatnsurðum eru Króksbreiðar, en Urðarblettir í miðjum urðunum. Þar er Heygarðseyri efri norðan við ána. Þar var tjaldstaður. Þar fyrir framan kemur slægjublettur, Votihvammur.“ (ÖSHK: 9).
**Lýsing**
Heygarðseyri var ekki skráð sumarið 2008.

**Kaldrani-67**
**Sérheiti:** Bjarneyri
**Hlutverk:** Tjaldstaður
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Norður af Engjakrók suðv. í Selvatnsurðum eru Króksbreiðar, en Urðarblettir í miðjum urðunum. Þar er Heygarðseyri efri norðan við ána. Þar var

tjaldstaður. Þar fyrir framan kemur slægjublettur, Votihvammur. Fyrir neðan hann er eyri, tjaldstaður, Bjarnareyri ." (ÖSHK: 9).
**Lýsing**
Bjarnareyri var ekki skráð sumarið 2008.

**Kaldrani-68**
**Sérheiti:** Tjaldhóll
**Hlutverk:** Tjaldstaður
**Tegund**: Heimild
**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „Austan við Sjónarhól eru hólar, sem liggja út og suður austan í fellinu, Hrossabeinshólar. Fyrir sunnan Selfell heitir „Milli fella" að Svínafelli. Þar er hóll Tjaldhóll [...]" (ÖSHK: 10).
**Lýsing**
Tjaldhóll var ekki skráður sumarið 2008.

**Kaldrani-69**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund**: Varða
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Austur frá Kaldrana eins og leið liggur eru tveir urðarhólar allháir, heitir sá stærri Strýta, þar fyrir austan tekur við sléttur melur ekki stórgrýttur og ber nafnið Skeiðmelur. Sjónarhóll Múla er upp af Skeiðmel hér um bil í há-austur. Á honum er varða úr hellum." (ÖSHK: 9).
**Lýsing**
Varðan var ekki skráð á vettvangi sumarið 2008.

**Kaldrani-70**
**Sérheiti:** Kofahóll
**Hlutverk:** Kofi
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Skammt fyrir norðan Selvatn endar Digrimúli og syðsti hluti hans heitir Múlahaus. Selfell er allstórt fell suðaustan við Selvatn. Hæsti hóllinn á fellinu heitir Sjónarhóll. Norðvestan við Selfell skammt frá syðri enda Selvatns er hóll, Rauðshóll [...]. Skammt fyrir sunnan hólinn er lægð austur í fellið úr Selflánni. Í henni eru rústir Hafnasels, er það lítil tóft. Fyrir framan Hafnasel er hóll vestan í fellinu, Kofahóll [...] " (ÖSHK: 10).
**Lýsing**
Engar minjar fundust þarna við vettvangsskráningu í júlí 2008.

**Kaldrani-71**
**Sérheiti:** Breiðgatnavegur
**Hlutverk:** Leið
**Tegund**: Gata
**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „Norðurhornið á Digramúla rís nokkuð hátt. [...] Sléttir fletir, sem lægra liggja norðan undir há-Múlahausnum, hafa verið kallaðir Bæskisvellir

[…]. Upp af þeim er Bæskisvallagren í Múlanum. Annar vegur var sunnar um Múlann miðjan og nálægt slakka í honum, hét hann Breiðagatnavegur.“ (ÖS: 10).

**Lýsing:**

Breiðgatnavegur fannst ekki á vettvangi sumarið 2008.

**Aðrar upplýsingar:**

Í örnefnaskrá segir: „Sá sem fór hann fyrstur og bjó til nafnið hét Guðmundur Björnsson og bjó í Víkum.“ (ÖS: 10).

## Samantekt

Alls voru skráðar á vettvangi 271 fornleif á jörðunum þremur, Tjörn, Höfnum og Kaldrana, þar af voru 25 minjar horfnar og 17 fundust ekki eða voru ekki skráðar á vettvangi.

| | Fjöldi fornleifa | Horfnar minjar | Óstaðsettar | Horfnar/óstaðsettar minjar |
|---|---|---|---|---|
| Tjörn | 73 | 18 | 6 | 33% |
| Hafnir | 127 | 6 | 1 | 6% |
| Kaldrani | 71 | 0 | 11 | 15% |
| **Alls:** | **271** | **24** | **18** | **15%** |

## *Fornleifar í landi Tjarnar*

Heildarfjöldi skráðra fornleifa á Tjörn er 73, þar af voru 18 minjar ekki sýnilegar á yfirborði þótt staðsetning þeirra væri kunn. Í einu tilfelli fundust ekki minjar sem heimild er fyrir enda staðsetning þeirra óljós og óvíst hvort þær sjást á yfirborði.[64] Þá voru 5 staðir ekki skoðaðar á vettvangi.[65]

Minjarnar á Tjörn eru blanda af hefðbundnum landbúnaðarminjum frá 19. og 20. öld og minjum tengdum útgerð s.s. leifum sjóbúða, þurrabúða auk smábýla frá ýmsum tímum þar sem fólk hefur hafst við með lítinn búskap um lengri eða skemmri tíma. Flestar minjarnar í heimatúninu hafa verið sléttaðar eða eru farnar undir núverandi byggingar. Steinsteypt fjós stendur á gamla bæjarstæðinu og steypt fjárhús eru á sama stað og eldri fjárhús stóðu áður, tvö önnur fjárhús hafa verið sléttuð út við framkvæmdir. Túngarðurinn er þó enn vel uppistandandi á kafla umhverfis gamla túnið að norðan og suðaustan.

Heimildir eru um a.m.k. sex býli í vestanverðu Tjarnarlandi, en minjar þriggja þeirra enn sýnilegar út við ströndina, þar sem þær eru í hættu vegna landbrots.

Austan til í landi Tjarnar eru eldri minjar og í betra ástandi. Upp við Laxárvatn eru auk torfhlaðinnar réttar frá 20. öld nokkur fjöldi afar fornra minja, hugsanlega sels eða útstöðvar af einhverju tagi.

Austur á heiðinni er Tjarnarsel, gamalt selstæði frá Tjörn og býli um tíma. Þar eru umfangsmiklar minjar á fjórum stöðum.

### *Minjar í hættu*

*Minjum í landi Tjarnar stafar helst hætta af landbroti við strandlengjuna vestast á jörðinni, þar eru þrjú bæjar- eða búðastæði sem eru að meira eða minna leyti í hættu, alls 13 skráðar minjar og þar af tvær sem nú þegar hafa orðið fyrir töluverðum skemmdum. Auk þess eru þrjú býli í heimatúni Tjarnar sem verða að teljast í hættu vegna jarðræktar, alls sex skráðar minjar. (Hættumat fyrir einstakar minjar er í hnitatöflunni aftast í skýrslunni).*

[64] Þetta er Tjarnarbúð (nr. 23).

[65] Þetta eru vatnsból sem búið er að þurrka upp (nr. 49), smalakofi fram á heiði (nr. 69), landamerkjasteinn og varða (nr. 70 og71) og auk þess einn þjóðsagnastaður (nr. 72).

***Áhugaverðar minjar***

- Fyrir sögu byggðar á hverjum stað er aldur meintra mannabústaða alltaf áhugaverður. Óljósar heimildir eru um aldur flestra þurrabúða og fornbýla í landi Tjarnar en með könnunarskurðum og/eða borkjarnasýnum má fá upplýsingar um aldur þeirra og þróun byggðar á svæðinu.

- Minjar við Laxárvatn – Hin meinta nautarétt austan við Klittarétt/Tjarnarrétt er afar áhugaverð til rannsóknar sem og fornlegar tóftir austur af henni. Þarna virðist geta verið um útstöð af einhverju tagi að ræða, hugsanlega mannabústaðir og fjós, einnig getur hugsast að þarna hafi verið hafst við um lengri eða skemmri tíma við veiðar í vatninu og ám.

- Á Tjarnarseli var búið um tíma á 18. öld og selstaða frá Tjörn fyrir það. Þar er fjöldi minja í fallegu umhverfi sem gerir staðinn að áhugaverðum áfangastað fyrir ferðafólk.

## *Fornleifar í landi Hafna*

Heildarfjöldi skráðra fornleifa á Höfnum er 127, þar af sjö sem ekki voru lengur sýnilegar á yfirborði[66].

Minjarnar á Höfnum eru mest minjar um sjósókn frá ýmsum tímum, verbúðir og naust meðfram sjávarsíðunni norðan og norðaustan til í landi jarðarinnar, en einnig hefðbundnar landbúnaðarminjar inn á milli. Minjar í heimatúninu hafa flestar horfið við túnsléttun, þar á meðal gamli bæjarhóllinn sem er norðan við núverandi íbúðarhús. Vestan við túnið eru óhreyfðar tóftir myllu og norður við sjó eru fleiri en ein hugsanlega stekkjartóft við svonefndan Stekkjarhól. Nátthagi er þar nokkru sunnar og allangt til vesturs eru stór fjárhús út við sjó vestan við Kólkunes. Mikill fjöldi sjóminja, verbúða, nausta og hjalla er meðfram allri sjávarsíðunni. Þéttustu minjasvæðin eru á Kólku- og Hjallanesi, í Innri-Þrándarvík og á Rifi.

Í Innri-Þrándarvík virðast flestar minjanna geta verið frá 18.-20. öld, en lengi var útræði var frá Innri-Þrándarvík og sjóbúðir.

Rif var áður sjálfstæð jörð og þar er því blanda af sjóminjum og hefðbundnum landbúnaðarminjum, túngarður, fjárhús og stekkur. Minjarnar virðast flestar frá 18.-20. öld, en heimildir eru fyrir byggð á Rifi svo snemma sem á seinni hluta 13. aldar.

Hafnasel er upp við Selvatn á heiðinni suðaustur af bæ á Höfnum. Af umfangi minjanna á þessum stað er ekki ólíklegt að þar hafi verið búið á einhverjum tíma þótt engar heimildir séu um það.

***Minjar í hættu***

*Alls eru 79 minjar í hættu í landi Hafna allar út við strandlengjuna norðan og austanvert í landi Hafna. Mestmegnis eru þetta minjar um sjósókn af einhverju tagi, naust og verbúðir en auk þess ein fjárhús og tveir hugsanlegir stekkir. Stór hluti þessara minja hefur þegar orðið fyrir töluverðum skemmdum vegna landbrots en aðrar eru í fyrirsjáanlegri hættu (Hættumat fyrir einstakar minjar er í hnitatöflunni aftast í skýrslunni).*

[66] Það eru: Brunnur nr. 3; heimreið nr. 4, útihús nr. 5, 7 og 8; Ullarlaut (þvottastaður) nr. 11; og Hafnarkot nr. 124.

sama tíma helstu hagsmunaaðilar sem nýtt geta skráningarnar hvort sem það er til kynningar í tengslum við ferðaþjónustu eða til að forðast óþarfa rask á fornleifum sem haft getur í för með sér töluverðan kostnað og tafir á framkvæmdum. Þurfi að fara í framkvæmdir sem fyrirsjáanlegt er að gætu haft áhrif á fornleifar ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins, sem veitir þá ráðgjöf og sér um eftirlit með framkvæmdunum ef þurfa þykir.

Þrátt fyrir að skráningu fornleifa sé lokið og staðsetning minja kunn er nauðsynlegt að hafa í huga að minjar geta leynst neðanjarðar þótt þær sjáist ekki á yfirborði. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.

### *Áhugaverðar minjar*

- Öll strandlengjan í landi Hafna er áhugaverð til rannsókna og kynningar. Þar má búast við minjum frá fyrstu öldum byggðar í landinu og þar hafa verið einhver umsvif líklega óslitið allt til 20. aldar. Ástand minjanna er þó misjafnt, en stór hluti þeirra hefur orðið fyrir skemmdum af völdum landbrots, auk þess sem veggir flestra tófta eru fallnir og grónir.
- Af umfangi minjanna á Hafnaseli er ekki ólíklegt að þar hafi verið búið á einhverjum tíma þótt engar heimildir séu um það. Hafnasel er auk þess áhugaverður áfangastaður fyrir ferðafólk í fallegu umhverfi.

## *Fornleifar í landi Kaldrana*

Heildarfjöldi skráðra fornleifa á Kaldrana er 71, þar af voru 11 minjar sem fundust ekki á vettvangi.[67]

Minjarnar á Kaldrana eru mest hefðbundnar búsetuminjar frá ýmsum tímum. Minjar í heimatúninu eru að mestu óhreyfðar og sjást víða tóftaleifar, sumar hverjar mjög gamallegar. Síðustu bæjarhúsin eru óhreyfð en þó að hluta til hrunin. Beitarhús frá 20. öld eru á sjávarkampi neðan við bæinn og eldri fjárhús í norðurhluta túnsins. Tveir fremur heillegir túngarðar umlykja heimatúnið, sá innri úr torfi og hinn ytri grjóthlaðinn.

Sunnan við Kaldrana er fornbýlið Hvalgarður. Elstu heimildir um það eru frá ofanverðri 13. öld en staðurinn fór í eyði á fyrri hluta 16. aldar og virðist ekki í byggð eftir það. Engu hefur verið raskað á þessum stað og eru þarna vel greinilegar tóftir og túngarður.

#### *Minjar í hættu*

*Beitarhúsin neðan við bæinn eru í mikilli hættu af ágangi sjávar og hafa þegar orðið fyrir miklum skemmdum. Grjóthlaðinn kofi við norðurenda túngarðsins er einnig í hættu vegna ágangs sjávar. Öðrum minjum stafar helst hætta af ágangi búfjár, en bæjarhúsin hafa þegar orðið fyrir nokkrum skemmdum af þeim sökum (Hættumat einstakra minja er að finna í hnitatöflu aftast í skýrslunni).*

### *Áhugaverðar minjar*

- Heimatún og bæjarstæði Kaldrana er áhugavert til kynningar og hefur verið gert aðgengilegt ferðamönnum með skilti við veginn.

- Hvalgarður er sömuleiðis einkar áhugaverður staður, en þar eru heillegar minjar að líkindum ekki yngri en frá fyrri hluta 16. aldar.

# Niðurlag

Skráning fornleifa er mikilvægur þáttur í öllu skipulagi, hvort sem um er að ræða verklegar framkvæmdir eða skipulag landssvæða til ræktunar. Fornleifaskráning bætir sögu jarðanna og getur verið ábúendum jafnt sem almenningi til fróðleiks og vakið áhuga fólks á nærumhverfi sínu og sögu. Ábúendur eru auk þess þeir sem helst koma að framkvæmdum á jörðunum og á

[67] Það eru: Leið nr. 61, 64 og 71; brunnhús nr. 62, hesthús nr. 63, vörður nr. 65 og 69; grjótbyrgi nr. 66; tjaldstaður á Heygarðseyri nr. 67 og annar á Bjarneyri nr. 68 og loks kofi nr. 70.

# Fylgiskjöl

## Heimildaskrá

**JÁM VIII -** Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 8. bindi. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn 1926.

